SIGRÚN ÁSTA HARALDSDÓTTIR

*Góður knapi laðar fram gæðinginn í hestinum*

• heilsa • heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR

*Á síðum slúðurblaðs í Suður-Ameríku*

Sambandið við Jude Law vekur enn athygli

FÓLK 34




FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki INTERIORS



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. mars 2007 — 71. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


# Samfylking líklegust til að missa fylgi til nýrra flokka

**Framboð aldraðra og öryrkja og hægri grænna hefði helst áhrif á atkvæði Samfylkingarinnar byðu þau fram í alþingiskosningum. Fáir kjósendur Sjálfstæðisflokksins telja líklegt að þeir myndu kjósa hægri græna.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Kjósendur Samfylkingar væru líklegastir til að láta framboð öryrkja og aldraðra og hægri grænna hafa áhrif á sitt atkvæði byðu þau fram. Sjálfstæðismenn kysu frekar framboð aldraða og öryrkja en hægri grænna en eru ólíklegastir til að breyta atkvæði sínu vegna nýrra framboða. Kjósendur Samfylkingar hallast helst að framboði aldraðra og öryrkja. Framboðin taka líklega töluvert af óákveðnu fylgi.

Rúm tíu prósent segja frekar líklegt eða mjög líklegt að það breyti afstöðu þeirra til þess hvaða stjórnmálaafl þeir kjósi í komandi kosningum ef hægri grænt framboð undir forystu Ómars Ragnarssonar og Margrétar Sverrisdóttur býður fram. Tæp þrettán prósent segja líklegt eða frekar líklegt að það breyti afstöðu þeirra til þess hvaða stjórnmálaafl þeir kjósi ef framboð aldraðra og öryrkja býður fram í þeirra kjördæmi.

Ef samsetning þeirra rúmlega tíu prósenta sem telja líklegt að framboð aldraðra og öryrkja hafi áhrif er skoðað sést að 14,3 prósent kysu annars vinstri græn; 10,4 prósent Samfylkinguna; 7,8 prósent Sjálfstæðisflokkinn; 5,2 prósent Frjálslynda flokkinn og 2,6 prósent Framsóknarflokkinn.

Ef samsetning þeirra tæplega þrettán prósenta sem telja líklegt að framboð hægri grænna hafi áhrif er skoðað kemur í ljós að 11,6 prósent hefðu annars stutt Samfylkinguna og jafnstór hópur hefði annars stutt Sjálfstæðisflokk; 10,5 prósent væru annars stuðningsfólk Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs. Kjósendur Framsóknar og frjálslyndra skera sig úr hér og myndar hvor hópur fyrir sig innan við fimm prósent af öllum þeim sem telja líklegt að framboð aldraðra og öryrkja breyti afstöðu sinni fyrir kosningar.

- shá / sjá síðu 4

## ÞRIÐJUDAGUR

### Flytur til Finnlands



Eiríkur Örn Norðdahl ætlar að setjast að í Helsinki. Hann gengur að eiga sænska unnustu sína í sumar.

FÓLK 34

### Samið um skilnaðinn



Paul McCartney borgar Heather Mills tæpa fjóra milljarða króna svo hægt sé að ganga frá skilnaði þeirra.

FÓLK 26

### Að slá sig til riddara

„Það er óþolandi að stjórnmálamenn hyggist slá sig til riddara og sýna hvað þeir eru „töff“ með því að krefjast þess að samið sé um ákvæði í stjórnarskránni í fljótheitum rétt fyrir kosningar,“ skrifar Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 18

### Deilt um aðferðir



Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, segir Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfara kvenna í handknattleik, leggja of mikið á leikmenn.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR Í KVÖLD** - Í dag verður hæg breytileg átt en suðaustan 13-18 m/s sunnan og vestan til í kvöld. Þykknar smám saman upp með rigningu eða slyddu í kvöld á landinu sunnan- og vestanverðu. Hiti 0-6 stig, mildast syðst.






**BANDARÍKJAFORSETI Í LAGERSTÖRFUM** George Bush, forseti Bandaríkjanna, tók til hendinni í grænmetisverslun í þorpinu Chirijuyu í Gvatemala í gær. Forsetinn hefur að undanförnu gert víðreist um Suður-Ameríku og heimsótt fjölda landa. Bush hefur á ferðalagi sínu lagt áherslu á að styrkja tengsl við þá leiðtoga sem eru hallir undir Bandaríkin. NORDIC PHOTOS/AFP

Moody´s endurskoðar vinnubrögð í kjölfar mikillar gagnrýni erlendra aðila:

# Bankaeinkunnir gætu lækkað

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Moody´s hefur ákveðið að fara yfir aðferðafræði fyrirtækisins og ætlar að kynna niðurstöður næsta föstudag. Líkur eru taldar á að lánshæfiseinkunnir íslensku bankanna lækki. Moody´s hefur legið undir verulegri gagnrýni alþjóðlegra aðila á fjármálamarkaði eftir að fyrirtækið hækkaði um marga flokka langtímalánshæfismat fjölmargra banka um miðjan febrúar. Íslensku bankarnir fóru í hæsta flokk (Aaa). Hafa hlutabréf matsfyrirtækisins lækkað.

Fremstir í flokki gagnrýnenda hafa verið Royal Bank of Scotland og Dresdner Kleinwort sem telja fráleitt að íslensku bankarnir séu settir á sama stall og bankar sem njóta mun hærri einkunnar fyrir fjárhagslegan styrk, til dæmis ABN Amro og Handelsbanken. Viðskiptabankarnir þrír hafa einkunnina C fyrir fjárhagslegan styrkleika.

Í vegvísi Landsbankans í gær er vísað til símafundar Moody´s þar sem fram kom að líkur séu fyrir hendi að einkunnir íslensku bankanna verði lækkaðar um einn til tvo flokka, niður í Aa1 eða Aa2. Það eru þó hærri einkunnir en bankarnir höfðu fyrir síðustu endurskoðun Moody´s. Einnig er mögulegt að núverandi einkunnir haldist óbreyttar en horfur verði lækkaðar í neikvæðar úr stöðugum.

Álag á skuldatryggingar (CDS) íslensku bankanna hækkaði um fjóra til fimm punkta í gær og er um fimm punktum lægra en það var fyrir endurskoðun Moody´s í febrúar. Lækkun varð á hlutabréfum í Landsbankanum (-1,5%) og Glitni (-0,36%). Hins vegar hækkaði gengi Kaupþings um 0,39 prósent og stóð í sögulegu hámarki í 1.044 krónum á hlut.

- eþa

Óvenjulegt brúðkaup:

## Gekk að eiga lík

**INDLAND Tulsi Devipujak, indversk kona í Gujarat-fylki, krafðist þess á dögunum að fá að giftast unnusta sínum þrátt fyrir að hann væri liðið lík. Lík mannsins var brennt nokkrum mínútum eftir giftinguna. Maðurinn lést þegar hann féll ofan í brunn stuttu eftir að þau trúlofuðu sig. Lögreglumaður sem þekkti til segir konuna hafa klæðst brúðarkjól og síðan skipt strax yfir í sorgarklæðin. ■**

Lagasetning í Danmörku:

## Danir fresta reykingabanni

**DANMÖRK** Reykingabanni sem átti að taka gildi á opinberum sem almennum vinnustöðum í Danmörku um næstu mánaðamót hefur verið frestað fram í ágúst. Meirihluti þingmanna á danska þinginu samþykkti fyrir áramót að styðja frumvarp um reykingabann. Frumvarpið hefur þó ekki verið lagt fram en ráðgert er að afgreiða málið fyrir sumarið. ■


Ennþá til miðar í stæði




Vandaðar fermingargjafir

ORMSSON

## SPURNING DAGSINS



*Atli, ferðu aldrei út að leika þér?*

„Jú, til þess er Gameboy... Atari Lynx... og Sega Game Gear.“

Atli Viðar Þorsteinsson er forfallinn leikjatölvuáhugamaður og á alls níu stykki. Hann eignaðist fyrstu leikjatölvuna þegar hann var sjö ára.

Bresk og írsk stjórnvöld þrýsta á leiðtoga á Norður-Írlandi um stjórnarmyndun:

# Engar afsakanir lengur gildar

**BELFAST, AP** „Engar afsakanir geta lengur verið fyrir því að ná ekki samkomulagi,“ sagði Peter Hain, Norður-Írlandsmálaráðherra bresku stjórnarinnar, í Belfast í gær, daginn áður en nýkjörið heimastjórnarþing kemur saman á Norður-Írlandi.

Bæði hann og Dermot Ahern, utanríkismálaráðherra Írlands, lögðu ríka áherslu á að mótmælendur og kaþólskir mynduðu stjórn á Norður-Írlandi. Ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu lengur. Takist það hins vegar ekki innan tveggja vikna verði heimastjórnarþingið leyst upp.

„Allir gengu til kosninga vitandi þetta frá upphafi, að þeir yrðu að koma sér saman,“ sagði Hain.



**IAN PAISLEY BROSIR BREITT** Harðlínumenn bæði mótmælenda og kaþólskra sigruðu í þingkosningunum á Norður-Írlandi á föstudag. Nú verða þeir að mynda stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

það að fresturinn rynni út 26. mars,“ sagði Ahern og sakaði mótmælendur, sem ekki vilja hlíta þessum fresti, um að vilja frekar „pólitískt getuleysi“ heldur en pólitísk völd.

Sigurvegarar þingkosninganna á Norður-Írlandi, sem haldnar voru á miðvikudag í síðustu viku, voru harðlínuflokkar bæði mótmælenda og kaþólskra, annars vegar Lýðræðislegi sambandsflokkurinn og hins vegar Sinn Fein.

Fyrir tveimur árum féllst Írski lýðveldisherinn, IRA, á að afvopnast og nú í byrjun þessa árs féllst Sinn Fein á að starfa með norður-írsku lögreglusveitunum, þótt þær verði áfram í höndum mótmælenda. - gb

Ófyrirleitin og tilefnislaus árás:

## Barði konu og nefbraut hana

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir að ganga í skrokk á konu og berja hana í andlitið. Hún nefbrotnaði og fékk mikla áverka í andliti og á líkama. Einnig fékk hún heilahristing og þjáðist af minnisleysi.**

**Maðurinn viðurkenndi sök greiðlega fyrir dómi, sem taldi árás hans á konuna að öllu tilefnislausa og ófyrirleitna. Maðurinn hafði áður gerst sekur um ölvunarakstur og var þá sviptur ökuréttindum í átján mánuði.**

**Refsing hans nú var skilorðsbundin, en honum gert að greiða sakarkostnað.** - jss



**LOUISE ARBOUR** Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mannréttindabrot í Darfúr:

## Hörð gagnrýni á Súdansstjórn

**GENF, AP Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna gagnrýndi í gær stjórnvöld í Súdan vegna mannréttindabrota í Darfúr-héraði. Í harðlega orðaðri skýrslu, sem birt var í gær, segir ráðið að Sameinuðu þjóðirnar verði að grípa til ráðstafana til að vernda íbúa héraðsins gegn hernaði á hendur þeim, sem kostað hefur 200 þúsund manns lífið og stjórnin í Súdan er sögð bera ábyrgð á.**

**Óvenjulegt þykir að nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna taki jafn afdráttarlaust til orða. Stjórnin í Súdan ætlar að svara þessari gagnrýni í dag þegar fulltrúi hennar ávarpar Öryggisráðið.** - gb

# Auðlindaákvæðið er pólitísk yfirlýsing

**Forsætisráðherra segir nýju auðlindaákvæði stjórnarskrárinnar vera ætlað að árétta fullveldisrétt þjóðarinnar yfir sameiginlegum auðlindum. Stjórnarandstaðan gerir margvíslegar athugasemdir við ákvæðið, tilurð þess og meðferð.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra mælti fyrir frumvarpinu sínu og Jóns Sigurðssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um breytingu á stjórnarskránni í gær. Ákvæðið gerir ráð fyrir að náttúruauðlindir skuli vera þjóðareign.

Geir sagðist algjörlega ósammála því mati sumra að ákvæðið sé merkingalaust. Sagði hann meginmarkmið þess að árétta fullveldisrétt þjóðarinnar yfir sameiginlegum auðlindum. Væri tilgangurinn að renna styrkari stoðum undir lög um auðlindastýringu. „Hér er því ekki um nein niðurnjörvuð eignarréttindi að ræða heldur miklu fremur pólitíska stefnuyfirlýsingu sem áréttar fullveldisrétt ríkis og þjóðar yfir þeim auðlindum á íslensku forræðissvæði sem ekki lúta eignarrétti annarra og að þær skuli nýttar með heildarhagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi,“ sagði Geir í ræðu sinni í þinginu.

Gagnrýni þingmanna stjórnarandstöðunnar beindist jafnt að innihaldi frumvarpsins sem tilurð þess. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði meðal annars að Geir og Jón hefðu ekki reynt að ná samstöðu



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra mælir fyrir auðlindafrumvarpinu. Meðflutningsmaður hans er Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

milli allra flokka um málið og að auki kæmi það til meðferðar á lokadögum þingsins. Lítið ráðrúm væri því til að fjalla um tillöguna. Í yfirlýsingu þingflokks Samfylkingarinnar eru vinnubrögð stjórnarflokkanna sögð hroðvirknisleg.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, andæfði sömu vinnubrögðum og sagði einsdæmi að formenn tveggja stjórnmálaflokka legðu fram snöggsoðna breytingartillögu við stjórarskipunarlög undir þinglok. Spurði hann Geir og Jón hvort þeim væri virkilega alvara með að málið yrði afgreitt fyrir þinglok.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, lýsti því mati sínu á frumvarpinu að sér sýndist því vera ætlað að festa í sessi óbein eignarréttindi útgerðarmanna yfir aflaheimildum. Á slíkt gæti hann ekki fallist og lagði því til að í stjórnarskránni stæði með skýrum hætti að þjóðareign mætti ekki selja eða láta varanlega af hendi.

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði málið sögulegt og mikilvægt enda aðdragandi þess áralangur.

bjorn@frettabladid.is

### FLOKKSFORMENN FJALLA UM BREYTTA TILLÖGU STJÓRNARSKRÁRNEFNDAR

Formenn stjórnmálaflokkanna hafa tillögu stjórnarskrárnefndar að breytingu á 79. grein stjórnarskrárinnar til umfjöllunar. Breytingin lýtur að því hvernig eftirleiðis skuli staðið að breytingum á stjórnarskránni. Geir H. Haarde forsætisráðherra upplýsti á Alþingi í gær að hann hefði gert breytingar á upphaflegri tillögu nefndarinnar og náist samstaða sé frumvarps að vænta.

Ölvaðir og dópaðir ökumenn:

## Fjöldi óhæfra ökumanna

**LÖGREGLUMÁL** Átján ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu um helgina og tveir fyrir að aka undir áhrifum lyfja.

Flestir ökumannanna voru teknir í Reykjavík, þrettán talsins, tveir í Kópavogi, tveir í Garðabæ og einn í Hafnarfirði.

Á vefsíðu lögreglunnar kemur fram að af ökumönnunum voru fjórtán karlmenn og fjórar konur. Karlarnir eru flestir á þrítugs- og fertugsaldri en þrír eru undir tvítugu. - kdk

Frumvarp afturkallað:

## Vatnsréttindum ekki afsalað til Landsvirkjunar

**STJÓRNMÁL** Ekkert verður af því að ríkið afsali vatnsréttindum og landi vegna Búrfellsvirkjunar til Landsvirkjunar á því þingi sem nú starfar. Geir H. Haarde forsætisráðherra afturkallaði í gær frumvarp þess efnis.

Frumvarpið var lagt fram í þinginu í vetur öðru sinni og var til meðferðar í allsherjarnefnd þegar forsætisráðherra afréð að afturkalla það.

Málið hlaut talsverða gagnrýni stjórnarandstöðu í fyrstu umræðu enda stefndi frumvarpið að því að breyta þjóðlendu í eignarland. Slíkt mál hafði ekki komið til þingsins fyrr. - bþs

### EVRÓPUSÖNGVAKEPPNIN

**Fimmti á svið**

Eiríkur Hauksson, sem syngur fyrir Íslands hönd í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva í ár, verður fimmti á svið í undankeppninni sem fram fer í Helsinki í Finnlandi. Búlgarar verða fyrstir á svið, þá Ísraelar, Kýpurbúar, Hvít-Rússar og svo Eiríkur.

### STJÓRNMÁL

**Vestfirðir ræddir í ríkisstjórn**

Bágt atvinnuástand á Vestfjörðum verður rætt á fundi ríkisstjórnarinnar í dag. Forsætisráðherra upplýsti það á Alþingi í gær þegar hann var inntur eftir viðbrögðum við ályktun íbúafundar sem haldinn var á Ísafirði á sunnudag.


BÍLL DAGSINS
CHEVROLET LACETTI
Nýskr. 05.05 - Beinskiptur - Ekinn 14 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Komst við illan leik aftur í land og bjargaði kerru og bíl:

# Lífróður í Stokkseyrarhöfn

**BJÖRGUN** Halldór Jónsson, rafvirki á Eyrarbakka, komst við illan leik á land eftir að flóðbylgja skolaði honum og bíl hans á haf út á föstudag. Tildrög atviksins voru þau að hann fór ásamt félaga sínum niður á höfnina á Stokkseyri til að koma böndum á flotbryggju sem losnað hafði úr festum í miklu hafróti en tveir bátar voru bundnir við hana.

„Rétt eftir að við vorum búnir að koma böndum á hana kom fylla, eða flóðbylgja, sem hefði rifið bryggjuna út á haf ef við hefðum ekki verið nýbúnir að festa hana. Við vildum ná bátunum á land en urðum að bíða sökum sjógangs. Um eitt leytið virtist höfnin nokkuð kyrr og því ákváðum við að láta til skarar skríða,“ segir Halldór.

Halldór bakkaði bíl sínum út á bryggjuna með kerru sem flytja átti bátana á. „Ég fer úr bílnum og tek í stefnið til að stýra bátnum upp á kerruna en þá kemur þessi rosalegi brimskafli og við það hækkar sjávarboðið og ég fer út í sjó,“ segir Halldór sem var svo heppinn að afturhleri bílsins var opinn og náði hann því að svamla inn í bílinn.

„Þegar ég ætlaði að taka af stað kom þriðja fyllan og útsogið rífur okkur út á haf. Ég komst upp á toppinn í gegnum gluggann og leið eins og ég væri á eyðieyju,“ segir Halldór og viðurkennir að hann hafi fyllst vonleysi á þeirri stund.

Það varð honum til happs að í sama mund og hann tók að berast frá landi kom slökkviliðsmaður staðarins á vettvang og tókst honum að koma taug til Halldórs. Halldór forðaði sér þó ekki af staðnum heldur kom tauginni á kerruna sem fest var við bílinn og náðu þeir að koma tækjunum á þurrt. „Það er nú bara róinn lífróður við að verða á undan seltunni og bjarga því sem eftir er af bílnum,“ segir Halldór sem ekki varð meint af volkinu. - kdk



**Á HAF ÚT MEÐ ÚTSOGINU** Halldór komst út um þakgluggann. Hann segir upplifunina hafa verið eins og hann væri á eyðieyju. FRÉTTABLAÐIÐ/REYNIR MÁR SIGURVINSSON

www.toyota.is

# 16 BÍLAR SEM HAFA SANNAÐ SIG SEM SANNKALLAÐIR GÆÐA- OG ÚRVALSBÍLAR



**Toyota RAV4** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 07.04 Ekinn: 36.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. KF503



**MMC Pajero V-6 24v** 3500 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.05 Ekinn: 25.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. LV930



**Toyota Avensis W/G** 1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 11.00 Ekinn: 140.000 km
Verð: 790.000 kr. Skr.nr. TX116



**Toyota Corolla W/G** 1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 19.000 km
Verð: 1.730.000 kr. Skr.nr. AM137



**Toyota Land Cruiser 100 VX** 35" Breyttur. 4200 Dísel sjsk.
Á götuna: 09.04 Ekinn: 33.000 km
Verð: 6.490.000 kr. Skr.nr. OY870



**Toyota Land Cruiser 100 VX** 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 05.05 Ekinn: 48.000 km
Verð: 6.190.000 kr. Skr.nr. ZR843



**Toyota Land Cruiser 120 VX** 4700 Bensín sjsk.
Á götuna: 07.04 Ekinn: 40.000 km
Verð: 3.950.000 kr. Skr.nr. DV517



**Chevrolet Lacetti W/G CDX** 1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 45.000 km
Verð: 1.390.000 kr. Skr.nr. JG815



**Toyota Yaris 5 dyra Sol** 1400 Dísel 5 gíra MM
Hlaðinn aukabúnaði
Á götuna: 01.06 Ekinn: 27.000 km
Verð: 1.800.000 kr. Skr.nr. VH307



**Ford C-Max Trend** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 01.06 Ekinn: 13.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Tilboð: 1.950.000 kr.
Skr.nr. LO748



**Peugeot 307 Break W/G** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.03 Ekinn: 49.000 km
Verð: 1.570.000 kr. Tilboð: 1.390.000 kr.
Skr.nr. ED709



**Renault Megane II Scenic** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 07.04 Ekinn: 26.000 km
Verð: 1.790.000 kr. Tilboð: 1.590.000 kr.
Skr.nr. PF331



**VW Passat S/D Comfortline** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 12.05 Ekinn: 15.000 km
Verð: 3.100.000 kr. Skr.nr. VS887



**Hyundai Getz H/B GLS** 1600 Bensín sjsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 3.500 km
Verð: 1.610.000 kr. Skr.nr. YI301



**Mazda 6** 2000 Bensín sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 3.400 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. EX667



**Mazda 3** 1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 03.05 Ekinn: 23.000 km
Verð: 1.560.000 kr. Skr.nr. NZ932

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum 16 betri notaða bíla á sannkölluðum gæða- og úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 36680 03/07

## GENGIÐ 12.03.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,19 | 67,51 |
| Sterlingspund | 130,49 | 131,13 |
| Evra | 88,47 | 88,97 |
| Dönsk króna | 11,874 | 11,944 |
| Norsk króna | 10,917 | 10,981 |
| Sænsk króna | 9,537 | 9,593 |
| Japanskt jen | 0,5685 | 0,5719 |
| SDR | 100,95 | 101,55 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 21,0242

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Snjóflóðahætta er víða á Vestfjörðum vegna ótraustra snjóalaga:

# Hús rýmd í Bolungarvík

**ALMANNAVARNIR** Fjögur íbúðarhús voru rýmd í Bolungarvík í gærmorgun vegna snjóflóðahættu. Snjóalög eru víða óstöðug og mörg minni flóð hafa fallið á norðanverðum Vestfjörðum undanfarna daga, öll utan byggða. Í gærmorgun féll stórt snjóflóð í Hnífsdal en mannvirki sluppu.

Húsin sem voru rýmd í Bolungarvík standa við Dísarland og Traðarland. Tíu hús eru innan hættusvæðis en aðeins er búið í fjórum þeirra. Flest þessara húsa hafa verið seld og til stendur að rífa þau.

Margrét Gunnarsdóttir býr í Dísarlandi 2. Hún fékk símtal rétt fyrir klukkan 10 í gærmorgun um að rýma ætti húsið. „Ég var komin í vinnuna svo þetta breytti ekki miklu,“ segir Margrét sem kveðst vera orðin ansi sjóuð þegar kemur að því að rýma húsið vegna snjóflóðahættu. „Þetta hefur verið svona síðan 1995 og ég held það hafi ekki liðið sá vetur að við höfum ekki þurft að rýma einhvern tímann,“ segir Margrét og bætir því við að þetta taki alltaf svolítið á og sé síður en svo hversdagslegur hlutur.

Ekki er ljóst hvenær íbúarnir fá að snúa aftur til síns heima. Fannfergi er ekki mikið á svæðinu en að sögn veðurstofu er þess beðið að snjóþekjan verði stöðugri. Spáin er góð en búast má við úrkomu í kvöld. -þo



**DÍSARLAND** Tíu hús eru á hættusvæðinu en aðeins er búið í fjórum þeirra. Þau standa við Dísarland og Traðarland. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR

Jafnaðarmenn um Hitler:

## Verði sviptur ríkisborgarrétti

**ÞÝSKALAND Flokksdeild þýskra jafnaðarmanna í Brunswick vill svipta nasistaleiðtogann Hitler ríkisborgararétti.**

**Hitler afsalaði sér austurrískum ríkisborgararétti árið 1925, en fékk ekki borgararétt í Þýskalandi fyrr en árið 1932, þegar nasistar í Brunswick útveguðu honum vinnu sem opinber starfsmaður.**

**Þar með gat Hitler boðið sig fram í forsetakosningum.**

**Ekki hafði hann erindi sem erfiði í þeim slag, en nasistar urðu fljótlega stærsti flokkurinn á þýska þinginu og Hitler varð kanslari árið eftir.**



**VATNAJÖKULL** Fjöldi nýrra starfa verður til með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs.

Vatnajökulsþjóðgarður:

## Störfum fjölgar um 400 til 500

**STJÓRNMÁL** Með tilurð Vatnajökulsþjóðgarðs fjölgar nýjum störfum um um 400 til 500. Um þriðjungur starfanna (130 til 160) verður í nágrenni þjóðgarðsins.

Í garðinum sjálfum verða tólf starfsmenn allt árið um kring og tuttugu landverðir yfir sumarmánuðina.

Þetta kemur fram í svari umhverfisráðherra við fyrirspurn Birkis Jóns Jónssonar, þingmanns Framsóknarflokks, um áætlanir ráðherra um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. - bþs

Starfsmenn Fjarðaráls:

## 1.900 manns eru við vinnu

**IÐNAÐUR Starfsmenn Fjarðaráls hafa aldrei verið fleiri en nú, en þeir voru 1.900 talsins síðastliðinn laugardag. Flestir þeirra eru Pólverjar, eða 70 prósent, Íslendingar eru tæplega 16 prósent og fólk af öðrum uppruna er um 14 prósent starfsmanna.**

**Hámarks starfsmannafjölda hefur nú verið náð og mun haldast óbreyttur fram eftir apríl. Starfsmannabúðirnar voru stækkaðar nýlega um rúmlega 100 herbergi þegar leigður var skáli frá Suðurverki og eru herbergin nú 1.630 talsins. Flestir starfsmenn Fjarðarálsverkefnisins búa því í starfsmannabúðunum en hinir eru að mestu búsettir í Fjarðabyggð og á Fljótsdalshéraði.** - shá

# Áhrif aldraðra og öryrkja meiri en hægri grænna

**Tæplega þrettán prósent segja að framboð öryrkja og aldraðra myndi hafa áhrif atkvæði sitt. Fyrir utan óákveðna kæmu flestir stuðningsmenn frá Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu. Rúm 10 prósent segja framboð Ómars og Margrétar hafa áhrif á sig, flestir stuðningsmenn frá Samfylkingu og Vinstrihreyfingunni.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Rúm tíu prósent segja það frekar líklegt eða mjög líklegt að það breyti afstöðu þeirra til hvaða stjórnmálaafls þeir kjósa í komandi alþingiskosningum ef hægri grænt framboð undir forystu Ómars Ragnarssonar og Margrétar Sverrisdóttur býður fram í þeirra kjördæmi. Af þeim telja tæp fjögur prósent mjög líklegt að slíkt framboð hefði áhrif á afstöðu sína. 84,6 prósent segja ólíklegt að framboðið hefði áhrif á afstöðu þeirra. 92,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Ef afstaða fólks er skoðuð eftir því hvaða flokk það myndi kjósa í kosningum kemur í ljós að 15,4 prósent frjálslyndra telja líklegt að framboðið hefði áhrif á afstöðu þeirra, vel á níunda prósent kjósenda vinstri grænna og Samfylkingar telja það líklegt og 4,3 prósent framsóknarmanna. Framboðið hefði minnst áhrif á kjósendur Sjálfstæðisflokks eða 3,2 prósent. 18,9 prósent óákveðinna telja líklegt að framboðið hafði áhrif á hvernig þeir muni kjósa.

Ef samsetning þeirra rúmlega tíu prósenta sem telja líklegt að framboðið hafi áhrif er skoðað sést að rúmur helmingur þeirra, 51,9 prósent, hefur ekki gert upp hug sinn fyrir kosningar, 14,3 prósent kysu annars Vinstrihreyfinguna - grænt framboð; 10,4 prósent Samfylkinguna; 7,8 prósent Sjálfstæðisflokkinn; 5,2 prósent Frjálslynda flokkinn og 2,6 prósent Framsóknarflokkinn.

Aðeins fleiri, eða tæp þrettán prósent segja það líklegt eða frekar líklegt að það breyti afstöðu þeirra til hvaða stjórnmálaafls þeir kjósi ef framboð aldraða og öryrkja býður fram í þeirra kjördæmi. 78,8 prósent segja ólíklegt að það breyti afstöðu þeirra. 93,9 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Af þeim sem annars hafa gert upp hug sinn eru það kjósendur Samfylkingar sem helst myndu skipta um skoðun eða 12,1 prósent; 11,1 prósent frjálslyndra; 8,9 prósent kjósenda Framsóknarflokks og 8,4 prósent frá vinstri-grænum. Framboð aldraðra og öryrkja hefði minnst áhrif á Sjálfstæðisflokk, og segja 5,9 prósent þeirra sem þegar hafa ákveðið að kjósa Sjálfstæðisflokk að þeir myndu skipta um skoðun. Rúm 19 prósent óákveðinna telja líklegt að framboð aldraða og öryrkja myndi breyta afstöðu sinni.

Ef samsetning þeirra tæplega þrettán prósenta sem telja líklegt að framboðið hafi áhrif er skoðað hefur 41,1 prósent ekki gert upp hug sinn, 11,6 prósent hefðu annars stutt Samfylkingu og jafnstór hópur hefði annars stutt Sjálfstæðisflokk; 10,5 prósent væru annars stuðningsfólk vinstri grænna. Kjósendur Framsóknar og Frjálslynda flokksins skera sig úr hér og myndar hvor hópur fyrir sig innan við fimm prósent af öllum þeim sem telja líklegt að framboð aldraða og öryrkja breyti afstöðu sinni fyrir kosningar.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 10. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. svavar@frettabladid.is

**Ef hægri grænt framboð undir forystu Ómars Ragnarssonar og Margrétar Sverrisdóttur býður fram í þínu kjördæmi, hversu líklegt er að það breyti afstöðu þinni?**




**Ef framboð aldraðra og öryrkja býður fram í þínu kjördæmi, hversu líklegt er að það breyti afstöðu þinni?**




SAMKVÆMT SKOÐANAKÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 10. MARS 2007


## Bókhald I

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl. Námið er metið til eininga.

**Helstu kennslugreinar:**
Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.

Kennsla hefst 20. mars og lýkur 17. maí.
**Morgunnámskeið:** Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl 8.30 - 12.
**Kvöld- og helgarnámskeið:** Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 18-21.30 og laugardaga kl 9 - 12.30.

Lengd: 100 kennslustundir. Verð: 94.000,-
Allt kennsluefni innifalið.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NÆSTA LÆGÐ** Þær gera það ekki endasleppt lægðirnar. Ein stefnir nú að landinu vestanverðu síðdegis í dag. Má búast við að vindur verði á bilinu 13-18 m/s í kvöld vestan til á Suðurlandi og á landinu vestanverðu og hálendinu. Mun hægari vindur verður lengst af norðaustan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG** Hæg suðvestlæg átt í fyrstu. Vaxandi suðaustan átt þegar líður á daginn, 10-13 í kvöld. Skúrir í fyrstu en allmikil rigning um tíma í kvöld. Hiti 2-5 stig, mildast í kvöld.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C hálfskýjað | London | 14°C léttskýjað | Alicante | 18°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 7°C skúrir | París | 15°C skúrir | Mallorca | 16°C léttskýjað |
| Osló | 8°C hálfskýjað | Frankfurt | 14°C heiðskírt | Algarve | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 7°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 16°C hálfskýjað | Krít | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 6°C hálfskýjað | Berlín | 17°C léttskýjað | Las Palmas | 19°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




444 7000
HRINGDU & PANTAÐU

# HUGSAÐU UM FRAMTÍÐINA!

Framtíðarbók Kaupþings er góð fermingargjöf

Framtíðarbók er verðtryggður sparireikningur sem ber hæstu vexti á verðtryggðum reikningum bankans. Innstæðan verður laus til úttektar við 18 ára aldur.

www.kaupthing.is

KAUPÞING
*Hugsum lengra*

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú áhuga á að skipta um banka?*

| | |
|---|---|
| Já | 30,6% |
| Nei | 69,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlar þú að fara til útlanda um páskana?*

Segðu skoðun þína á visir.is — vísir

Góður árangur lögregluhunda við fíkniefnaleit um helgina:

# Fjórar gerðir fíkniefna í tösku

**LÖGREGLUMÁL** Lögregluhundar bentu á ætluð fíkniefni á þremur stöðum í Reykjavík um helgina.

Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fann við hefðbundið eftirlit fjórar tegundir fíkniefna í íbúð í borginni um helgina. Grunur leikur á að efnin hafi verið ætluð til sölu. Lögregluhundur sem hópurinn hafði með sér merkti við umrædda íbúð. Íbúinn reyndist ekki vera heima, en lögreglan sótti hann þar sem hann var að skemmta sér niðri í bæ. Þegar inn í íbúðina var komið sýndi hundurinn tösku þar áhuga. Í henni reyndust vera efni sem talin eru vera marijúana, kókaín, e-töflur og LSD. Lögregluhundur sýndi annarri íbúð í sama húsi mikinn áhuga. Þar reyndust einnig vera fíkniefni innan dyra. Í þriðja húsnæðinu vísaði lögregluhundur einnig á fíkniefni. Þykja hundarnir hafa sannað notagildi sitt enn og aftur þessa helgina.

Í hefðbundnu eftirliti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á föstudag komu upp 15 fíkniefnamál. Farið var í tvær húsleitir og leikur grunur á að eitt af málunum sé sölumál, eins og áður sagði. - jss



**GÖTUHÓPURINN** Hluti afraksturs götuhópsins á einu kvöld.

Skipulagsráð Reykjavíkur:

# Stýró áfram fyrir börnin

**SKIPULAGSMÁL „Mér finnst ábending barnanna um mikilvægi þess að leikvöllurinn fái að vera skiljanleg og réttmæt," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur. Börn í Vesturbænum mótmæltu á föstudag hugmyndum um að byggt verði á leikvellinum Stýró við gamla Stýrimannaskólann.**

**Hanna segir skort á leiksvæðum á þessu svæði. Hún býst við að ríkið, sem á leiksvæðið, sýni málinu skilning og leggur fram tillögu á fundi skipulagsráðs borgarinnar á morgun um að heimild til byggingar á svæðinu verði felld út úr deiliskipulagi. - kdk**


AFA

Aðstandendafélag aldraða

## Aðalfundur

Aðalfundur AFA – Aðstandendafélags aldraða verður haldinn fimmtudaginn 22. mars nk. kl.17.30 í Hraunseli að Flatahrauni 3, Hafnarfirði.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Lagabreytingar.
3. Önnur mál.

**Gestur fundar:**
**Stefán Ólafsson prófessor**

**VÖKNUM og bætum aðstöðu aldraða í dag!**

**www.hjaafa.is**

P&Ó


# Saknæmisskilyrði verði áfram óbreytt

**Saknæmisskilyrðum í samkeppnislögum verður ekki breytt, samkvæmt áliti efnahags- og viðskiptanefndar. Tilraun Sjálfstæðismanna til þess að hafa áhrif á mál gegn forstjórum olíufélaganna misheppnaðist, segir Lúðvík Bergvinsson.**

**STJÓRNMÁL** Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ákvað á fundi sínum í gær að mæla fyrir því að breyta ekki saknæmisskilyrðum í samkeppnislögum í stórfellt gáleysi og ásetning, í stað einfalds gáleysis og ásetnings. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, Pétur Blöndal, formaður nefndarinnar, Birgir Ármannsson og Ásta Möller, höfðu áður lýst sig fylgjandi því sjónarmiði að saknæmisskilyrði yrðu stórfellt gáleysi og ásetningur.

Pétur sagðist hafa sannfærst um að ekki væri hægt að dæma saklausa menn í fangelsi. „Ég hafði efasemdir um að dómurum væri gert að dæma saklausa menn í fangelsi, eins og frumvarpið var sett fram, en talið var að einfalt gáleysi nægði til ákæru. Eftir ábendingar og umræður í nefndinni sannfærðist ég um að það væri ekki inni í myndinni. Þá hefði lagabreyting af þessu tagi getað haft áhrif á mál sem nú eru fyrir dómstólum."

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, segir í skriflegri umsögn til efnahags- og viðskiptanefndar að breytingar á saknæmisskilyrðum muni leiða til „minni refsinga og takmarkaðra varnaráhrifa", eins og orðrétt segir í umsögninni sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Einnig nefnir Helgi Magnús í umsögn sinni að breytingarnar á lögunum gætu mögulega haft áhrif á mál ákæruvaldsins á hendur forstjórum stóru olíufélaganna á árunum 1993 til 2001, Kristni Björnssyni, Einari Benediktssyni og Geir Magnússyni. Héraðsdómur vísaði málinu frá, á þeim grundvelli að ekki væri hægt að refsa einstaklingum fyrir brot á samkeppnislögum, en Hæstiréttur á enn eftir að dæma í málinu. „Komi til sakfellingar í svokölluðu olíumáli sem nú sætir ákærumeðferð fyrir dómstólum mun án efa vera hætta á að heldur verr gangi um sönnun sakar í því máli," segir meðal annars í umsögn Helga Magnúsar en samkvæmt 2. grein almennra hegningarlaga skal dæma eftir þeim lögum sem í gildi eru þegar dómur gengur.



**FRÁ FUNDINUM Í GÆR** Fulltrúar Sjálfstæðisflokks ákváðu að lokum að fallast á að breyta ekki saknæmisskilyrðum í samkeppnislögum. Fulltrúar annarra flokka höfðu ekki áhuga á því að breyta saknæmisskilyrðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**PÉTUR BLÖNDAL**



**LÚÐVÍK BERGVINSSON**

Lúðvík Bergvinsson, einn nefndarmanna og þingmaður Samfylkingarinnar, segir tilraun Sjálfstæðisflokksins til þess að hafa áhrif á olíumálið hafa mistekist. „Það hljóta allir að fagna því að tilraun Sjálfstæðismanna til þess að vega að samkeppnislögunum hafi verið bæld niður, og þar með jafnframt tilraun flokksins til þess að hafa áhrif á mál ákæruvaldsins á hendur forstjórum olíufélaganna."

magnush@frettabladid.is

**NEFNDARMENN**
- Ágúst Ólafur Ágústsson
- Ásta Möller
- Birgir Ármannsson
- Dagný Jónsdóttir
- Jóhanna Sigurðardóttir
- Lúðvík Bergvinsson
- Pétur H. Blöndal
- Sæunn Stefánsdóttir
- Ögmundur Jónasson


VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD



## Kynning á meistaranámi í fjármálahagfræði

Opinn kynningarfundur um meistaranám í fjármálahagfræði verður haldinn miðvikudaginn 14. mars kl. 15.00 í Odda, stofu 101. Allir velkomnir.

Meistaranám í fjármálahagfræði er þriggja missera nám (45 e) sem undirbýr nemendur vel fyrir störf á sviði áhættu-, eigna-, skulda- og fjárstýringa, greiningarvinnu á fjármálamörkuðum og verðlagningar fjármálaafurða.

Umsóknarfrestur um meistaranám við viðskipta- og hagfræðideild er til 15. apríl n.k. Allar frekari upplýsingar um námið og umsóknir á www.vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 36679 03/07



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Orkuveita Reykjavíkur mun bæta tjónið á Sólvallagötu verði það rakið til hennar:

# Ekki ljóst hvað olli flóðinu

**VATNSTJÓN** Ekki er enn ljóst hvað olli því að vatn flæddi inn í bílakjallara við Sólvallagötu 80-84 á laugardagsmorgun. Verði tjónið rakið til stöðvunar í dælustöð Orkuveitu Reykjavíkur mun VÍS, tryggingafélag Orkuveitunnar, bæta tjónið.

„Við höfum verið að fara í gegnum þessa atburðarás og þátt okkar kerfa í henni," segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar. Hann kveðst vona að málið skýrist á næstu dögum. Eldingu sló niður í flutningskerfi Landsnets aðfaranótt sunnudags og varð dælustöð við Ánanaust óvirk um skeið. Talið er að það kunni að hafa valdið flóðinu. Um tvö tonn af vatni flæddu inn í kjallarann. Margir bílar skemmdust auk þess sem munir í geymslum urðu fyrir tjóni. Þá urðu einnig einhverjar skemmdir á húsinu sjálfu. Tjónið hefur ekki verið metið.



**LAGAÐ TIL** Í gær unnu íbúar á Sólvallagötu, iðnaðarmenn og starfsmenn tryggingafélaganna enn að tiltekt eftir flóðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TM tryggir fasteignina við Sólvallagötu. Ólafur Haukur Ólafsson, deildarstjóri eignatjóna hjá TM, segir að fasteignatryggingin taki eingöngu á vatnstjóni þegar lagnir hússins gefa sig. Ef utanaðkomandi vatn veldur tjóni er það ekki bótaskylt. Reynist Orkuveitan stikkfrí er TM því ekki skylt að bæta tjónið á fasteigninni. „Við fórum strax á staðinn og aðstoðuðum íbúa við að bjarga eigum sínum. Þótt ekki sé búið að taka ákvörðun um hver bætir tjónið þá aðstoðum við auðvitað við að koma í veg fyrir meira tjón," segir Ólafur Haukur Ólafsson. - þo




**Við lögum okkur að þínum þörfum**

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

www.spar.is

SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Númer hvað verður verður ný grein stjórnarskrárinnar?
2. Hvað heitir Frakklandsforseti?
3. Hvaða barnaskóla heimsóttu forsetahjónin í gær?

SVÖR Á BLS. 34

Götusmiðjan veitir yngstu fíklunum aðstoð til betra lífs:

# Flestir hefja neyslu 12 til 13 ára

**HEILBRIGÐISMÁL** Flestir þeirra unglinga sem koma í meðferð hjá Götusmiðjunni byrja að nota fíkniefni á aldrinum 12 til 13 ára. Yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem koma í smiðjuna og sem eru yngri en 18 ára koma af höfuðborgarsvæðinu.

Þetta kemur fram í nýútkominni ársskýrslu Götusmiðjunnar fyrir starfsemina 2006. Eins og áður hafði komið fram í Fréttablaðinu eru þess dæmi að börn sem síðar leituðu aðstoðar í Götusmiðjunni hafi einungis verið átta ára þegar þau prófuðu fyrst vímuefni.

Starfsmannamál meðferðarheimilisins voru nokkuð erfið á síðasta ári, að því er fram kemur í skýrslunni. Erfiðlega gekk að fá fagfólk til starfa, sem og aðra hæfa starfsmenn. Oft dreifðist álag á fáa. Ráðgjafar þar sækja sjálfir handleiðslu til fagmanna víðs vegar á Suðurlandi á kostnað Götusmiðjunnar, en að því er segir í ársskýrslunni var minna um alvarleg starfsþrot hjá starfsmönnum heldur en undanfarin ár. - jss

**ALDUR ÞEGAR NEYSLA ER HAFIN***

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 ára | 2,5 | – | – | – | – | – | – |
| 9 ára | – | – | – | – | – | 2 | 1 |
| 10 ára | 2,5 | – – | 5 | 4 | 6 | 4 | |
| 11 ára | 12,5 | 17 | 8 | 26 | 13 | 8 | 7 |
| 12 ára | 22,5 | 30 | 43 | 22 | 30 | 25 | 33 |
| 13 ára | 37,5 | 33 | 17 | 20 | 34 | 37 | 26 |
| 14 ára | 7,5 | 18 | 17 | 20 | 14 | 12 | 20 |
| 15 ára | 7,5 | 1 | 7 | 7 | 5 | 9 | 9 |
| 16 ára | 7,5 | 1 | 8 | – | – | 1 | – |

*Tölurnar eru í prósentum og varða einungis nema Götusmiðjunnar.

Ný bandarísk könnun:

# Mjólk hefur áhrif á frjósemi

**HEILSA** Mikil neysla á fituskertum mjólkurvörum getur aukið líkur á ófrjósemi um allt að 85 prósent, samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn. Þá er hugsanlegt að nýmjólk og óskajógúrt sé betri fyrir konur sem eru að reyna að verða með barni heldur en létt jógúrt eða fjörmjólk sem margar konur á barneignaraldri eru þó líklegri til að taka fram yfir fituríkar mjólkurvörur. Konur sem borðuðu að minnsta kosti einn skammt af fituríkri mjólkurvöru á viku drógu úr líkum á egglostengdri ófrjósemi um 27 prósent. Árið 2002 reyndi þriðja hver kona undir fertugu hér á landi að grennast. - shá

Fimmtán mánaða fangelsi:

# Lúbarði mann í höfuðið með hafnaboltakylfu

**DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í 15 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að lúberja mann með hafnaboltakylfu og berja hann í höfuðið.**

**Málavextir eru þeir að árásarmaðurinn ruddist inn í herbergi fórnarlambsins í Njarðvík. Þegar lögregla var kölluð á vettvang sat sá síðarnefndi á stól, blóðugur á höfði og mjög skelkaður. Árásarmaðurinn stóð hins vegar á bak við hurð, ber að ofan og afar æstur. Fórnarlamb árásarinnar reyndist með talsverða áverka og var fluttur á sjúkrahús í Reykjavík til aðhlynningar.**

**Árásarmaðurinn á að baki sakaferil og var á reynslulausn. Hann játaði skýlaust brot sín fyrir dómi. Voru óafplánaðar eftirstöðvar refsingar fyrri dóms dæmdar með.**

**Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða fórnarlambinu 664 þúsund krónur í miskabætur** - jss

Sundkappar í Eyjum þreyttu Guðlaugssund í 22. sinn:

# Yngsti þátttakandinn var átta ára stúlka

**SUND** Nítján Vestmannaeyingar þreyttu Guðlaugssund í Sundhöll Vestmannaeyja aðfaranótt mánudags. Sundið hefur verið fastur liður í Vestmannaeyjum í 22 ár og er haldið til minningar um þrekraun Guðlaugs Friðþórssonar, sem synti til lands þegar Hellisey Ve 503 fórst suður af Heimaey 11. mars 1984. Fjórir af fimm manna áhöfn fórust en Guðlaugur bjargaði lífi sínu með því að synda til Eyja, rúmar þrjár sjómílur í köldum sjónum.

Friðrik Ásmundsson, fyrrverandi skólastjóri Stýrimannaskólans í Vestmannaeyjum, ræsti sundið klukkan fjögur um nóttina. Nokkrir syntu allt sundið, þ.e. þrjár sjómílur eða 5556 metra, en aðrir skiptu vegalengdinni á milli sín eins og starfsfólk Íþróttamiðstöðvarinnar í Vestmannaeyjum og starfsfólk Glitnis.

Marcin Malinski, sundþjálfari sunddeildar ÍBV, mætti með nokkra af sínum sundköppum til þess að synda Guðlaugssundið. Nokkrir af þeim skiptu sundinu á milli sín, en Sóley Haraldsdóttir, tíu ára gömul, synti allt sundið. Þá synti Hrafnhildur Einarsdóttir hálft Guðlaugssund, en hún var yngst þeirra sem syntu, aðeins átta ára gömul. - þo



**UNGUR KAPPI** Hrafnhildur Einarsdóttir synti hálft Guðlaugssund, tæpa þrjá kílómetra. Hún er aðeins átta ára gömul.



**ÚR MATVÖRUBÚÐUM** Matvöruverð hefur lækkað eðlilega að mati Hagstofunnar en veitingahús hafa að mestu stungið lækkunninni í eigin vasa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Matvörurnar lækka en veitingarnar ekki

## Veitingahúsin hafa ekki lækkað verð nema að litlu leyti eftir að virðisaukaskattur var lækkaður.

**NEYTENDUR** Verð á veitingum hefur ekki lækkað eins mikið og það hefði átt að gera eftir að virðisaukaskatturinn var lækkaður 1. mars síðastliðinn. Þetta kemur fram í tölum sem Hagstofa Íslands hefur tekið saman en verð á veitingum lækkaði um 3,2 prósent eftir 1. mars en hefði átt að lækka um 8,8 prósent, ef lækkun virðisaukaskatts hefði skilað sér að fullu og ekki hefði komið til annarra verðbreytinga.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þessa niðurstöðu vera vonbrigði. „Við höfum látið þau skilaboð ganga héðan til allra sem koma að veitinga- og hótelrekstri að það sé mikilvægt að skila [virðisaukaskatts] lækkuninni til neytenda. Þrátt fyrir að margir hafi lækkað hjá sér verðið þá er greinilegt að það eru ekki nógu margir sem hafa gert það, og það eru vissulega vonbrigði.“

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, gerir þá kröfu að veitingahúsin lækki verð þegar í stað. „Lækkun virðisaukaskattsins var ekki ætluð forsvarsmönnum veitingahúsa heldur neytendum. Það kemur mér afar spánskt fyrir sjónir að ýmsir sem koma að rekstri veitingahúsa, sem opinberlega hafa kvartað yfir háu matvöruverði hér á landi, skuli stinga þessari lækkun í vasa sinn í stað þess að efna gefin loforð. Það er skilyrðislaus krafa neytenda að virðisaukaskattslækkunin skili sér til neytenda.“



**ERNA HAUKSDÓTTIR**



**JÓHANNES GUNNARSSON**

> Það er skilyrðislaus krafa neytenda að virðisaukaskattslækkunin skili sér til neytenda.
>
> **JÓHANNES GUNNARSSON** FORMAÐUR NEYTENDASAMTAKANNA.

Hinn 1. mars lækkaði virðisaukaskattur á flestum matvörum, hitunarkostnaði, afnotagjöldum, bókum og fleiri hlutum, úr fjórtán í sjö prósent. Virðisaukaskattur á sætindum og drykkjarvörum, öðrum en áfengi og veitingum, lækkaði úr 24,5 prósentum í sjö prósent. Fram kemur í tölum Hagstofunnar að verð á mat- og drykkjarvörum hafi lækkað um 7,4 prósent og því hafi virðisaukaskattslækkun skilað sér vel til neytenda.

Vísitala neysluverðs í mars 2007 er 267,1 stig og lækkaði um 0,34 prósent frá fyrra mánuði.

magnush@frettabladid.is


# Aðalfundur Teymis hf. 2007

Stjórn Teymis hf. boðar til aðalfundar félagsins þriðjudaginn 20. mars 2007 kl. 8:30 á Radisson SAS Hótel Sögu, Hagatorgi, Reykjavík.

**Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi mál:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til að kaupa hluti í félaginu samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
9. Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðenda, munu verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað frá kl. 8:00.

Stjórn Teymis hf.

ÍSLENSKA SIA.IS TEY 36594 03/07

# SKJÁREINN VINSÆLASTUR AFTUR OG AFTUR

Samkvæmt nýrri áhorfskönnun Capacent Gallup sýnir SkjárEinn
5 af 10 vinsælustu þáttunum hjá áhorfendum yngri en 50 ára.




ENNEMM / SÍA / NM26605

Síminn

# Aðalfundur Símans 2007

Aðalfundur Símans hf. verður haldinn fimmtudaginn 15. mars 2007 kl. 17.00 á Nordica hotel.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
2. Skýrsla forstjóra um rekstur félagsins og endurskoðaður reikningur fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning löggilts endurskoðanda.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra.
7. Ákvörðun um skiptingu Símans hf.

   i. Skipting A. Tillaga stjórnar Símans hf. um að félaginu verði skipt í samræmi við fyrri skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Í skiptingunni felst að tilteknir eignarhlutar í Símanum hf. og dótturfélögum Símans hf. renna inn í sérstakt hlutafélag, sem verður móðurfélag samstæðunnar, sbr. nánari skýringar í skiptingaráætlun. Samþykktir Símans hf. og hins nýja móðurfélags liggja fyrir.

   ii. Skipting B. Tillaga stjórnar Símans hf. um að félaginu verði skipt í samræmi við seinni skiptingaráætlun, dags. 19. desember 2006, sbr. 133. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Við skiptinguna færast fasteignir félagsins ásamt tilteknum skuldum yfir í sérstakt einkahlutafélag. Þá færist fjarskiptanet félagsins, viðskiptavild því tengd ásamt tilteknum skuldum inn í sérstakt einkahlutafélag, sbr. nánari skýringar í skiptingaráætlun. Samþykktir Símans hf. og viðtökufélaga liggja fyrir.
8. Tillaga félagsstjórnar um að móðurfélag samstæðunnar verði skráð í kauphöll fyrir árslok 2007.
9. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
10. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Gögn vegna skiptingar skv. 7. dagskrárlið hafa legið frammi frá birtingu skiptingaráætlana í Lögbirtingablaðinu, 25. janúar 2007, og eru hluthöfum Símans hf. aðgengileg á skrifstofu félagsins að Ármúla 25, 108 Reykjavík.

Dagskrá fundarins, endanlegar tillögur svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund.

**Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhent hluthöfum á aðalfundardaginn frá kl. 16.00 á fundarstað að Nordica hotel.**

**Stjórn Símans**

800 7000 - siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM26385



MARKAÐURINN

Einfalt mál

með Fréttablaðinu alla miðvikudaga





Lögreglan í vanda vegna tungumálaerfiðleika við yfirheyrslur á Færeyingum:

# Skrifuðu skýrsluna á íslensku

**BAUGSMÁL** Lögreglumenn þurftu að endurtaka yfirheyrslu yfir forsvarsmanni færeysku verslunarkeðjunnar SMS vegna tungumálaörðugleika. Hann var yfirheyrður í kjölfar húsleitar hjá SMS, skömmu eftir húsleit hjá Baugi sem hratt Baugsmálinu af stað.

Áfram var fjallað um Baugsmálið í héraðsdómi í gær. Fram kom hjá vitnum að ýmislegt hafi verið athugavert við yfirheyrslur yfir þeim Hans og Niels Mortensen, forsvarsmönnum SMS, sem er að hálfu í eigu Baugs.

Niels var yfirheyrður á færeysku, af þarlendum lögreglumanni, en íslenskur lögreglumaður ritaði skýrsluna eftir þýðingu færeyska lögreglumannsins yfir á ensku eða dönsku eftir því hvort skildist betur.

Regin Jørgensen, færeyski lögreglumaðurinn sem yfirheyrði Niels, sagðist hafa verið óánægður með þessi vinnubrögð, þau hafi verið frábrugðin því sem tíðkist í Færeyjum. Niels dregur í efa að ýmislegt sem þar kemur fram sé rétt eftir honum haft, en Regin þýddi íslenska textann fyrir Niels að yfirheyrslu lokinni

Jakob R. Möller, verjandi Tryggva Jónssonar, bað Regin að lesa tvær málsgreinar í skýrslunni fyrir dómi í gær, og viðurkenndi Regin að hann skildi ekki öll orðin í þeim texta. Hann sagðist við upphaf skýrslugjafar í gær skilja íslensku sæmilega, en ekki fullkomlega. **- bj**



**YFIRHEYRÐIR** Feðgarnir Niels og Hans Mortensen (til hægri) voru ekki sáttir við yfirheyrslur lögreglu í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ALLT Á FÆREYSKU** Niels H. Mortensen (til vinstri) spjallaði við lögmanninn Jóhannes Albert Sævarsson, sem túlkaði fyrir færeysku vitnin í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Færeysk vitni í héraðsdómi

**Öll vitni sem komu fyrir dóm í Baugsmálinu í gær voru færeysk. Upplýst var að kredityfirlýsing SMS verslunarkeðjunnar til Baugs var hærri en árlegir afslættir og markaðsstyrkur birgja til SMS.**

**BAUGSMÁL** Árlegir afslættir og markaðsstyrkir sem SMS verslunarkeðjan í Færeyjum fékk frá stærsta birgja sínum, Dagrofa, námu sem samsvarar um 36 milljónum króna. Það er talsvert lægri upphæð en kredityfirlýsing frá SMS til Baugs, sem skýrð hefur verið af sakborningum í Baugsmálinu sem markaðsstyrkur frá Dagrofa vegna kaupa á kaffi.

Sjö færeysk vitni komu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gær, og var því eingöngu fjallað um þann ákærulið í Baugsmálinu sem tengist Færeyjum. Þar eru Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson ákærðir fyrir að rangfæra bókhald Baugs með því að láta færa kredityfirlýsingu frá SMS að upphæð 46,7 milljónum króna sem tekjur í bókhaldi Baugs.

Í gær upplýstu vitni dóminn um að stærstur hluti innfluttra vara til SMS frá Danmörku kæmi frá heildsalanum Dagrofa. Vegna þessa fengi verslunarkeðjan endurgreitt frá birgjanum árlega ákveðna upphæð.

Árni Ellefsen, endurskoðandi félagsins, sagði þessa eftirágreiddu afslætti frá Dagrofa nema um 3 milljónum danskra króna á ári, gróft áætlað, sem jafngilda um 36 milljónum íslenskra króna. Hans Mortensen, einn eigenda SMS, staðfesti að litið væri á þessa afslætti sem markaðsstyrk frá Dagrofa til SMS.

Tryggvi sagði fyrir dómi við upphaf málareksturs í héraðsdómi fyrir nokkru að þarna væri um „röð mistaka“ að ræða, hann hafi óskað eftir kreditreikningi vegna markaðsstuðnings vegna fyrirhugaðs innflutnings á kaffi.

Baugur á helmings hlut í SMS verslunarkeðjunni, en hinn helminginn á Hans Mortensen. Sonur Hans, Niels Heini Mortensen, er framkvæmdastjóri SMS. Niels sagði í gær að Tryggvi hefði hringt í sig og óskað eftir kreditreikningi, en hann hafi verið staddur á ferju og ekki heyrt almennilega í Tryggva. Hann hafi því beðið Tryggva að hringja í Hans.

Hans staðfesti í gær að hann hefði gefið út kredityfirlýsingu að beiðni Tryggva seint í ágúst 2001. Bæði hann og Niels staðfestu að engin viðskipti hafi verið bak við reikninginn, og að Tryggvi hafi lagt til bæði orðalagið og upphæðina á reikningunum.

Gerð var húsleit hjá Baugi á Íslandi 28. ágúst 2002, og 10. september var gerð húsleit hjá SMS í Færeyjum. Niels var spurður um fund sem hann átti með Tryggva í Kaupmannahöfn milli þessara tveggja húsleita. Í lögregluskýrslu sem tekin var af Niels eftir húsleitina hjá SMS er haft eftir honum að á þessum fundi hafi Tryggvi beðið hann um að segja lögreglunni ósatt um kredityfirlýsinguna.

Niels staðfesti ekki þann framburð fyrir dómi í gær, og benti á að margt hafi verið athugavert við það hvernig skýrslan var tekin. Hann hafi því ekki skrifað undir skýrsluna, sem venjan er að vitni geri til að staðfesta að rétt sé eftir haft.

brjann@frettabladid.is

BAUGS MÁLIÐ

## ORÐRÉTT



*„Það er nú þannig að við beitum ekki ofbeldi hér í salnum nema með leyfi dómara.“*

Gestur Jónsson gerði athugasemd við dómarann þar sem Jón Gerald Sullenberger var farinn að fletta í möppu frá Gesti. Jón Gerald taldi möppuna tilheyra safni sem allir verjendur hefðu aðgang að, og neitaði í fyrstu að láta hana af hendi, og togaðist á við Jakob R. Möller, verjanda Tryggva Jónssonar, um möppuna.



*„Var þá eitthvað raunvörulegt á bak við þessa kredityfirlýsingu í þínum huga?“*

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari, spurði Niels Heini Mortensen, framkvæmdastjóra SMS í Færeyjum, út í kredityfirlýsingu sem ákært er vegna.



*„Þetta átti að vera kaffibónus frá Kraft general foods.“*

Niels Heini Mortensen sagði kredityfirlýsinguna tengjast kaffiviðskiptum Baugs í gegnum SMS.



*„Dómarinn hefur bara engan áhuga á að vita það.“*

Arngrímur Ísberg dómsformaður stöðvaði spurningar sækjanda um það hvernig húsleit hjá SMS í Færeyjum hafi farið fram, hvort hún hafi verið óvenjuleg á einhvern hátt.



*„Þessar spurningar ganga dálítið langt, við höfum ekki gert athugasemdir fyrr, en það er torséð hvaða tilgangi þetta þjónar. Jafnvel þó vitnin hefðu verið á fundi með lögmönnum hefði það ekki verið óeðlilegt.“*

Jakob R. Möller gerði athugasemd við spurningar sækjanda um það hvort vitnin hefðu verið í sambandi við lögmenn á vegum ákærðu frá því þau komu til landsins. Dómarinn sagði spurningarnar ekki óeðlilegar.



*„Þetta er sláandi líkt, enda er þetta þekkt undirskrift í kerfinu.“*

Arngrímur dómsformaður gerðist rithandarsérfræðingur og bar saman tvær undirskriftir til að sýna fram á að Jón H. Snorrason, fyrrverandi yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, ætti undirskrift á lögregluskýrslu sem tekin var í Færeyjum.

## BAUGSMÁLIÐ Í DAG

Nokkrir núverandi og fyrrverandi starfsmenn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra munu bera vitni í dag, þeirra á meðal Jón H. Snorrason, Arnar Jensson og Helgi Magnús Gunnarsson. Einnig mun Jónína Benediktsdóttir bera vitni í málinu.

vodafone

# Nú verða sagðar fréttir

## Horfðu á sjónvarpið í símanum þínum.

Sjónvarp í símann er byltingarkennd ný þjónusta í Vodafone live! Þú getur horft á beinar útsendingar frá sjónvarpsfréttastöðinni Sky News allan sólarhringinn. Þú getur sótt og horft á fréttatíma Stöðvar 2 þegar þér hentar og enn meira spennandi efni bætist við á næstunni. Kynntu þér þessa frábæru nýjung í Vodafone live! og breyttu hvaða sæti sem er í sófann heima hjá þér.

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér á **www.vodafone.is** fyrir nánari upplýsingar.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**





**ELDARNIR SLÖKKTIR** Vatni var varpað úr þyrlu á skógarelda í Kaliforníu í gær. Eldarnir bárust hratt yfir og að minnsta kosti tvö hús brunnu, en rýma þurfti meira en 200 hús til öryggis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fulltrúar Írans og Bandaríkjanna ræddust við á ráðstefnu í Bagdad:

# Ásakanirnar gengu á víxl

**BAGDAD, AP** Á ráðstefnu um Írak sem haldin var í Bagdad á laugardaginn sökuðu fulltrúar Bandaríkjanna og Írans hvor annan um að kynda undir ófriðinn í Írak.

Nouri al-Maliki setti ráðstefnuna, sem haldin var í Bagdad á laugardaginn, og hvatti þátttakendur til að hjálpa til við að bæta ástandið í Írak og koma í veg fyrir að átökin breiddust út til nágrannalandanna.

Íranar brugðust ókvæða við þegar David Satterfield, fulltrúi Bandaríkjanna, benti á skjalatösku sína og sagði þar vera að finna sannanir þess að Íranar útveguðu sjíum í Írak vopn.

„Ásakanir ykkar eru bara yfirbreiðsla yfir mistök ykkar í Írak,“ sagði Abbas Arighchi, fulltrúi Írans.

Fulltrúar beggja ríkjanna voru þó sammála um að fundurinn hefði verið mikilvægur. Arighchi sagði fulltrúa allra ríkjanna hafa „átt góð samskipti“ á ráðstefnunni.

Fulltrúar allra nágrannaríkja Íraks, það er Írans, Sýrlands, Jórdaníu, Sádi-Arabíu, Tyrklands og Kúveit, tóku þátt í ráðstefnunni ásamt fulltrúum frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Frakklandi, Bretlandi, Kína, Barein, Egyptalandi, Sameinuðu þjóðunum, Arababandalaginu og stofnunar íslamskra ríkja. - gb



**NOURI AL-MALIKI** Forsætisráðherra Íraks bað þátttakendur á ráðstefnunni um aðstoð við að stilla til friðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Upptök elds á skátasvæði:

# Skátar borga skaðabætur

**BANDARÍKIN, AP** Skátafélag í Utahríki í Bandaríkjunum þarf að bæta tjón sem varð vegna illviðráðanlegs elds sem átti upptök sín á tjaldsvæði skáta. Í júní árið 2002 brunnu 5.750 hektarar lands og segja yfirvöld að upptök eldsins hafi verið á tjaldstæði sautján skáta á aldrinum tólf til fjórtán ára sem voru að vinna sér inn viðurkenningu fyrir að lifa af í óbyggðum. Tveir fimmtán ára leiðbeinendur voru með í för.

Ríkið höfðaði mál á hendur félaginu, sem féllst á að greiða sem svarar rúmlega 22 milljónum króna og gróðursetja níu þúsund trjáplöntur í sátt. - sdg

## SJÁVARÚTVEGUR

### Fiskeldi fyrir milljarða

Heimsviðskipti með sjávarafurðir og eldisfisk námu 71,5 milljörðum bandaríkjadala í fyrra. Mikill vöxtur hefur verið í fiskeldi í heiminum hin síðari ár og 47,8 milljónir tonna af eldisfiski og sjávardýrum úr eldi eru nú framleidd árlega. Þriðjungur alls sjávarfangs og fiskmetis kemur frá fiskeldi.

### Nýting lakari á línu

Þegar tvö tímabil af fjórum eru búin af línuívilnun þessa fiskveiðiárs er ljóst að nýting línuívilnunar er lakari en í fyrra. Ein skýring þess er að bátum hefur fækkað úr 297 í 260.

## NEYTENDUR

### Rafmagn og hiti lækka

Raforkuverð hefur lækkað um þriðjung að raunvirði síðastliðinn áratug og heita vatnið um fjórðung. Þetta kemur fram í fréttabréfi frá Orkuveitu Reykjavíkur. Sé miðað við launaþróun á tímabilinu er lækkunin 46 prósent á rafmagni og 36 prósent á hita.

Stefnt að uppbyggingu nýs miðbæjar á Álftanesi á haustdögum:

# Bílar víkja fyrir gangandi vegfarendum

**SKIPULAGSMÁL** „Ef vel tekst að fara eftir tillögunum verður miðbær Álftaness líklega sá fyrsti hér á landi sem verður skipulagður frá upphafi þannig að bílaumferð víkur fyrir gangandi vegfarendum,“ segir Sigurður Magnússon, bæjarstjóri á Álftanesi, um tillöguna sem hlaut fyrstu verðlaun um skipulag miðbæjar Álftaness.

Höfundar verðlaunatillögunnar eru þau Guðni Tyrfingsson og Auður Alfreðsdóttir, hjá Gassa arkitektum. Sigurður segir dómnefndina hafa verið einhuga um að veita tillögunni verðlaun, hún hafi verið athyglisverð og uppfyllt mjög vel þær forsendur sem lagt var upp með.

Skipulagsmál á Álftanesi voru mikið átakamál í sveitarstjórnarkosningunum síðasta vor en Sigurður segir þær deilur nú liggja milli hluta. „Aðalmálið nú er að vinna saman að því að láta miðbæinn okkar líta vel út. Það sem helst var gagnrýnt í gamla deiliskipulaginu voru umferðarmál en þau hafa verið leyst með einkar góðum hætti í þessari tillögu,“ segir bæjarstjórinn.



**SKIPULAG MIÐBÆJAR ÁLFTANESS** Sigurður Magnússon segir tillögur að skipulagi bæjarins leysa umferðarmál einkar vel. Útlit mannvirkja verði útfært í framtíðinni. MYND/ÚR VERÐLAUNATILLÖGUNNI

Sigurður segist vonast til þess að búið verði að breyta deiliskipulagi bæjarins í samræmi við tillögurnar í haust. Þá verði hægt að hefja uppbyggingu nýs miðbæjar með allri þeirri þjónustu sem lítið bæjarfélag þarfnist. - kdk





GOTT FÓLK

...SÉRSTAKLEGA ÞEGAR ÞÚ ÁTT DRAUMAHÚSNÆÐIÐ Á SPÁNI.

Við hjá Perla Investments höfum farsællega séð um að gera þennan draum að veruleika fyrir Íslendinga í tíu ár. Íslenskur löggiltur fasteignasali og íslenskt fagfólk leiðir þig áfram áreynslulaust, alla leið. Að eignast hús á Spáni er einfalt og öruggt með Perla Investments.

**Við þjónustum þig á alla lund, við meðal annars:**
- Útvegum þér allt að 100% lán á bestu mögulegu kjörum
- Veitum bankaábyrgðir á greiðslur
- Bjóðum þér upp á kynnisferðir til Spánar
- Sjáum um útleigu á húsnæðinu fyrir þig, auk alhliða fasteignaþjónustu: Viðhald – öryggi – tryggingar

PERLA INVESTMENTS

Perla Investments | Grensásvegur 13 | 108 Reykjavík | Sími: 545-0300 | Fax: 545-0309 | www.perla.is

Ekki með hugann við akstur:

# Um sjötíu umferðaróhöpp

**LÖGREGLUMÁL Sextíu og níu umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina, langflest minniháttar.**

**Eftir eitt þeirra var 19 ára piltur fluttur á slysadeild en bíll hans hafnaði á ljósastaur. Á vef lögreglunnar kemur fram að pilturinn mundi lítið eftir óhappinu, en rétt áður en það gerðist var hann að teygja sig eftir tveimur drykkjarglösum í farþegasætinu. Lögreglan vill minna á að akstur krefst fullrar athygli, of mörg óhöpp verði þegar fólk er að sinna öðru sem ekki tengist akstrinum. - kdk**

Opus býður upp á nýjungar í lögfræðiþjónustu:

# Opið að næturlagi

**ÞJÓNUSTA** „Ég veit ekki til þess að aðrar lögfræðistofur á Íslandi hafi opið allan sólarhringinn,“ segir Grímur Sigurðarson lögmaður og einn þriggja eigenda lögmannsstofunnar Opus sem tók til starfa á dögunum og býður upp á lögfræðiþjónustu allan sólarhringinn. Grímur líkir þjónustunni við neyðarþjónustu lækna og tannlækna enda eigi menn oft í viðskiptum við fólk í öllum heimsálfum og geti því alltaf þurft á lögfræðiaðstoð að halda. „Þetta kemur sér líka vel fyrir fólk sem lendir í slysum eða verður fyrir tjóni að næturlagi og veit ekki hver lagalegur réttur þess er,“ segir Grímur. Sólarhringsþjónustan er ekki eina nýjungin sem í boði er hjá Opus. Þar er einnig boðið upp á svokallaða pro bono þjónustu sem felst í því að veita fólki lögfræðiþjónustu sem ekki hefur fjárhagslegt bolmagn til þess að ráða til sín lögfræðing. Allir lögmenn stofunnar hafa þá skyldu að vinna að lágmarki 50 klukkustundir á ári í þágu samfélagsins með pro bono þjónustu.

Þá einbeitir Opus sér einnig að málefnum einstaklinga af erlendum uppruna. Á heimasíðu fyrirtækisins eru upplýsingar á þrettán tungumálum og að sögn Gríms hefur verið ráðist í að kynna starfsemina sérstaklega meðal útlendinga. „Sérhæfð lögfræðiþjónusta fyrir þessa einstaklinga hefur ekki verið í boði áður og við fundum að það var þörf á henni,“ segir Grímur. - þo



**EIGENDUR OPUS** Lömennirnir Erlendur Þór Gunnarsson, Oddgeir Einarsson og Grímur Sigurðarson reka stofuna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**LANDSPÍTALINN** Samningaviðræður standa yfir á milli starfsmannaskrifstofu spítalans og fulltrúa fjórtán stéttarfélaga.

Launakjör á Landspítalanum:

# Viðræður um launahækkun

**VINNUMARKAÐUR** Samningaviðræður eiga sér stað milli skrifstofu starfsmannamála hjá LSH og fulltrúa fjórtán stéttarfélaga um það hvernig kjarasamningsbundin launahækkun, sem kemur til framkvæmda 1. maí, dreifist milli félaganna, þar á meðal iðjuþjálfa hjá LSH.

Erna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs LSH, segir að stéttarfélögin fjórtán hafi lagt upp með að útbúa ákveðið kerfi til að úthluta hækkuninni þegar gerður var stofnanasamningur í fyrravor og ein launatafla tók við hjá öllum BHM félögunum.

Erna segir að ekki fái allir 2,6 prósenta hækkun heldur fái sumir meira og aðrir minna en enginn lækki í launum. „Við höfum reynt að vinna af heilum hug að þessu kerfi,“ segir hún og telur samningaviðræðurnar ganga vel. - ghs

Framkvæmdastjóri Portfarma:

# Þarf að skýra samkeppnina

**LYFJAMÁL Olgeir Olgeirsson, framkvæmdastjóri Portfarma, telur lyfjastefnuna, sem heilbrigðisráðherra kynnti í síðustu viku, af hinu góða en vill fá nánari skýringar á því hvernig eigi að efla samkeppni í samheitalyfjainnflutningi eins og talað sé um í stefnunni.**

**„Það kemur hvergi fram hvað á að gera,“ segir hann og telur nauðsynlega þurfa að styrkja og efla Lyfjastofnun þannig að fyrirtæki fái fljótt markaðsleyfi og geti byrjað að selja lyf. „Það er mikið atriði til að geta komið á samkeppni að Lyfjastofnun verði efld og geti tekið við skráningum því að þar stoppa hlutirnir,“ segir hann. - ghs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fíkniefnahundar sanna sig

Lögregluhundar á höfðuborgarsvæðinu sönnuðu gildi sitt um helgina. Á föstudag þefaði einn hundanna uppi talsvert magn fíkniefna við húsleit og annar hundur úr K-9, hundasveit lögreglunnar, fann fíkniefni sem geymd voru í tösku í húsi. Hann sýndi annarri íbúð hússins einnig áhuga og við eftirgrennslan fundust einnig fíkniefni þar.




Árni Þór Sigurðsson Reykjavíkurkjördæmi norður
Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir Norðvesturkjördæmi
Álfheiður Ingadóttir Reykjavíkurkjördæmi suður
Gestur Svavarsson Suðvesturkjördæmi
Björg Gunnarsdóttir Norðvesturkjördæmi
Dýrleif Skjóldal Norðausturkjördæmi



Ragnheiður Eiríksdóttir Suðurkjördæmi
Alma Lísa Jóhannsdóttir Suðurkjördæmi
Paul Nikolov Reykjavíkurkjördæmi norður
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir Suðvesturkjördæmi
Þuríður Backman Norðausturkjördæmi
Auður Lilja Erlingsdóttir Reykjavíkurkjördæmi suður

Vinstri græn um allt land
Frambjóðendur funda með kjósendum

VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

Allt annað líf með vinstri grænum

**REYKJANESBÆ**, miðvikudaginn 14. mars
**ÁRBORG**, fimmtudaginn 15. mars
**AKRANESI**, mánudaginn 19. mars
**SAUÐÁRKRÓKI**, þriðjudaginn 20. mars
**HÖFN Í HORNAFIRÐI**, miðvikudaginn 21. mars
**ÍSAFIRÐI**, þriðjudaginn 27. mars
**REYKJAVÍK**, miðvikudaginn, 28. mars
**MOSFELLSBÆ**, fimmtudaginn 29. mars
**HAFNARFIRÐI**, föstudaginn 30. mars
**EGILSSTÖÐUM**, þriðjudaginn 3. apríl
**AKUREYRI**, miðvikudaginn, 4. apríl
Geymið auglýsinguna




Gildir 13. mars á meðan birgðir endast.


99 kr/stk.
HIPP barnamatur
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg
99 kr/stk.
ab mjólk
99 kr/pk.
Einnota svampar 75 stk.
99 kr/pk.
Skinka 150 g
99 kr/stk.
Myllu hvítlauksbrauð fínt
99 kr/stk.
Nóa páskaegg nr. 1
99 kr/pk.
Hamborgari 80g m/brauði úr kjötborði
99 kr/pk.
Aviko kartöflubátar 450 g
99 kr/stk.
Íslenskur Feti
99 kr/stk.
Sápudýr
99 kr/stk.
Citre shine sjampó
99 kr/kg
Vatnsmelónur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Svona erum við

> Tómatuppskera Íslendinga í tonnum:




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: HVAÐ ER ELDING OG HVAR MYNDAST ÞÆR HELST?

# *Hundrað eldingar á hverri sekúndu*

Hvað er elding? Elding er ljós sem sést frá rafstraumi sem hleypur milli staða í skýjum eða milli skýja og yfirborðs jarðar. Rafstraumurinn sem myndar eldinguna hitar loftið í næsta nágrenni svo snöggt að úr verður sprenging og hljóðbylgja sem við köllum þrumu berst í allar áttir.

Við hvaða skilyrði myndast eldingar? Þrumuveður myndast einkum þar sem loftið er heitt, rakt og óstöðugt. Við slík skilyrði streymir heitt loftið upp og heldur því áfram á meðan það er heitara en loftið umhverfis. Þá myndast bólstraský sem oft þróast hratt yfir í þrumu- og skúraský. Oftast osakast uppstreymið og óstöðugleikinn af upphitun yfirborðs jarðar á sólríkum dögum. Þrumuveður myndast einnig í kuldaskilum þar sem kalt loft þrengir sér undir heitara loft og lyftir því upp og gerir það óstöðugt. Báðar gerð-



irnar eru þekktar á Íslandi, en þrumuveður í kuldaskilum eru algengasta orsök eldinga hérlendis.

Hversu algeng eru þrumuveður? Að meðaltali geysa 2000 þrumuveður á jörðinni á hverju andartaki og um 100 eldingum lýstur niður á hverri sekúndu alla daga ársins. Um 2000 þrumuveðursvæði eru þekkt á jörðunni, flest í hitabeltinu og heittempruðu beltunum. Tíðnin er mjög há á ákveðnum svæðum svo sem í Ástralíu og um miðjan Flórídaskagann. Á vissum svæðum í Bandaríkjunum eru þrumuveður allt að 80 daga ársins en aðeins um 40 daga þar sem mest er í Evrópu. Í fjalllendi á Spáni, Frakklandi og á Ítalíu eru 30-35 þrumudagar á ári en færri en 10 á Írlandi, Skotlandi og í vestanverðri Skandinavíu. Á Íslandi og Grænlandi er þrumuveður færri en fimm daga á ári.

Hvar verða helst þrumuveður á Íslandi? Á Íslandi eru þrumuveður mun algengari sunnanlands en norðan. Á svæði frá Snæfellsnesi suður og austur að Hornafirði eru að jafnaði einn til fjórir þrumudagar á ári, en heldur fleiri undir fjalllendinu syðst á landinu. Á Norðurlandi verður ekki vart við þrumur nema annað hvert ár að jafnaði.

Heimildir: http://www.fsu.is/~ornosk/vedur/eldingar.html og visindavefur.hi.is

## SPURT OG SVARAÐ

ERLENDUM ÍBÚUM FJÖLGAR

### *Í takt við efnahagslífið*



**EINAR SKÚLASON** framkvæmdastjóri Alþjóðahúss

Erlendum ríkisborgurum hefur fjölgað mikið hér á landi undanfarin ár og eru þeir nú þrefalt fleiri en fyrir tíu árum.

**Hvers vegna þessi mikla fjölgun?**
Þarfir atvinnulífsins stjórna þessu fyrst og fremst. Fólk kemur af því að hér er næga vinnu að fá. Undanfarna mánuði hefur verið lítið atvinnuleysi, um eitt prósent, sem sýnir að þörf er á fleira fólki í atvinnulífið.

**Má búast við meiri fjölgun?**
Já, á meðan staðan í atvinnulífinu er svona. Ég á einnig von á því að um leið og atvinnuleysi eykst dragi úr komu útlendinga. Ef við skoðum síðustu tíu ár sjáum við að fjölgun innflytjenda er í takt við efnahagsástandið. Sambærilegir hlutir eru að gerast annars staðar.

**Finnur þú fyrir þessari aukningu í þínu starfi?**
Já. Álagið jókst til dæmis mikið á síðasta ári. Þessi fjölgun hefur ekki eingöngu með okkur að gera sem vinnum í þessum geira. Samfélagið þarf að taka sig betur á og átta sig á því að þjóðfélagið er að breytast.

# Chirac kveður sína ástkæru þjóð

**Jacques Chirac hefur verið forseti Frakklands í tólf ár og ætlar að láta gott heita. Hann hefur verið umdeildur forseti.**

Á sunnudagskvöldið kom Jacques Chirac Frakklandsforseti fram í sjónvarpi og tilkynnti það sem lengi hafði verið talið næsta víst, að hann myndi ekki bjóða sig fram til forseta þriðja kjörtímabilið í röð í forsetakosningunum nú í næsta mánuði.

Í ávarpi sínu sagðist Chirac unna þjóð sinni og föðurlandi af ástríðu. „Ég hef gefið allt hjarta mitt, orku og styrk til að þjóna landi mínu og þjóð. Allt mitt líf hefur verið helgað því að þjóna Frakklandi og vinna að friði,“ sagði hann og lét engan velkjast í vafa um einlægni sína.



**NICOLAS SARKOZY** Gerði sér vonir um að Chirac lýsti yfir stuðningi við sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann sagði hins vegar ekkert um hugsanlegan eftirmann sinn í embætti, en fyrirfram höfðu stuðningsmenn Nicolas Sarkozys innanríkisráðherra vonast til þess að Chirac myndi lýsa yfir stuðningi við þennan flokksbróður sinn.

Samkvæmt skoðanakönnunum þótti hægrimaðurinn Sarkozy framan af sigurstranglegastur í forsetakosningunum, sem haldnar verða 22. apríl næstkomandi. Frambjóðandi sósíalista, Ségolène Royal, hefur ekki náð sér jafn vel á strik en þriðji maðurinn, Francois Bayrou, sem heldur sig á miðju stjórnmálanna, hefur unnið á. Nú er svo komið að þau þrjú hafa nánast jafn mikið fylgi, um það bil fjórðung kjósenda hvert, en hinn harðskeytti þjóðernissinni Jean-Marie Le Pen hefur haft nokkuð stöðugt fylgi í fjórða sæti, rétt tæp fimmtán prósent.

### Áhrifamikill stjórnmálamaður

Chirac hefur verið áhrifamaður í frönskum stjórnmálum í nærri fjóra áratugi. Áður en hann varð forseti árið 1995 hafði hann tvisvar verið forsætisráðherra auk þess að hafa verið borgarstjóri Parísar um átján ára skeið.

Hann hefur jafnan verið umdeildur og harðlega gagnrýndur en þó yfirleitt staðið af sér pólitíska storma án þess að bíða verulegt tjón af svo séð verði.

Meðal þess sem hvað eftirminnilegast þykir á forsetaferlinum er þegar hann neitaði harðlega að samþykkja Íraksstríðið og átti þar með stóran þátt í að Bandaríkin héldu í stríðið ásamt Bretum án samþykkis frá Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Annað eftirminnilegt „NEI“ setti mark sitt á forsetaferilinn þegar Chirac ákvað að bera stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins undir þjóðaratkvæði árið 2005. Þjóðin hafnaði sáttmálanum með þeim afleiðingum að frekari áform um breytingar á stjórnskipulagi Evrópusambandsins hafa legið niðri síðan.



**CHIRAC KVEÐUR** Eftir áratuga störf að stjórnmálum ætlar Frakklandsforseti að láta gott heita. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann hefur verið gagnrýndur fyrir að hafa ekki náð fram einu helsta markmiði sínu í forsetaembættinu, sem var að koma efnahagslífi landsins á skrið á nýjan leik.

### Margir fagna

Margir Frakkar eru því fegnastir að sjá Chirac fara úr embættinu, enda hefur hann verið lengi í stjórnmálum og þykir hafa fjarlægst þjóðina síðustu misserin.

Hans verður meðal annars minnst fyrir það að í síðustu forsetakosningum, árið 2002, greiddu fjölmargir honum atkvæði sitt til þess fyrst og fremst að tryggja að þjóðernissinninn Jean-Marie le Pen yrði örugglega ekki forseti.

„Þótt maður hljóti að virða manninn og stöðu hans, þá hefur afrekaskrá hans á langri forsetatíð verið slík að hann hefði aldrei fengið nýtt umboð frá kjósendum,“ sagði Francois Holland, leiðtogi Sósíalistaflokksins, í sjónvarpsviðtali.

Meðan Chirac var borgarstjóri í París þótti hann fara frjálslega með fjármuni og vöktu lúxusferðir hans með fjölskyldunni hörð viðbrögð.

Í gamanþætti í sjónvarpi var hann jafnan kallaður „ofurlygarinn“ og hann hefur verið sagður gæddur þeim hæfileika að trúa því sem honum sýnist.

Valéry Giscard d´Estaing, fyrrverandi forseti, orðaði það þannig: „Chirac getur verið með munninn fullan af sultu, sultutaumarnir lekandi af vörum hans og hendurnar útataðar í sultu, með krukkuna fyrir framan sig en þegar hann er spurður hvort hann borði mikið af sultu, þá segir hann: Hvað, ég? Að borða sultu? Aldrei!“

### ÁHRIFAMAÐUR Í ÁRATUGI



Chirac er fæddur í París árið 1933. Hann lét ungur heillast af Charles de Gaulle og ákvað snemma að helga líf sitt stjórnmálum. Hann gekk í franska Kommúnistaflokkinn um tvítugt, sótti nám í embættismannaskólanum École national d'administration árin 1957-59 og fékk í framhaldi af því stöðu hjá ríkinu.

Árið 1962 hófst eiginlegur stjórnmálaferill hans þegar George Pompidou, sem þá var forsætisráðherra, gerði hann að starfsmannastjóra sínum.

Chirac bauð sig fyrst fram til þings fyrir Gaullistaflokkinn árið 1967 og varð ráðherra í ríkisstjórn Pierre Messmers árið 1972.

Chirac gegndi tvisvar embætti forsætisráðherra, fyrst árin 1974-76 og síðan aftur 1986-88, í seinna skiptið jafnhliða borgarstjórastarfinu sem hann gegndi í átján ár, frá 1977 til 1995.

Chirac bauð sig fyrst fram til forseta árið 1981 á móti Ciscard D'Estaing, síðan aftur á móti Francois Mitterand árið 1988 en hreppti ekki hnossið fyrr en í þriðju tilraun árið 1995. Hann hefur verið forseti í tvö kjörtímabil, samtals tólf ár.

Árið 2002, á þjóðhátíðardegi Frakka 14. júlí, var reynt að ráða Chirac af dögum. Róttækur hægrimaður var þar á ferðinni, dró riffil upp úr tösku sinni og skaut á bílalest forsetans þegar hátíðahöldin stóðu sem hæst. Enginn varð fyrir skoti og tilræðismaðurinn var strax afvopnaður.



FRÉTTASKÝRING
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

Fermingartilboð




TOSHIBA
Satellite Pro A120-163
Intel Core Duo T2050
512MB vinnsluminni
15,4" skjár
60GB harður diskur
Aðeins 89.900kr./stgr.
Áður 119.866kr.




TOSHIBA
Tecra A8-182
Intel Core 2 Duo T5600
1GB vinnsluminni
15,4" skjár
100GB harður diskur
Aðeins 119.900kr./stgr.
Áður 159.865kr.

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Höfðabakka 3 • Borgartúni 29 • Glerárgötu 34

# 1. FLOKKS FERMINGARGJAFIR




## ÖRÞUNN STAFRÆN VÉL

**Casio EXZ1050**
Örsmá STAFRÆN MYNDAVÉL með 10.1 milljón punkta upplausn, Anti Shake DSP, Super Life rafhlöðu sem endist 360 myndir, mjög björtum (1200 cd/m2) og skýrum 2.6" LCD Widescreen skjá (230.400 pixlar, 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom, 7.9 - 23.7mm linsu, hágæða hreyfimyndatöku með hljóði, 8Mb innra minni og rauf fyrir SD kort, BESTSHOT og hleðslutæki.

**TILBOÐ 29.995**
FULLT VERÐ **32.995**



## MEÐ ÁSLÁTTARNÆMNI

**Casio CTK591**
61 nótna HLJÓMBORÐ
með áslátarnæmi, 24 nótna pólifóníu, 128 hljóðum og 120 rythmum, 100 innbyggðum lögum,3ja skrefa kennslukerfi, „Sing Along" möguleika - hljóðnematengi og píanó stillingu.

**TILBOÐ 19.995**
FULLT VERÐ **22.995**



## PROFESSIONAL

**PHILIPS**

**Philips HP4892**
Professional HÁRBLÁSARI með AC mótor. Ion tækni sem afrafmagnar hárið og 6 hita- og hraðastillingar.

**VERÐÐ 5.995**
FRÁBÆRT VERÐ



## FLOTT FYRSTA RAKVÉL

**PHILIPS**

**Philips HQ6696**
Philishave Reflex RAKVÉL með Reflex action hnífum, 40 mín. hleðslu, stillanlegri fjöðrun á kömbum og bartskera. Tekur 8 klst. að hlaða.

**TILBOÐ 5.995**
FULLT VERÐ **7.995**



## HÆGT AÐ HENGJA UPP Á VEGG

**PHILIPS** DVD **SPILARI**

**Philips MCD288**
Míkró DVD DivX HLJÓMTÆKI með Digital 100w RMS magnara, fjölkerfa DVD spilara, Dolby Digital, 2 hátölurum og bassaboxi, Digital Sound Control og Dynamic Bass Boost, útvarpi með stöðvaminnum, Scart, SVHS og CVBS tengi, Digital Coaxal og USB tengi, Aux inn og heyrnartólstengi. Hægt að festa hátalara og stæðu á vegg.




## HÁGÆÐA LCD SJÓNVARP

**Philips 26PF5321**
26" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn (VGA, SVGA, XGA), Digital Crystal Clear og Progressive Scan, 1200:1 skerpu, 20w stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart tengjum (með RGB),2 x HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, PC í gegnum HDMI (styður VGA, SVGA og XGA) og textavarpi.

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ **109.995**



## MEÐ USB TENGI

**Lenco**

**Lenco MC140**
5w MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, segulbandi og FM útvarpi með stöðvaminnum, SD/MMC kortalesarA ogUSB tengi.

**VERÐ 12.995**
FRÁBÆRT VERÐ





## ALVÖRU TÆKI SEM ENDAST

NAD DALI

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ **124.995**

**NAD og Dali STEREÓ PAKKI**
2x110w (2x50w RMS) **NAD MAGNARI** með 7 inngöngum, Pre Out, MP3 tengi að framan og fjarstýringu
**NAD CD SPILARI** með Burr-Brown Sigma-Delta 20bita DAC. 150w **Dali CONCEPT GÓLFHÁTALARAR** með 39Hz-30kHz tíðnisviði og 91dB næmni.

Spilar CD og CD-R/RW

**STEREÓ PAKKI**

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Endurskipulagning ráðuneyta og stjórnsýslu:

# Úr blindgötu

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Úr röðum allra flokka hafa nú komið fram sjónarmið og hugmyndir um nauðsyn þess að endurskipuleggja stjórnarráðið. Mest eru það skynsamleg ráð. Lengi hefur verið ljóst að skipulag stjórnarráðsins endurspeglar illa nútíma þjónustuhlutverk þess.

Hugmyndir af þessu tagi var byrjað að ræða í alvöru fyrir aldarfjórðungi. Með hléum hafa ólíkar ríkisstjórnir ýtt athugunum á viðfangsefninu á flot. En örlög þeirra hafa ekki verið önnur en að velkjast eins og rótlaust þangið. Fyrir því eru um margt skiljanlegar ástæður. Á miðju kjörtímabili samsteypustjórna er erfitt að brjóta upp samkomulag um verkaskiptingu. Þau mál eru eðlilega viðkvæm. Þegar kemur að stjórnarmyndun að afloknum kosningum eru forystumenn flokkanna í þeirri klemmu að ráðuneytaskipanin er ákveðin með lögum.

Í þeirri tímaþröng gengur myndun nýrrar ríkisstjórnar því fyrir flóknum undirbúningi lagabreytingatillagna um stjórnarráðið. Góð áform hafa sakir þessara aðstæðna jafnan lent í blindgötu. Aukheldur hafa menn þurft að kaupa innri frið í þingflokkum ríkisstjórna með úthlutun ráðherrastóla. Engin merki eru um að aðstæður hafi breyst að þessu leyti.

Æskilegast væri að taka á þessu viðfangsefni með alhliða stjórnarskrárbreytingum. Að sama skapi og rétt er að styrkja stöðu löggjafarsamkomunnar er eðlilegt að gefa framkvæmdavaldinu meira sjálfræði um skipulag stjórnarráðsins. Þannig mætti ákveða í stjórnarskrá hámarks- og lágmarkstölu ráðherra. Innan þeirra marka yrði forsætisráðherra heimilt að ákveða með reglugerð hvernig verkefnum yrði deilt í ráðuneyti bæði að því er varðar fjölda þeirra og verksvið. Þannig mætti opna blindgötuna.

Viðfangsefni ráðuneyta breytast með þróun samfélagsins. Ekki er ólíklegt að slíkar breytingar verði örari á komandi tíð en þeirri sem er liðin. Í því ljósi er eðlilegt að gera ráð fyrir meiri sveigjanleika í þessu skipulagi en verið hefur. Hinu má þó aldrei gleyma að ákveðin festa í stjórnsýslu er nauðsynleg.

Einstakir ráðherrar hafa hins vegar komið fram mörgum þörfum stjórnsýslubreytingum sem ærin ástæða er til að veita eftirtekt. Jafnan er meira svigrúm fyrir athafnasama ráðherra að koma slíkum breytingum fram en að breyta stjórnarráðinu sjálfu.

Nú er til að mynda nýlokið gagngerum skipulagsbreytingum á lögreglunni með færri og öflugri embættum. Flest bendir til að sú nýskipan muni leiða til raunverulegrar styrkingar löggæslunnar í landinu. Einnig er lofsvert hvernig dómsmálaráðherra hefur hagnýtt sér tækniframfarir til að flytja ýmis þjónustuverkefni frá Reykjavík til smærri embætta úti á landi án þess að hreyfa við stofnunum.

Að sama skapi vakti athygli þegar utanríkisráðherra gerði á dögunum grein fyrir hugmyndum sínum um unfangsmiklar skipulagsbreytingar á ráðum, stofnunum og þjónustuviðfangsefnum á vegum þess ráðuneytis bæði hvað varðar þjónustu við atvinnulífið og aðstoð við þróunarlönd. Þar var lýst skynsamlegum áformum sem vonandi verða að veruleika.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**FLASH**

Flash er vinsælt margmiðlunarforrit og notað við gerð auglýsinga og hvers kyns kynningarefnis sem þarf að vera lifandi og með hreyfimyndum.

Þetta grunnnámskeið hentar fólki sem vill læra að blanda saman hljóði, myndum og texta og setja það svo saman í eina heild. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði forritsins og verði færir um að setja saman efni til birtingar á vef, t.d. auglýsingaborða.

Þátttakendur þurfa að hafa góða almenna tölvuþekkingu, kostur að þekkja til Photoshop.



Lengd. 21 kennslustund. Verð kr. 28.000,-
Kennt er mán. og mið. kl 18 - 21.30.
Kennsla hefst 19. mars og lýkur 28. mars.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kippir í kynið

Stjórnmálamenn vita vart í hvorn fótinn þeir eiga að stíga eftir að Björgólfur Thor Björgólfsson ýjaði að því að hann myndi flytja allt sitt fjármagn úr landi út af þrengingum stjórnvalda á starfsskilyrðum fyrirtækja. Björgólfur þykir harður í horn að taka eins og hann á kyn til; frændi hans, Ólafur Thors forsætisráðherra, gaf sjaldan tommu eftir og var jafnvel Bandaríkjamönnum, sem hann var alla jafna handgenginn, stundum óþægur ljár í þúfu. Til er saga af því þegar íslensk og bandarísk stjórnvöld körpuðu um Keflavíkurflugvöll í utanríkisráðherratíð Ólafs. Kveinkuðu þeir síðarnefndu sér undan því að Íslendingar stæðu lítinn straum af kostnaði flugvallarins. „Nú, þið getið þá bara tekið hann“ mun Ólafur hafa sagt við amerísku erindrekana þegar honum hitnaði í hamsi. Sjálfsagt þætti mörgum þægilegra ef milljarðarnir hans Björgólfs væru malbikaðir við landið.



### Enn í ónáð femínista



Sóley Tómasdóttir er ein af vonarstjörnum vinstri grænna. Á dögunum náði hún þeim „áfangasigri“, ef svo má að orði komast, að koma fram í þætti Egils Helgasonar (sem er fátítt þegar herskáir femínistar eiga í hlut) og hljóta lof þáttastjórnandans fyrir frammistöðu sína (sem er enn fátíðara þegar herskár femínistar eiga í hlut). Síðasta sunnudag hafði Egill fyrir því að sækja sér viðmælendur alla leið til Bakkafjarðar og Húsavíkur en engin málsmetandi kona virðist hafa séð sér fært að mæta þáttinn. Það dugar Agli greinilega skammt að mæra Sóleyju því samdægurs á bloggsíðu sinni beindi hún spjótum sínum að fjarveru kvenna í þættinum og gerir því skóna að ekki þýði að kenna gömlum hundi að sitja. Er þetta ekki það sem þeir kalla í pólitík að láta engan eiga inni hjá sér?

bergsteinn@frettabladid.is

# Deilt um stjórnarskrá



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**

**Í DAG** | Um vonda stjórnarhætti

Í sögu eða frásögn sem ég heyrði lítinn hluta af í útvarpinu um daginn var sagt frá fjölskyldu einni og voru fjölskyldumeðlimir allir svo berdreymnir að þau vissu helstu tíðindi fimm til tíu ár fram í tímann. Mér fannst þetta svo skemmtileg lýsing að ég verð að koma henni að. Um leið er ég klárlega viss um að ég er ekki af þessari ætt. Það er eiginlega alltaf eitthvað að koma mér á óvart.

Vitleysan undanfarna daga vegna tillögu um breytingu á stjórnarskránni hefur t.d. vakið furðu mína. Virðuleg stjórnarskrárnefnd hefur setið að störfum í nokkur ár án þess að starfið skili nokkrum árangri að því er heyrst hefur. Svo rýkur heilbrigðisráðherrann upp á nef sér og segist ætla úr ríkisstjórninni núna korteri fyrir kosningar ef ríkisstjórnin standi ekki við stjórnarsáttmálann. En þar mun standa á einum stað: „Ákvæði um að auðlindir sjávar séu sameign íslensku þjóðarinnar verði bundið í stjórnarskrá.“

Lögspekingar landsins koma fram á sjónarsviðið og segja að ekki sé hægt að setja það í stjórnarskrána að auðlindir landsins séu þjóðareign. Stundum finnst mér eins og lögfræðingar álíti að lög eigi sér sjálfstæða tilveru. En lög eru mannanna verk og þess vegna eiga þau ekki sjálfstæða tilveru. Mér finnst hlutverk lögspekinganna ekki eiga að vera að segja okkur hvað við getum sett í stjórnarskrána og hvað ekki. Þeir eiga að segja okkur hvernig við eigum að setja þau ákvæði í stjórnarskrána, sem við viljum hafa þar.

Það er svo önnur spurning hvað við viljum hafa í stjórnarskránni. Ég vil að í stjórnarskránni sé ákvæði af þessu tagi. Aðrir eru á öðru máli, en virðast helst ekki vilja segja það upphátt. Þess vegna er þetta mál erfitt fyrir ríkisstjórnina. Það eru nefnilega til stjórnmálamenn og annað fólk í þessu landi sem finnst það allt í lagi að auðlindin hafi verið afhent einstaklingum ekki bara til afnota heldur til eignar.

Í gegnum árin hafa skoðanakannanir sýnt að meirihluti þjóðarinnar er andvígur því að fáir einstaklingar hafi orðið fokríkir á því að selja hver öðrum þennan nýtingarrétt. Nú heyrist konu helst að litið sé svo á að þetta óréttláta fyrirkomulag hafi verið svo lengi að það væri óréttlátt að afnema það. Ekki óréttlátt gagnvart þjóðinni trúi ég, heldur hið mesta óréttlæti gagnvart kvótakóngunum. Þetta kalla ég hundalógík.

> *Það er óþolandi að stjórnmálamenn hyggist slá sig til riddara og sýna hvað þeir eru „töff“ með því að krefjast þess að samið sé um ákvæði í stjórnarskránni í fljótheitum rétt fyrir kosningar. Fólki sem slíkt gerir virðist ekkert heilagt.*

Nú er það út af fyrir sig eitt hvort kona er með eða á móti því að þjóðin eigi auðlindirnar. Hitt er alvarlegt finnst henni að ætlunin sé að fara að fikta í stjórnarskránni í fljótræði á síðustu metrunum fyrir kosningar. Stjórnarskráin er grunnurinn að annarri löggjöf í landinu og það er alveg óþolandi að stjórnmálamenn versli með hana eða einhver ákvæði í henni.

Það er óþolandi að stjórnmálamenn hyggist slá sig til riddara og sýna hvað þeir eru „töff“ með því að krefjast þess að samið sé um ákvæði í stjórnarskránni í fljótheitum rétt fyrir kosningar. Fólki sem slíkt gerir virðist ekkert heilagt. Það er líklega einn helsti gallinn við stjórnmálamenn í dag, að þeir líta á verkefnið sem hverja aðra vinnu. Fæstir stjórnmálamenn virðast helga sig þessu verkefni vegna þess að þeir trúa því að þeir geti unnið þjóð sinni til heilla. Þau hugsa fyrst og fremst um sjálf sig og að halda vinnunni.

Eiginlega er það svo að kona kvíðir næstu átta vikunum þegar rifrildi og hnútuköst verða í algleymingi þegar stjórnmálaflokkarnir berjast um atkvæðin og birta langa loforðalista sem enginn ætlar að efna.

Aukaafurð stríðsins undanfarna daga um stjórnarskrárákvæðið nýja hefur verið að rykið hefur verið dustað af stjórnarsáttmálanum og hvað kemur í ljós? Það kemur í ljós að ýmsar lagfæringar sem ríkisstjórnin ætlaði að gera á fiskveiðistjórninni hafa setið á hakanum. Hins vegar hafa sumir ráðherrana verið duglegir við að lofa fjárframlögum ýmiss konar á komandi kjörtímabili. Loforð sem þeir hafa ekkert vald til að gefa. Dæmi um þetta eru loforð um hjúkrunarrými og aukin fjárframlög til háskólans. Það er nefnilega miklu auðveldara að lofa upp í ermina á sér en sníða skavankana af kvótakerfinu óréttláta.

Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum.

# Uppbygging áliðnaðar er ekki hagstjórnartæki

**UMRÆÐAN**
Hagstjórn



**BJARNI MÁR GYLFASON**

Á undanförnu hafa sumir stjórnmálamenn lýst því yfir að koma ætti í veg fyrir eða fresta framkvæmdum við álver í Straumsvík og Helguvík. Fyrir því hafa einkum verið nefndar tvær ástæður. Önnur er sú að kæla þurfi hagkerfið og koma á jafnvægi en hin varðar náttúruverndarsjónarmið. Síðarnefnda sjónarmiðið er efnislegt og málefnalegt. Ýmsir telja að ekki megi ganga á gæði náttúrunnar þótt miklir efnahagslegir hagsmunir séu í húfi. Það fólk mun ekki sættast á neina málamiðlun hvað varðar nýtingu ýmissa náttúruauðlinda. Náttúran skal njóta alls vafa. Þetta er staðföst trú og sem slík getur hún ekki verið röng. Aðrir geta hins vegar verið þessu ósammála.

Fyrrnefnda ástæðan stenst hins vegar alls ekki. Það er býsna sérstök hagstjórnarleið að ætla sér að stöðva uppbyggingu einnar atvinnugreinar til að koma á jafnvægi á ný. Þá mætti eins leggja til að dregið yrði úr þorskveiðum eða reynt að fækka ferðamönnum. Enn betra væri að reyna að hemja bankana enda eru þeir miklu fyrirferðarmeiri í hagkerfinu en áliðnaður. Allar þessar aðgerðir myndu hægja á hagkerfinu en líklega dytti engum það í hug. Samt vilja sumir stöðva uppbyggingu áliðnaðar í hagstjórnarskyni.

Stjórnvöld bera ábyrgð á því að hér ríki efnahagslegur stöðugleiki. Náist slík markmið ekki er það á þeirra ábyrgð, ekki einstakra atvinnugreina. Eigi að endurheimta nauðsynlegan stöðugleika geta ábyrg stjórnvöld ekki sett einni atvinnugrein frekar en annarri stólinn fyrir dyrnar. Áliðnaður á Íslandi getur ekki tekið að sér það hlutverk stjórnvalda. Ábyrg efnahagsstjórn felst í því að beita ríkisfjármálum og peningamálastefnu til að ná slíkum markmiðum. Til að stuðla að efnahagslegum stöðugleika ættu stjórnmálamenn frekar að útlista hvernig þeir hyggjast beita hinum raunverulegu hagstjórnartækjum komist þeir til valda. Vissulega er verk að vinna að endurheimta stöðugleikann. Það er hins vegar ekki hlutverk áliðnaðar á Íslandi.

*Höfundur er hagfræðingur Samtaka iðnaðarins.*



**VITSMUNAHRÖRNUN**
Snorri Björn Rafnsson faraldsfræðingur varði á dögunum doktorsritgerð sem fjallaði um tengsl hjarta- og æðasjúkdóma við vitsmunahrörnun á efri árum.
HEILSA 2



**BARNAHERBERGIÐ**
Fylgihlutir í barnaherbergið geta verið endalaus uppspretta hugmynda og leikja, hvort sem það eru púðar eða snagar.
HEIMILI 5



## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Foreldrar og forráðamenn** fermingarbarna fá þessa dagana send póstkort með slagorðinu Hættan er ljós. Með kortunum er verið að benda á þá hættu sem fylgir því að ungt fólk fari í ljósabekki.



**Námskeið** um heyrn og heyrnartæki verður haldið á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar 17. apríl. Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna með einstaklingum sem nota heyrnartæki og aðstandendum þeirra. Skráning fer fram á hti@hti.is.

**Siv Friðleifsdóttir,** heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kynnti nýverið nýja lyfjastefnu til ársins 2012. Slík stefna til lengri tíma hefur ekki verið sett fram áður en í henni eru meðal annars dregin fram atriði sem mega betur fara í lyfjamálum hér á landi og sett fram áætlun um úrbætur.

### GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 13. mars, 72. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.54 | 13.37 | 19.22 |
| Akureyri | 7.40 | 13.22 | 19.05 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Sigrún er hagyrðingur og hefur samið fjölda vísna um hrossin sín. Hér er ein sem hún setti saman handa hestinum á myndinni, honum Frakka: „Lífi þegar leyst verð frá/ lít ég höfði og þakka/ góða fyrir guðs umsjá/ og gæðinginn hann Frakka.“
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA JÓHANNSDÓTTIR

# Einstakt samband

***Sigrún Ásta Haraldsdóttir segir reiðmennsku eina bestu líkamsrækt sem völ er á.***

Sigrún Ásta Haraldsdóttir, deildarstjóri á upplýsingatæknisviði Landspítalans, er á kafi í hestamennsku og heldur átta hross. „Ég hef fjögur hross í húsi, eina hryssu og þrjá hesta. Það er nefnilega á margan hátt einfaldara að halda hesta en hryssur. Þær eru stundum flóknari svipað og kvenfólkið.“

Að sögn Sigrúnar fer mikil vinna í hestamennskuna. „Ætli ég eyði ekki að meðaltali 25 tímum á viku í að sinna hestunum. Það þarf að halda hesthúsinu hreinu. Sjá til þess að hrossin séu vel fóðruð og fái nóga hreyfingu. Svo þarf nú að kjafta aðeins við nágrannana,“ bætir hún við og hlær.

Sigrún segir hestamennsku sömuleiðis dýra. Kostnaðurinn hafi af ýmsum ástæðum aukist síðustu ár. „Hestarnir búa núorðið í miklu flottari og dýrari húsum. Búnaðurinn er sömuleiðis vandaðri. Þetta er einfaldlega ekki sami molbúaháttur og var hér áður fyrr. Víða er hugsað virkilega vel um hrossin.“

Vinnan og kostnaðurinn hverfa þó að sögn Sigrúnar í skuggann af gleðinni sem hestamennskan veitir. „Það er svo félagslega gefandi að halda hest, svipað og að eiga hund eða kött. Reiðmennskan tekur almennu gæludýrahaldi fram, þar sem góður knapi getur laðað fram gæðinginn í hestinum.“

Sigrún er á því að reiðmennskan sé ein besta alhliða líkamsrækt sem völ er á. „Reiðmennska reynir á marga vöðva, skiljanlega þar sem stuttur túr með einum hesti tekur á bilinu tuttugu til sextíu mínútur, en lengri túr með fleiri hesta tvo til þrjá tíma. Svo fylgir vinnunni í hesthúsinu mikil líkamsþjálfun og góð útivera enda er ég í fínu formi.“

roald@frettabladid.is



**Borðum meiri fisk** er heiti á bæklingi með tuttugu fiskuppskriftum sem Lýðheilsustöð sendi nýlega inn á öll heimili í landinu. Markmiðið er að hvetja ungt fólk til að borða meiri fisk. Bæklinginn má nálgast á heimasíðu Lýðheilsustöðvar. www.lydheilsustod.is


Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán .- Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefst 20. mars n.k.
TÍMAR FYRIR BYRJENDUR: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
TÍMAR FYRIR LENGRA KOMNA: þriðjud- og fimmtudaga kl 17:30
SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 616 8595
JÓNA H. BJARNADÓTTIR * stafgönguþjálfi * sími 694 3571
STAFGANGA – áhrifarík leið til líkamsræktar

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
13. mars. Góð ráð fyrir heilbrigðan lífstíl!
Goran Kristófer Micic íþróttafræðingur
14. mars. Heilbrigði og hamingja
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
15. mars. Heilsukostur-Kökur og eftirréttir
Auður Konráðsdóttir meistarakokkur
20. mars. Mötum líffærin..hvaða matvara nærir hvaða líffæri?
Þórunn Birna Guðmundsdóttir Lic. A.c. M.T.O.M
29. mars. Heilsukostur-Kökur og eftirréttir
Auður Konráðsdóttir meistarakokkur

KELP
Fyrir húð, hár og neglur
Póstsendum um land allt
Heilsu-hornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

Láttu ljós þitt skína!
Orkurík gleðihelgi undir Jökli
Ertu tilbúin að taka á móti jákvæðum breytingum?
• Dans
• Jóga
• Hugleiðsla
• Leiklist
• Skemmtun
• NLP jákvæð hugþjálfun
• Sund
• Slökun
• Grænmetisfæði
• Bænir
Komdu með upp í sveit og endurnýjaðu þig á líkama og sál!
Námskeið fer fram helgina 20. - 22. apríl
Umsjón með námskeiðinu:
Marta Eiríksdóttir, leiklistar- og dansjóga kennari
Örn Jónsson, nuddari og Master í NLP hugþjálfun
Tryggðu þér pláss fyrir 1. apríl
Örn Jónsson
Púlsinn námskeið
Marta Eiríksdóttir
Skráning og nánari uppl. í síma 848 5366 og www.pulsinn.is




Dr. Snorri Björn stundar sínar faraldsfræðirannsóknir úti í Edinborg.

# Hjarta- og æðasjúkdómar geta aukið vitsmunahrörnun

***Snorri Björn Rafnsson faraldsfræðingur varði á dögunum doktorsritgerð sem fjallaði um tengsl hjarta- og æðasjúkdóma við vitsmunahrörnun á efri árum.***

„Rannsóknin mín sýnir að hjarta- og æðasjúkdómar geta aukið vitsmunahrörnun hjá eldra fólki. Jafnframt er vitað að þeir auka líkurnar á heilabilun. Mikilvæg ástæða er kölkun í slagæðum sem geta leitt til þrengingar eða blóðtappa í slagæðum heilans. Því væri hugsanlega hægt að fækka heilabilunartilfellum ef mögulegt væri að fyrirbyggja hjarta– og æðasjúkdóma,“ segir Snorri Björn spurður út í niðurstöður doktorsrannsóknarinnar. Hann segir þekkta áhættuþætti fyrir þessa sjúkdóma, svo sem háþrýsting og sykursýki 2, einnig auka líkurnar á vitsmunahrörnun þegar aldurinn færist yfir. Aðra áhættuþætti svo sem háa blóðfitu, reykingar og offitu segir hann minna hafa verið rannsakaða en mögulegt sé að þeir hafi einnig neikvæð áhrif á vitsmunastarfsemina.

Þau gögn sem Snorri Björn hafði í höndunum segir hann hafa komið frá vel útfærðri faraldsfræðirannsókn í Edinborg. „Rannsóknirnar beinast fyrst og fremst að fólki yfir 60-70 ára því tíðni vitsmunasjúkdóma er hæst hjá þeim aldurshópi. Hins vegar geta slíkir sjúkdómar átt sér langan aðdraganda og strax á miðjum aldri getur fólk verið komið í aukna áhættu, til dæmis ef það hefur hækkaðan blóðþrýsting. Áður hefur verið vakin athygli á hugsanlegu vanmati eða jafnvel misskilningi heilbrigðisstarfsmanna á þeim neikvæðu áhrifum sem hjarta– og æðasjúkdómar geta haft á vitsmunastarfsemina og ritgerðin dró fram í dagsljósið þá vankanta sem einkennt hafa rannsóknir á þessu sviði hingað til.“

Snorri Björn er Akureyringur en varði ritgerðina við Edinborgarháskóla. „Ég bjó á Akureyri að mestu þar til ég flutti af landi brott sumarið 2000 að nýloknu hjúkrunarnámi. Ég skráði mig í grískunám við Aþenuháskóla og að því loknu færði ég mig til Edinborgar að læra faraldsfræði við lýðheilbrigðisdeild háskólans haustið 2001. Ári síðar lauk ég MSc-prófi og í október hóf ég doktorsnám í sömu grein,“ segir Snorri Björn, sem síðastliðin þrjú ár hefur verið stundakennari í faraldsfræði bæði við Háskólann á Akureyri og Edinborgarháskóla.

Nú beinast kraftar hans að því að safna upplýsingum um tíðni sykursýki og hjarta– og æðasjúkdóma hjá minnihlutahópum í löndum Evrópusambandsins.

*gun@frettabladid.is*

# Hjálparsíminn veitir ráðgjöf vegna átröskunar

***Hjálparsími Rauða kross Íslands 1717 stendur fyrir átaki vikuna 12. til 19. mars þar sem sjónum er beint að málefnum þeirra sem þjást af völdum átröskunar.***

Hjálparsími Rauða krossins 1717 efnir til átaks tvisvar á ári þar sem vakin er athygli á sérstökum málaflokkum. Tilgangur átaksvikunnar að þessu sinni er að minna þá sem eiga við átröskun að stríða og aðstandendur þeirra á að þeir geti fengið ráðgjöf og upplýsingar um úrræði sem standa þeim til boða með því að hringja í Hjálparsímann 1717. Einnig er ætlunin að hvetja til umræðu í þjóðfélaginu um afleiðingar átröskunar jafnframt því að benda á leiðir til úrlausnar.

Átröskun er sívaxandi vandamál hér á landi og hringingar frá fólki sem haldið er sjúkdómnum hafa aukist hjá Hjálparsímanum 1717 síðustu ár. Að meðaltali má segja að sjálfboðaliðum Hjálparsímans 1717 berist að minnsta kosti einu sinni í viku símtöl frá fólki sem þjáist af átröskun eða aðstandendum þeirra. Hringingar í Hjálparsímann eru að meðaltali fimmtíu á sólarhring.

Hjálparsími Rauða krossins er landsverkefni allra deilda Rauða kross Íslands og er opinn allan sólahringinn, alla daga ársins. Ókeypis er að hringja í 1717 úr öllum símum.



Átröskun er sívaxandi vandamál hér á landi.

# Ungir neytendur

***Samstarfshópurinn Náum áttum heldur morgunverðarfund um börn og óbeina markaðssetningu í dag.***

Yfirskrift fundarins sem haldinn er á Grand Hótel er Miðlun án landamæra - börn og óbein markaðssetning. Hann hefst klukkan 8.15 og stendur til 10.00. Fyrirlesarar á fundinum eru Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna, María Kristín Gylfadóttir, formaður Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra, Sigurbjörn Reginn Óskarsson, starfsmaður Bústaða, og Ingólfur Hjörleifsson, framkvæmdastjóri SÍA. Opnar umræður fara fram í lok fundar og skráning fer fram á vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is.

*- eö*



Auglýsendur eiga oft auðvelt með að ná til barna í gegnum sjónvarp.








Rannsókn sýnir að streita veldur unglingabólum.

# Streita veldur bólum

***Stressuðum unglingum er hætt við bólum.***

Streita er ein orsök unglingabólna að mati vísindamanna við Wake Forest háskóla, sem könnuðu hvaða áhrif streituvaldandi þættir eins og próf hefðu á húð unglinga.

Rannsóknin var framkvæmd í Singapore, þar sem veðrið er tiltölulega hlýtt og gott, til að útiloka að það hefði einhver áhrif á niðurstöðuna.

Skólanemarnir, sem voru 94 talsins og flestir undir 15 ára aldri, voru látnir fylla út könnun sem er notuð við rannsóknir á streitu. Að svo búnu voru húðsjúkdómalæknar fengnir til að meta húð nemanna.

Niðurstaðan var sú að streita ylli bólum, þar sem húð nemanna versnaði. Hins vegar var ekki að sjá að fílapenslum eða graftarnöbbum á húð fjölgaði að ráði.

Vísindamennirnir telja að heimfæra megi niðurstöðuna upp á aðra húðsjúkdóma, ekki síst í ljósi þess að þegar eru tengsl á milli streitu og sjúkdóma eins og exems, sóríasis og þráláts kláða. Svo virðist sem húðin endurspegli að einhverju leyti hugarástand fólks.

*- rve*





Fermingartilboð

PAKKATILBOÐ
Dýnuhlíf, lak og pífa
30% afsláttur

Ný sending
af sængurverasettum
140x200 cm
140x220 cm
200x200 cm
200x220 cm



IQ-CARE heilsudýnur
1 gámur á sérverði
frá framleiðanda.
Verð á 120 cm rúmum
kr. 89.900,-
Fyrstur kemur fyrstur fær

Erum með
IQ-CARE heilsudýnur
Visco X heilsudýnur
Beauty Sleep
Healthy Box
Verð á 120 cm rúmum
frá kr. 34.900,-

Veljum góðar heilsudýnur fyrir vaxandi fólk!

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa
AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa
REYKJAVÍK

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga






## Persona.is

**PÁLL EINARSSON**
**PSYCHOTHERAPIST MSC SKRIFAR**

# Skömm

Það er ekki fyrr en fyrir rúmum 20 árum sem meðferðaraðilar fóru að fjalla um skömm og gera sér grein fyrir áhrifamætti hennar og afleiðingum fyrir líðan okkar. Í rauninni er skömm eðlileg mannleg tilfinning. Hún er nauðsynleg ef við viljum taka þátt í mannlegu samfélagi á ábyrgan hátt. Án heilbrigðrar skammar myndum við ekki setja okkur mörk í mannlegu atferli og myndum fljótlega lenda í vandræðum við laganna verði og annað fólk. Skömmin heldur aftur af okkur að gera það sem okkur langar til að gera og myndi hafa slæmar afleiðingar fyrir okkur og samfélagið. Það er einungis þegar skömmin verður fyrirferðarmikil í lífi okkar sem hún eitrar út frá sér og eyðileggingarmáttur hennar kemur í ljós.

Skömmin hefur verið kölluð Öskubuska tilfinninganna þar sem hún leynist oft í bakgrunni meðvitundarinnar, án þess að við tökum eftir henni, á svipaðan hátt og veggfóðrið á veggjunum hjá okkur. Það er á veggnum, en við erum hætt að taka eftir því. Önnur orð sem gjarnan hafa verið notuð til að túlka skömm eru feimni og það að fara hjá sér, en einnig gefur óöryggi oft til kynna að viðkomandi er að kljást við skömm innra með sér.

Skömm hefur líka verið ruglað saman við sektarkennd, en þessar tilfinningar fylgjast oft að og stundum getur verið erfitt að átta sig á hvað er hvað. Almennt séð fáum við sektarkennd ef við gerum eitthvað rangt, en skömmin snýst meira um það að eitthvað sé að okkur sem manneskju. Þannig séð snýr sektarkenndin að gjörðum okkar, en skömmin að okkar eigin sjálfi. Nú er það þó svo að þeir sem hafa mikla skömm geta átt það til þegar þeir finna fyrir sektarkennd að finna líka til skammar, þó það fari einnig eftir aðstæðum.

Það má rekja margt í mannlegu atferli til eitraðrar skammar eins og til að mynda fíknir í sínum mörgu myndum. Margir þekktir fíknarfræðingar í Bandaríkjunum vilja meina að skömmin sé eldsneyti fíknarinnar og miklu áhrifameiri þáttur heldur en erfðir og gen. Erfiðleikar með nánd í samböndum stafa oft af skömm og engin tilfinning hefur eins mikil áhrif á okkar sjálfsvirðingu eins og skömmin. Það má ganga að því sem vísu að sá sem er að fást við brotna sjálfsvirðingu er innra með sér að kljást við skömm, meðvitað eða ómeðvitað.

Þeir sem mest hafa fjallað um skömm eru nokkuð sammála um að djúpstæða skömm megi rekja til lítillar tengslamyndunar í fjölskyldunni. Sjálf okkar, sem er í raun upplifun okkar af sjálfum okkur, myndast og mótast mest á fyrstu árum okkar - frá því að við fæðumst og til þriggja, fjögurra ára aldurs. Þar með er ekki verið að segja að árin þar á eftir skipti ekki máli, heldur er grunnurinn lagður á þessum fyrstu árum.

Upplifun okkar af okkur sjálfum helgast af því hvort og hvernig þörfum okkar er fullnægt og þar er þörfin fyrir ást og nánd sú veigamesta í bernsku. Rannsóknir í taugalífeðlisfræði hafa sýnt að þegar börn fá þessum þörfum ekki fullnægt þá örvast ekki ákveðin svæði heilans sem lúta að sjálfsöryggi og sjálfsást. Þegar þörfum barns fyrir ást og nánd er ekki fullnægt leitar barnið inn á við og upplifir skömm sem það reynir svo að fela. Barnið kemst að þeirri niðurstöðu að það hljóti eitthvað að vera að því, ef þörf þess fyrir tengsl er ekki fullnægt. Að það sé eitthvað að hjá foreldrunum hvarflar yfirleitt ekki að barninu, því það sér foreldra sína sem fullkomna einstaklinga á þessum fyrstu árum sínum. Að sjá þá sem ófullkomna væri hreinlega of áhættusamt fyrir barnið, þar sem það setur allt sitt traust á foreldra sína.

Að verða fyrir sterkri höfnun frá foreldri seinna meir á barns- og unglingsárum vekur líka þessa sterku tilfinningu sem barnið/unglingurinn reynir síðan að fela eftir bestu getu. Viðbrögð eins og ofsareiði/heift eða fíknir samfara lögbrotum verða oft leiðir til að reyna að slökkva á þessari erfiðu tilfinningu.

Einelti í skóla og/eða að vera ekki eftirsóknarverð(ur) getur líka kveikt á skömminni, þar sem skilaboðin sem viðkomandi fær frá þjóðfélaginu og/eða skólasystkinum eru þau að hann/hún sé ekki í lagi sem manneskja og eigi ekki rétt á ást og virðingu.

Meðferð á skömm fer yfirleitt þannig fram að meðferðaraðilinn hjálpar viðkomandi að koma auga á þær hugsanir sem vekja upp skömm, jafnframt því sem áhersla er lögð á að vinna úr tilfinningum og skapa raunsæja mynd af sjálfum sér. Slík meðferð getur tekið mislangan tíma, allt frá nokkrum mánuðum til nokkurra ára, og fer það þá oftast eftir því hversu djúpstæð skömmin er.




# Tannburstun veldur flogum

***Hluti flogaveikra fær flog við tannburstun.***

Talið er að fimm prósent flogaveikra geti fengið kast við það eitt að bursta á sér tennurnar. Síendurtekin hröð hreyfing er álitin orsökin.

Þetta er niðurstaða rannsóknar sem ástralskir læknar framkvæmdu nýverið, eftir að sjúklingar kvörtuðu undan því að fá flogaköst í kjölfars tannburstunar.

Rannsóknin leiddi í ljós að sjúklingarnir fengu köst við að bursta ákveðin svæði munnsins. Svo virðist sem hreyfingin örvi tiltekin svæði heilans, sem eru viðkvæm fyrir.

Læknarnir líkja köstunum við flogaköst, sem ljósnæmir flogaveikissjúklingar fá, af völdum skærrar birtu og alls kyns mynstra á hreyfingu. Slík flogaveiki kallast einu nafni viðbragðsflogaveiki.

Læknarnir vilja nú ólmist komast að því hvers vegna aðeins fimm prósent flogaveikisjúklinga þjást af þeirri tegund flogaveiki. *- rve*



Talið er að viðkvæm svæði í heilanum örvist við tannburstun.






# Gott fyrir húðina

***Þurrburstun er orð sem heyrist sífellt oftar og margir eru farnir að bursta líkamann reglulega. Guðrún Eyþórsdóttir, snyrtifræðingur hjá Mecca Spa, veit ýmislegt um kosti þurrburstunar.***



Góðir burstar fást víða og í Body Shop má til dæmis fá þennan fína bursta.

Þurrburstun hefur mjög góð áhrif á líkamann að því leyti að hún örvar sogæðakerfið og blóðflæði og er eiturefnalosandi, að sögn Guðrúnar. „Þurrburstun nær auk þess í burtu dauðum húðfrumum þannig að húðin endurnýjar sig betur og verður fallegri,“ segir hún.

Gott er að nota þurrburstun að minnsta kosti einu sinni í viku, að sögn Guðrúnar. „Auðvitað er ekkert verra að bursta sig oftar og allt í lagi að gera það fyrir hverja sturtu. Best er að byrja niðri og vinna sig upp og við gerum það þegar við fáum fólk í Spa-meðferð til okkar.“

Guðrún segir að mikilvægt sé að nota góð rakakrem eftir að líkaminn hefur verið burstaður með þurrum bursta. „Ef líkaminn er burstaður áður en farið er í sturtu eru kremin borin á eftir hana en annars strax eftir burstunina,“ segir hún.

*- eö*



Guðrún segir að þurrburstun sé notuð í meðferðum hjá Mecca Spa.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


TT námskeið

# Vertu í góðum málum!

Ný námskeið hefjast 18. mars





Stelpur - Konur / Staðurinn - Ræktin

**Innritun stendur yfir í síma 581 3730.**

**Þú léttist og styrkist andlega og líkamlega!**
Átaksnámskeiðin sívinsælu fyrir konur á öllum aldri.

**TT-1**
- Lokuð 9 vikna námskeið 3 x í viku
- Fræðslufundir 1x í viku, vigtun og mælingar
- Líkamsrækt
- Glæsilegur lokafundur þar sem sérfræðingar í hári og förðun veita ráð
- Persónuleg þjónusta í notalegu umhverfi þar sem alger trúnaður ríkir
- Frjáls aðgangur að tímum í opna kerfinu og tækjasal

**TT-2**
- Lokuð 9 vikna framhaldsnámskeið eftir TT-1

**Loksins! TT á besta tíma: 16:30 og 17:40 og aukið rými fyrir morgunhænurnar: 6:15 og 7:20**

**Barnagæsla – Leikland JSB**

**Vertu velkomin í okkar hóp!**

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



TE & KAFFI

# Kaffið frá Te & Kaffi

Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.




stundin
bragðið
stemningin



ROYAL



**Orkan** á heimilinu verður allt önnur og betri ef skápar og skúffur eru lokuð. Öll hreinsiefni, kústar, ryksuga og tuskur eru best geymd inni í skáp og við það tekur heimilið á sig nýjan og fallegri svip.



Allir þekkja þá félagana Ástrík og Steinrík. Plastútgáfa af vinunum ásamt öllum úr þorpinu þeirra fæst í Einu sinni var og kostar 2.590 kr. Skemmtilegt bæði í leik og sem skraut í hillu.




Hello Kitty er komið aftur, en mikið æði gekk yfir á níunda áratugnum. Þessi skemmtilegi stóll fæst í Einu sinni var.



Rósóttur púði með sígaunabrag sem gefur barnaherberginu rómantískan blæ. Einu sinni var, 2.690 kr.



Sofandi köttur úr kanínuskinni sem lítur út eins og alvöru köttur. Hann er kjörinn í kjöltuna og fæst í Einu sinni var og kostar 1.890 kr.



Fuglsfæturnir henta börnunum vel sem vilja toga púðann á eftir sér. Glugg-inn 1.590 kr.

# Uppspretta hugmynda og leikja

***Fylgihluti í barnaherbergið ætti að velja með leiki í huga, því í barnaherberginu getur allt orðið hluti af leik.***

Börn líta heiminn öðrum augum en fullorðnir og ótrúlegust hlutir verða þeim uppspretta leikja. Börn eru hrifin af litum, mynstri og dýrum og gott að hafa það í huga þegar valdir eru fylgihlutir í barnaherbergið. Púðar eru góðir fyrir börnin því gjarnan vilja þau liggja eða sitja á gólfinu og því gott að geta dregið þá með sér og ágætt að hafa þá í líki tuskudýrs. Snagar, stólar og kommóður geta haft á sér ævintýralegan brag, því oftar en ekki er allt í herberginu nýtt til leikja.



Kuðungar og skeljar hafa ætíð heillað börnin. Box með kuðungum og skeljum fæst í Glugganum og kostar 490 kr.



Snagi undir flíspeysuna, skólatöskuna eða baðsloppinn. Glugg-inn, 350 kr.




Til sölu nokkrir gamlir en góðir byggingakranar í ýmsum stærðum og gerðum. Til afhendingar strax. DS lausnir ehf - Sími 824 0676.

## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. S. 893 3573.




**Lyftarahjólbarðar frá Trelleborg**
í úrvali. Á flestar gerðir lyftara, loftfylltir eða gegnheilir, svartir eða hvítir strikafríir. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Rvk, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.

## Bátar




**Suzuki utanborðsmótorar**
Suzuki utanborðsmótorar í miklu úrvali. Frábær verð. Suzuki Umboðið ehf. S. 565 1725 www.suzuki.is




Glæsilegir skemmtibátar 25 - 50 fet. www.batavik.is



**vatnasport.is**
Erum enn að taka pantanir á sérsmíðuðum bátum frá Campion. www.vatnasport.is Sími 822 4060.

## Bílaþjónusta







## Varahlutir

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, Nissan, Toyota. Dráttarbílaþjónusta, viðgerðir og sala á bílum. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd Dráttabílaþjónusta & Bílapartar.**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í Musso, Bens, VW, Skoda, Audi, Mmc, Freelander og fl. Opið mán.-föst. 9-18. Iðndalur 10. 190 Vogum. S 557 7551.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partar s. 565 3323**
Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á.m. Ford, Opel, Daewoo. Kaupum bíla

Partar VTS . Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opið 8-18. Lau. 10-15. Sími 421 8090.

**Bílapartar og þjónusta. S. 555 3560**
Subaru, Nissan, MMC, Toyota, Ford, Hyundai, Suzuki, Daihatsu, Opel, VW, Peugeot, Reno, Skoda o.fl. Dalshraun 20. Sendum frítt á flutning.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.

bilapartar@bilapartar.is

www.bilapartar.is

**Partasalan Sími 557 7740**
Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Varahlutir í Sunny árg. '93, Legacy '93, Accent '95. S. 896 8568.

# KEYPT & SELT

## Til sölu







## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Hljóðfæri

Gullfallegt Samick mahony píanó til sölu. C.a 10 ára gamallt, góður bekkur með geymsluplássi fylgir með. Ásett verð 250þ. Uppl. í s. 899 0832, Svavar.

## Tölvur




**Ódýrar tölvuviðgerðir**
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. Magnús s. 695 2095.

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

## Til bygginga

Verkfræði-, arkitekta- og rafmagnsteikningar, byggingarstjórn. Uppl. í s. 824 7587.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Öll almenn ræstingarþjónusta fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Sími 862 6778 & 868 5599. hreingerningar.is




Tek að mér regluleg þrif. Fyrirtæki og heimili. Einnig flutningsþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

## Garðyrkja




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar sem og að fá tilboð í garðslátt og önnur verkefni sumarsins. Húsfélög, einstaklingar og fyrirtæki, verið velkomin í hóp ánægðra viðskiptavina frá 1988! Garðar Best s. 698 9334.







Klippi runna, limgerði og felli tré. Önnur garðverk. Garðaþjónusta Hafþórs. S. 897 7279.

**Garðyrkja**
Felli tré, klippi, grisja og snyrti runna. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

## Bókhald




Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

Bókhald, skattskil, skattframtöl, fjármálaþj., stofnun félaga. SMCO-reikningshald og ráðgjöf. S. 866 1605.

**Bókhald og skattframtöl**
Vsk. uppgjör, launauppgjör og fleira. 5 ára reynsla ánægðra viðskiptavina. S. 865 9328.

## Fjármál

**Fjárhagsaðstoð**
Nánari upplýsingar í síma 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Markaðsstofan ehf, Nethyl 2d, 110 Rvk.

Framtalsþjónusta. Einfalt framtal kr. 3.000. Framtalsþjónusta HR sími 6634141.

## Ráðgjöf

**Fjárhagsaðstoð**
Nánari upplýsingar í síma 517 7701 & markadsstofan@markadsstofan.is

Markaðsstofan ehf, Nethyl 2d, 110 Rvk.

## Málarar

**Þarftu að láta mála?**
Alhliða málningarþjónusta. Tilboð. Uppl. í s. 866 3287.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 868 2310.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

**Búslóðarflutningar**
Píanó flutn. og allir alm. flutn. Allar stærðir bíla. Aukamaður ef óskað er. Uppl. i s. 616 1108 & 692 7078.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Húsaviðhald

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**ÓS verk**
Getum bætt við okkur verkefnum í innréttingauppsetningum, parketlögnum, flísalögnum og málun. S. 824 1956.
















892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).



Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa.Helga gefur frekari upplýsingar í síma:699-5423 eða netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Okkur vantar málara í vinnu eða menn vana málningarvinnu. Litalínan ehf S. 898 9591 & 896 5445.

Vanur járnamaður óskast til GG Járnaverktaka. Uppl. í s. 692 0367, Geiri eða 849 0880, Gulli.

### Efnalaug Grafarvogs

Starfskraftur óskast í efnalaug. Uppl. í s. 892 3423.

Vélavörður og matsveinn, óskast á 190T Togskip. Uppl. í s. 852 0718 & 866 7579.

Óska eftir hárgreiðslunema í stólaleigu eða fullt starf sem fyrst. Uppl. í s. 861 3434.

### Bakarí-Bístró Ármúla

Óskum eftir starfskrafti í almennt veitinga- og afgreiðslustarf, 20 ára og eldri, bílpróf kostur. Uppl í s. 898 1779.

### Góð aukavinna !

Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

## Atvinna óskast

INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK

Útvegum m.a.:

- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri

Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA

Hagasmára 1, 201 Kópavogi www.intjob.is

Útvegum starfsfólk frá Evrópu í ferðaþjónustu, verslun, heimilishjálp, fiskvinnslu o.fl. skv. óskum atvinnurekanda. Áralöng reynsla. Uppl. í s. 4878576, ninukot@ninukot.is, www.ninukot.is. Nínukot.

## TILKYNNINGAR

### Tilkynningar

**Reykjaskóli**

**Nemendur útskrifaðir 1957-1959**

**Hittumst á Litlubrekku (bakvið Lækjarbrekku) nk. föstudag 16.mars kl. 20. Léttur kvöldverður, spjall og söngur. Takið með myndir og aðrar og minningar frá gamla skólanum okkar ásamt góða skapinu. Yngri nemendur að sjálfsögðu velkomnir. Látið vita í s. 557 1971 eða 553 3142. Undirbúningsnefndin.**

## Ýmislegt



### Uppskriftir

Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

### Engar skuldir - Hærri tekjur

Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**ÁLFHOLT 44 - HF.**
**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 19:00-20:00**

Frum



Nýkomin í einkasölu sérlega rúmgóð og falleg 3ja herb. 95 fm. íbúð á 3ju hæð (efstu) í góðu litlu fjölbýli. Íbúðin er vel innréttuð m/nýstandsettu baðherbergi. Rúmgóð herb. og gott herb. í kj. sem fylgir íbúðinni. V. 19,4 millj. no. 1188896.

**Heiða og Sigursteinn bjóða ykkur velkomin.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

## ATVINNA

## Starfsmaður í heildsölu

Heildsala á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfsmanni.
Góð laun í boði í skemmtilegu umhverfi fyrir réttan aðila.
Þarf að geta byrjað sem fyrst.

Umsóknir óskast sendar á box@frett.is merkt Heildsala-1079

## Smiðir

### Kraftafl ehf auglýsir

### Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu

### Upplýsingar í síma 840 1616

10-11 ...þegar þér hentar

## FULLT STARF OG HLUTASTÖRF

10-11 óskar eftir duglegu og jákvæðu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu.Við óskum eftir starfsfólki í stöður vaktstjóra og þurfa umsækjendur að vera 20 ára. Einnig eru lausar stöður almennra starfsmanna og þurfa umsækjendur að vera 18 ára á árinu. Hjá okkur er andinn góður, félagslíf er virkt og taka starfsmenn verslana vel á móti nýliðum. Við bjóðum upp á margskonar vaktir, sem geta hentað með skóla, eða annari vinnu. Um er að ræða dagvaktir, kvöldvaktir og næturvaktir. Umsækjendum er bent á að hægt er að sækja um beint í verslunum okkar eða þá að senda inn umsókn á netinu.

Umsóknum er hægt að skila á vefnum
**www.10-11.is**

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is



**BAUGAKÓR 26 KÓPAVOGI**

**122 FM 4RA HERB EFRI SÉRHÆÐ Í NÝLEGU FJÓRBÝLI**

Vorum að fá í einkasölu glæsilega 122 fm efri hæð í fjórbýlishúsi með sérinngangi á þessum vinsæla stað. Rúmgóð forstofa með góðum skápum náttúrusteinn á gólfi. Inn af forstofu er rúmgóð geymsla með hillum og náttúrustein á gólfi. Glæsilegt eldhús með vandaðri eikarinnréttingu, keramik helluborð, ofn og vifta frá AEG allt stállitað. Góður borðkrókur náttúrusteinn á gólfi. Stofan er opin í eldhús með útgengi á stórarsvalir. Svefnh. með góðu skápaplássi. Tvö rúmg. barnah. m. skápum. Baðh. m. glæsil. hornbaðkari með nuddi, vönduð innrétt., flísal. í hólf og gólf. Rúmg. þv.hús. Eigandi er að leggja lokafrágang á íbúð þessa dagana og skilar gólfum í eldhúsi, holi, geymslu og þvottahúsi með náttúrustein á gólfum. Vandað eikarparket er á öðrum gólfum íbúðar. Halogen lýsing er í stofu og eldhúsloftum. Fyrir gluggum verða hvít rúllugluggatjöld. **Sérlega glæsileg eign laus fljótlega. Verð 32,9 millj.**

Frum



**SUÐURGATA 76 HAFNARFIRÐI**

**192 FM 4RA HERB. EFRI SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR**

Vorum að fá í einkasölu Sérlega falleg efri sérhæð í góðu tvíbýli 166 fm auk bílskúrs 26,2 fm samtals 192,2 fm. Góð forstofa, flísalögð. Stigapallur með góðum skáp. Rúmgott hol. Gott eldhús með vandaðri innréttingu flísar á milli skápa, háfur, keramik helluborð, borðkrókur. Gott þvottaherbergi með góðum skápum, flísar á gólfi. Gestasnyrting flísalögð. Stór og falleg stofa og borðstofa. Rúmgóður sjónvarpsskáli. Svefnherbergisgangur, útgangur út á rúmgóðar suður svalir. Tvö góð barnaherbergi Stórt baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf, sturtuklefi og baðkar. Rúmgott svefnherbergi með skáp. Flísar á skála, eldhúsi og baðherbergi. Parket er á stofu og herbergjum. Sérlega falleg og vönduð íbúð. Geymsla og góður bílskúr með hita og rafmagni á jarðhæð. Búið er að endurnýja alla rafmagnstengla og slökkvara. **Frábær staðsetning og útsýni. Verð 35,5 millj.**

Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

# Prentarar

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Ísafoldarprentsmiðja er elsta prentsmiðja landsins, stofnuð 1877.
Í dag starfa 75 starfsmenn hjá fyrirtækinu. Miklar fjárfestingar í vélum, tækjum og öðrum búnaði hafa átt sér stað síðustu misserin og er prentsmiðjan flutt í nýtt 7000m² húsnæði.
Hjá Ísafoldarprentsmiðju er unnið að mjög fjölbreyttum verkefnum, bæði á sviði rúlluprentunar og arkaprentunar.
Hjá okkur er m.a. Fréttablaðið prentað, ásamt fjölda annarra verkefna.

Vegna aukinna verkefna vantar okkur prentara til starfa sem fyrst.

Um er að ræða vinnu við prentun á heatset prentvélar fyrirtækisins.

Við leitum að starfsmönnum sem eru skipulagðir og eiga auðvelt með að vinna sjálfstætt.

Við bjóðum upp á fjölbreytt vinnuumhverfi.

Nánari upplýsingar veita:
Halldór Jakobsson yfirprentari – s: 664 0302 – halldor@isafold.is
Kjartan Kjartansson prensmiðjustj. – s: 664 0315 – kjartan@isafold.is

Suðurhraun 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | Fax: 59 50 310 | isafold@isafold.is | www.isafold.is

BÍLABLAÐIÐ ALLA LAUGARDAGA.
ÞAÐ BER ÁRANGUR!
Allar smáauglýsingar fara einnig frítt í viku inn á visir.is
Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
smáauglýsingar sem allir sjá

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**ICEX-15** 7.564 **-0,16%** **Fjöldi viðskipta:** 639 **Velta:** 10.041 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Teymi | +6,04% | Alfesca | -2,88% |
| Atlantic Petroleum | +1,30% | Eimskipafélagið | -1,94% |
| Straumur-Burðarás | +0,98% | Landsbankinn | -1,50% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,66 +0,83% ... Actavis 69,90 +0,00% ... Alfesca 4,72 -2,88% ... Atlantic Petroleum 625,00 +1,30% ... Atorka 6,83 +0,00% ... Bakkavör 64,50 +0,31% ... Eimskipafélagið 35,30 -1,94% ... FL Group 30,60 -0,33% ... Glitnir 27,50 -0,36% ... Kaupþing 1.044 +0,39% ... Landsbankinn 32,80 -1,50% ... Marel 74,00 -1,33% ... Mosaic Fashions 16,00 -1,24% ... Straumur-Burðarás 20,60 +0,98% ... Össur 127,00 +0,40%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Þrjú fyrirtæki bjóða í tíðnisvið þriðju kynslóðar

**Stór stund var í fjarskiptasögu landsins í gær þegar opnuð voru tilboð í uppbyggingu þriðju kynslóðar farsímanets, að sögn forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar. Útlit er fyrir að þrjú fyrirtæki séu um hituna, en fjögur rekstrarleyfi og tíðnisvið voru í boði.**



**HRAFNKELL V. GÍSLASON FORSTJÓRI PFS** Hrafnkell opnaði og fór yfir tilboð fjarskiptafélaganna þriggja sem sækjast eftir tíðniheimildum fyrir þriðju kynslóð farsíma á lokuðum fundi í gærmorgun. Viðstaddir voru tæknistjórar Vodafone og Nova, en enginn mætti frá Símanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrjú fjarskiptafyrirtæki uppfylla lágmarkskilyrði fyrir uppbyggingu þriðju kynslóðar í farsímatækni á Íslandi. Tilboð voru opnuð frá fjarskiptafélaginu Nova, Símanum og Vodafone hjá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) klukkan ellefu í gærmorgun.

Að sögn Hrafnkels V. Gíslasonar, forstjóra PFS, verður nú farið yfir tilboðin og kannað hvort félögin sem að þeim standa uppfylli ekki ítarlegri kröfur sem til þeirra eru gerðar í útboðsgögnum, svo sem um fjárhagslegt bolmagn. Stofnunin áætlar að ljúka þeirri skoðun hratt þannig að tíðnileyfum fyrir þriðju kynslóðar net verði úthlutað fyrir fyrsta apríl næstkomandi.

Fjögur tíðnisvið stóðu til boða og því ekki útilokað að pláss verði síðar fyrir fjórða félagið á markaði þriðju kynslóðar þjónustu. Ef fleiri félög en fjögur hefðu sóst eftir tíðnileyfi hefði komið til mats á gæðum tilboðanna, en þau fengu einkunn, til dæmis eftir hraða uppbyggingarinnar. Þannig fékk tilboð Nova, sem er nýtt fjarskiptafélag í eigu Novators félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, flest stig, eða 754,7. Í öðru sæti var Síminn með 726,9 stig og í þriðja Vodafone með 648,3 stig. Öll félögin gera ráð fyrir að bjóða á fyrsta eina og hálfa árinu í rekstri nálægt því fulla þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, en meðan þjónusta annars staðar á landinu verður byggð upp hægar. Útboðsskilmálarnir kveða hins vegar á um að þjónustan skuli ná til að minnsta kosti 60 prósenta íbúa á hverju svæði innan fimm ára frá því leyfi er úthlutað.



**LIV BERGÞÓRSDÓTTIR** Liv er nýráðinn framkvæmdastjóri Nova.

Nova kynnti jafnframt starfsemi sína í gær í tæknimiðstöð félagsins í gömlu vatnstönkunum við Háteigsveg í Reykjavík. Félagið hefur nú þegar byggt upp grunnkerfi þriðju kynslóðar þjónustu og hafið prófanir, eftir úthlutun tilraunaleyfis á síðasta ári.

Liv Bergþórsdóttir nýráðinn framkvæmdastjóri, sem áður var hjá símafélaginu SKO, segir stefnt á að bjóða símaþjónustu fyrir áramót. „Verðlagning verður samkeppnishæf við farsíma- og netþjónustu eins og hún er í dag,“ segir hún, en kostnaður við uppbyggingu kerfisins til að hægt sé að hefja þjónustu segir hún að nemi á annan milljarð króna. Fyrir árslok ætlar Nova að ná með þjónustu sína til höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness og til 80 prósenta landsmanna á næsta ári. olikr@frettabladid.is

# VBS metinn á 8,5 milljarða króna

Stjórnir Fjárfestingarfélags sparisjóðanna (FSP) og VBS fjárfestingarbanka leggja það til við hluthafafundi að félögin sameinist undir nafni VBS.

Markmiðið er að leggja áherslu á almenna fjárfestingarbankaþjónustu.

Gangi sameiningin eftir, sem er háð samþykki FME, fá hluthafar FSP 48 prósent í sameinuðu félagi en hluthafar VBS 52 prósent.

Ætlunin er að auka hlutafé VBS um tvö hundruð milljónir króna að nafnverði þannig að markaðsverð félagsins nemi um 8,5 milljörðum króna. FSP er fyrir samrunann stærsti hluthafinn í VBS með um 37 prósenta hlut.

Heildareign hins nýja fjárfestingarbanka verður um sautján milljarðar króna og eigið fé tæpir sex milljarðar. - eþa



**JÓN ÞÓRISSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI VBS** Lagt er til að VBS og FSP sameinist undir merkjum fyrstnefnda félagsins.

## Sjálfkjörið í stjórn Existu

Sjálfkjörið er í næstu stjórn Existu, sem tekur til starfa eftir aðalfund félagsins sem haldinn verður á morgun. Ágúst Guðmundsson, Bogi Óskar Pálsson, Guðmundur Hauksson, Lýður Guðmundsson, Robert Tchenguiz og Sigurjón Rúnar Rafnsson hafa gefið kost á sér til stjórnarsetu.

Samkvæmt samþykktum félagsins er heimilt að sjö manns skipi stjórnina. Fyrir fundinum liggur tillaga um að stjórnarformaður fái 550 þúsund krónur í laun á mánuði en aðrir stjórnarmenn helming af þeirri fjárhæð. - eþa

## Tap nam 16,4 milljörðum

Landsvirkjun skilaði 3,5 milljarða króna hagnaði á síðasta ári samanborið við hagnað upp á 6,3 milljarða króna árið á undan. Samdrátturinn nemur rétt tæpum 2,8 milljörðum króna á milli ára.

Rekstrarhagnaður Landsvirkjunar jókst á sama tíma úr rúmum 4,7 milljörðum króna árið 2005 í 9,8 milljarða króna. Tap varð hins vegar af rekstrinum fyrir skatta upp á rúma 16,4 milljarða króna í fyrra samanborið við 6,3 milljarða króna hagnað árið áður.

Í ársuppgjöri segir að horfurnar í ár séu góðar enda verði Fljótsdalsvirkjun tekin í notkun. Hins vegar er bent á að gengisþróun muni eftir sem áður ráða miklu um afkomu ársins. - jab

## Methagnaður hjá HSBC

HSBC, einn stærsti banki í Evrópu, skilaði 11,5 milljarða punda hagnaði á síðasta ári. Þetta jafngildir rúmum 1.500 milljörðum íslenskra króna sem er fimm prósenta hækkun á milli ára.

Afkoman er langt yfir væntingum greinenda, enda metafkoma í sögu bankans. - jab


**AÐALFUNDUR EXISTA HF.**
14. MARS 2007

EXISTA

Aðalfundur Exista hf. verður haldinn miðvikudaginn 14. mars 2007 á Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík og hefst fundurinn kl.17:00

**DAGSKRÁ:**

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar síðastliðins rekstrarárs.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning endurskoðunarfélags.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.
7. Tillögur til breytinga á samþykktum:
   a. Breyting á 4. gr. um heimild stjórnar til að hækka hlutafé félagsins um allt að 3.600.000.000 kr. að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.
   b. Breyting á 12. gr. vegna rafrænnar þátttöku í hluthafafundum og rafræna hluthafafunda.
   c. Breyting á 13. gr. um að á dagskrá aðalfundar verði tillögur um starfskjarastefnu.
   d. Breyting á 15. gr. um upplýsingar í framboðstilkynningu þeirra sem gefa kost á sér til stjórnarsetu.
8. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
9. Tillögur félagsstjórnar um heimild til útgáfu hlutafjár í evrum.
10. Tillaga um heimild til stjórnar til kaupa á eigin hlutum.
11. Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hlut-höfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins www.exista.com frá sama tíma.

Aðalfundur Exista mun fara fram á ensku.

**Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 16:00 á fundarstað að Nordica Hótel.**

*Reykjavík, 27. febrúar 2007*
*Stjórn EXISTA*

EXISTA hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 550 8600

**www.exista.com**



*Ástkær faðir minn, afi okkar og langafi,*

**Hákon Guðmundur Ólafsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 26. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, sérstakar þakkir til starfsfólks á Eir 2. hæð fyrir góða umönnun.

Sólveig Hákonardóttir, Jón Ingiberg Guðjónsson
Svava Hlín Hilmarsdóttir
Hákon Atli Birgisson, Fjóla Katrín Óskarsdóttir
Bergdís Lilja Hákonardóttir



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Freygerður Magnúsdóttir**

áður til heimilis að Klettaborg 4, Akureyri,

lést að dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 8. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 15. mars kl.13.30.

Þorleifur Jóhannsson, Olga Ellen Einarsdóttir
Símon Jón Jóhannsson, Selma Kristín Erlendsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Egill Einarsson**

Ársölum 5, Kópavogi,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 6. mars. Útför hans fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi miðvikudaginn 14. mars klukkan 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Hallfríður Guðmundsdóttir
Dýrleif Egilsdóttir, Gunnsteinn Sigurðsson
Einar Egilsson, Ester Ásbjörnsdóttir
Auður Egilsdóttir, Þorsteinn Hallgrímsson



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Torfi B. Tómasson**

stórkaupmaður, Tjarnarbóli 10, Seltjarnarnesi,

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag nýrnasjúkra.

Anna Ingvarsdóttir
Sigríður María Torfadóttir, Arinbjörn V. Clausen
Tómas Torfason, Karen Bjarnhéðinsdóttir
Anna Marsý, Rakel, Jens Pétur, Torfi,
Ásthildur Tómasdóttir Gunnarsson.



*Elskulegur vinur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Bergvin Hreinn Pálmason**

Vesturbergi 144, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut mánudaginn 5. mars sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 14. mars kl. 15.00.

Þóra S. Erlendsdóttir
Erlen S. Óladóttir, Björn Vigfússon
Aðalheiður S. Óladóttir, Sverrir Benónýsson
barnabörn og barnabarnabörn.

**ADAM CLAYTON ER 47 ÁRA Í DAG.**

*„Virðing fólks fyrir lögum og reglu fer algjörlega eftir því hve launaávísun þess er há.“*

*Bassaleikari U2 fæddist þennan dag árið 1960.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 13. MARS 1996**

## *Fjöldamorð í Dunblane*



**DUNBLANE** Thomas Hamilton myrti sextán börn og kennara þeirra.

Á þessum degi fyrir ellefu árum ruddist Thomas Hamilton inn í leikfimisal grunnskóla í bænum Dunblane í Skotlandi. Þar skaut hann á allt kvikt og myrti sextán börn á aldrinum fimm til sex ára, auk þess sem hann skaut kennara þeirra til bana og særði tólf önnur börn. Hann beindi síðan byssu að sjálfum sér og svipti sig lífi.

Hamilton þessum var lýst sem undarlegum einfara með afbrigðilegar tilhneigingar. Hann hafði ástríðufullan áhuga á skotvopnum og hafði verið rekinn úr starfi skátaforingja árið 1974 fyrir ósæmilega hegðun gagnvart börnunum sem hann hafði umsjón með. Breska þjóðin var harmi slegin vegna atburðarins enda var árásin í Dunblane hroðalegasta fjöldamorð í sögu landsins. Atvikið vakti reiði og óhug um alla Evrópu og þjóðarleiðtogar sáu ástæðu til að tjá sig um málið. Enginn hafði hugmynd um hvað Hamilton gekk til með voðaverkinu eða hvað það var sem fékk hann til að fremja ódæðið. Faðir hans, sem hafði yfirgefið Thomas og móður hans þegar drengurinn var tæplega tveggja ára, kom fram í fjölmiðlum og sagðist vera eyðilagður maður yfir því að vera faðir „þessa skrímslis“.

**EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR:** ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR SÝNDUR Í 150. SKIPTI

# Met-skilnaður Eddu Björgvins



**ÁSTA HIN YFIRGEFNA** Edda Björgvinsdóttur leikur yfirgefnu eiginkonuna Ástu í einleiknum Alveg brilljant skilnaður, sem hún hefur nú sýnt 150 sinnum.

„Já, þetta er nefnilega svo mikið met. Þetta er bara að verða eins og besti farsi,“ segir Edda Björgvinsdóttir, leikkonan dáða og snjalla, í samtali við Fréttablaðið. Í banastuði eins og svo oft.

Enda má Edda vera ánægð með sig og sína og sitt góða gengi á fjölunum því leikritið Alveg brilljant skilnaður hefur nú gengið von úr viti fyrir fullu Borgarleikhúsi. Verið í gangi í þrjú leikár og leikritið sýnt 150 sinnum. Sem Edda segir að sé nefnilega svo mikið met. Eða þannig. Nánast. Afar sjaldgæft er að leiksýningar nái þessum sýningafjölda og það þó litið sé allt til upphafs atvinnuleikhúss á Íslandi.

Edda hefur að sjálfsögðu skýringar á velgengninni á reiðum höndum.

„Sko, ég held að það sé vegna þess að hver einasta manneskja sem kemur á sýninguna lætur boð út ganga. Allir þekkja þessar erfiðu tilfinningar og svívirðingarnar sem hún lætur fjúka um fyrrverandi manninn sinn, sektarkenndina, það þekkja þetta allir. Og senda alla vini sína á sýninguna. Ég hef verið með frá ellilífeyrisþegum og niður í unglinga. Og þeir hafa virkilega notið þess að vera á sýningunni.“

Notið svívirðinganna?

„Jaaaaahhh, já.“

Leikurinn er á gamansömum nótum enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum og greinir frá ofur hvunndagslegri miðaldra konu, Ástu, en eiginmaður hennar til þrjátíu ára yfirgefur hana til að taka saman við yngri konu. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir og þýðandi og höfundur íslenskrar leikgerðar er Gísli Rúnar Jónsson. Í kvöld mun svo Edda sýna Alveg brilljant skilnað í síðasta skipti.

jakob@frettabladid.is



*Útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,*

**Jóns Tryggvasonar**

Ártúnum,

sem lést 7. mars síðastliðinn, verður gerð frá Blönduóskirkju laugardaginn 17. mars kl.13.30. Jarðsett verður í Bólstaðarhlíðarkirkjugarði.

Sigríður Ólafsdóttir
Ingi Heiðmar Jónsson, Harpa Ólafsdóttir
Tryggvi Þór Jónsson, Jóhanna Magnúsdóttir
Guðrún Þóranna Jónsdóttir, Guðmundur Guðmundsson
Klara Sólveig Jónsdóttir, Sigurður Friðriksson
Margrét Jónsdóttir
Ólöf Una Jónsdóttir, Þórarinn Ólafsson
Ásgeir Jónsson, Elín Fjóla Þórarinsdóttir
afabörn og langafabörn.



*Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,*

**Guðmundur Össur Gunnarsson**

(Mummi) Hátúni 10, Reykjavík,

lést 10. mars sl. Jarðarförin auglýst síðar.

F.h. aðstandenda,

J. Sóley Gunnarsdóttir.

AFMÆLI



**Erlingur Gíslason** leikari er 74 ára.



**Ari Teitsson,** fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, er 64.

FÆDDUST ÞENNAN DAG



**William H. Macy** leikari 1950.



**Edgar Davids** fótboltamaður 1973.



**70 ára**

afmæli

**Jón Kristinn Jónsson**

fyrrverandi sjómaður,

verður sjötugur á morgun 14. mars. Hann tekur á móti gestum á afmælisdaginn á heimili sínu, Hraunbæ 24, milli kl. 19-22.


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson, Hermann Jónasson, Geir Harðarson, Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

# ÞAÐ ER SKEMMTILEGRA AÐ VERA ÁSKRIFANDI

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 |  | X-FACTOR | 55,2% |
| 2 |  | GREY'S ANATOMY | 44,3% |
| 3 |  | PRISON BREAK | 42,1% |
| 4 | | SPAUGSTOFAN | 41,9% |
| 5 |  | AMERICAN IDOL | 41,3% |
| 6 | | SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS | 36,2% |
| 7 |  | NIP TUCK | 35,5% |
| 8 |  | KOMPÁS | 33,9% |
| 9 |  | COLD CASE | 33,7% |
| 10 |  | PUNK'D | 33,2% |

*Capacent könnun febrúar 2007. Áskrifendur 12-49 ára

skemmtilegri

**10 vinsælustu þættir hjá áskrifendum Stöðvar 2 samkvæmt nýjustu könnun Capacent***

365

Aðalfundur 365 hf. verður haldinn
á Radison SAS Hótel Sögu,
þriðjudaginn 20. mars 2007
og hefst hann kl. 16.00

# AÐALFUNDUR 365 HF

Eftirtalin mál eru
á dagskrá fundarins:

1 Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.

2 Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.

3 Ákvörðun um greiðslu arðs og hvernig fara skuli með hagnað eða tap.

4 Breytingar á samþykktum:

Tillaga um að samþykktum verði breytt á þann hátt að á aðalfundi skuli fjallað um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu.

Tillaga um að í samþykktum verði kveðið á um að viku fyrir aðalfund skuli leggja fram, hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, tillögu stjórnar um starfskjarastefnu.

Tillaga um að í samþykktum verði kveðið á um að upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verði aðgengilegar á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

5 Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

6 Kjör stjórnar til eins árs.

7 Kosning endurskoðanda fyrir næsta starfsár.

8 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.

9 Tillaga um heimild til handa stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti í félaginu, samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

10 Önnur mál sem eru löglega borin fram.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn sem ekki hafa þegar verið afhent, verða afhent á fundarstað við upphaf fundarins.

Stjórn 365 hf.


## STUÐ MILLI STRÍÐA: Tölvuleikur rústar öllu

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ÚTSKÝRIR AFBRÝÐISEMI



Í hverju einasta vikublaði og mánaðartímariti sem ég opna skrifa konur um hversu vonlaus karlpeningurinn geti verið. Þeir skilji ekkert tilfinningar og þrár spúsa sinna og viti ekkert hvernig eigi að koma fram við þær. Halda að það sé aðeins á færi nokkurra suðrænna spanjóla að koma við sálu þeirra en slíkir menn eru tunguliprari en andskotinn og geta smjaðrað hverja brók í bólið til sín.

Afbrýðisemi telst jafnan stór hluti af sambandinu og telja ófáir spekingar að dass af þessari ónotatilfinnningu geti viðhaldið spennu í sambandinu. Þeir höfðu þá ekki kynnst kærustu „vinar“ míns sem vart mátti sjá kynsystur sínar án þess að finna fyrir afbrýðisemi.

Félaganum þótti fátt jafn skemmtilegt og að sitja við leikjatölvuna og skjóta fólk í spað í ofbeldisfullum og mannskemmandi leik. Unnustan lét sér fátt um finnast, þótti þetta bara gott húsráð til að halda honum við efnið. Henni brá hins vegar í brún þegar hún sá húsbóndann aflima stúlku á skjánum og krafðist þess að slökkt yrði á umræddum leik. „Þú ert bara að skjóta hana af því þér finnst hún sæt!“ öskraði hún og drengstaulinn vissi varla hvaðan á hann stóð veðrið.

Í hans huga hafði umrædd stúlka verið vampíra sem ógnaði heimsfriðnum. En til að halda heimilisástandinu réttu megin við plúsinn bauð hann vopnahlé og leikurinn var geymdur til betri tíma. Í sakleysi sínu tók hann fram barnaleikinn Sims sem fjallar um nokkrar tölvuverur í tilbúnu samfélagi. Unnustan var himinlifandi en þegar persóna mannsins var komin með kærustu og barn varð tónninn annar. Öfugt við hina dökkhærðu raunheimakærustu var sýndarkærastan ljóshærð. „Af hverju valdirðu þér ekki einhverja sem er líkari mér?“ spurði hún og þegar hann reyndi að gera gott úr hlutunum og sagði henni að sú dökkhærða hefði ekki viljað hann reif kærastan tölvuna úr sambandi og tók hann á teppið fyrir stóðlíf sitt í tölvuheimum, þær væru ekki ein, heldur nokkrar!

# myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Vandaðar fermingargjafir
Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU
PIONEER DCS-353
5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI
Kraftmikill 360W RMS magnari · HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið · USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
· Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
3ja ára ábyrgð!
PIONEER-ORMSSON
Kr. 49.900
Nintendo
Nintendo DS Lite
LEIKJATÖLVA
BARA GAMAN!
BARA FLOTT!
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims. Frábært leikjasafn.
Kr. 16.900
Nintendo
Wii
LEIKJATÖLVA
NÝ UPPLIFUN!
Nær 5 milljón Nintendo Wii leikjatölvur seldar á 3 mánuðum um allan heim.
Kr. 29.900
SHARP XL-MP2H
· Geislaspilari, útvarp og kassettutæki · Spilar MP3/WMA, CD-R/RW
· Fyrirferðalítil og smekklega hönnuð stæða · Magnari: 2 x 5W RMS
· AM/FM útvarp með RDS · Vekjaraklukka · Tónjafnari · Einföld og þægileg fjarstýring
Kr. 12.900
SHARP XL-UH220H
· 5 diska geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2 x 50W RMS
· USB tengi - spilar tónlist beint af minniskubbum, MP3 spilurum o.fl.
· AM/FM útvarp með RDS og 40 stöðva minni · Vekjaraklukka
· 6 tónjafnarastillingar og X-BASS kerfi · Fullkomin fjarstýring
Kr. 35.900
Jamo i-200
· Stereo hljómtæki fyrir iPod · Innbyggð iPod vagga · Fyrirferðarlítil og skemmtileg hönnun · Fáanleg hvít eða svört · Vandaðir og kraftmiklir hátalarar · Sub-woofer pre-out - Möguleiki á að bæta við bassaboxi
· Skemmtileg þráðlaus fjarstýring fylgir til að stýra iPod-inum og hljóðstyrknum · Aux-inngangur fyrir MP3 spilara o.fl.
Kr. 22.900
OLYMPUS FE-210
· 7,1 milljón pixlar · 3x aðráttarlinsa (38-114mm)
· Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 15 handhægar tökustillingar
· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
Kr. 15.900
OLYMPUS Mju-760
· 7,1 milljón pixlar · Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 3x aðráttarlinsa (37-111 mm) · Nett og veðurvarið málmhús · Dual hristivörn - fljótandi myndflaga og aukin ljósnæmni · BrightCapture tækni eykur myndgæði við litla birtu · Videoupptaka með hljóði · 23 handhægar tökustillingar
· Hleðslutæki og Lithium-Lon rafhlaða fylgja
Kr. 29.900
Jamo S250 HCS 21
· Hágæða hljómtækjastæða og DVD spilara með 2 hátölurum og bassaboxi
· FM/AM útvarp með RDS · Styður PAL/NTSC Progressive Scan · Styður Dolby Digital, DTS, ProLogic o.fl. · USB tengi og Aux-inngangur f. MP3 og ljósmyndir · Magnari: 2 x 65W rated · Kraftmikið bassabox með innb. 200W magnara
Kr. 54.900
KVIKA
OLYMPUS SJÓNAUKAR
Gott úrval sjónauka af ýmsum stærðum.
Frá kr. 5.990
SAMSUNG
SAMSUNG YP-Z5F
Frábærir MP3 spilarar – flottir, vandaðir og öflugir.
· 43 klst. rafhlöðuending
· Lita skjár
· 4 litir - svartur, hvítur, silfur, bleikur
· 1 GB = 14.900 kr.
· 2 GB = 19.900 kr.
· 4 GB = 27.900 kr.
Frá kr. 14.990
SAMSUNG
LE19R71B/W
· 19" LCD-sjónvarp
· Upplausn: 1440 x 900
· Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
· Fáanlegt svart eða hvítt
· Svartími: 8 ms
· Contrast: 500:1
· Mynd-í-mynd (1 tuner)
· Hægt að nota bæði sem tölvuskjá og sjónvarp
· Tengingar: DVI, SCART, PC (VGA D-sub), AV, S-Video
Kr. 74.990
ORMSSON
ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800
ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900
ORMSSON RADIONAUST-AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
18. mars kl. 17.00 uppselt
25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00
Leikhópurinn Á senunni & Hafnarfjarðarleikhúsið
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI
SUOR ANGELICA
Giacomo Puccini
**ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR:** Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
**Frumsýning fim. 21. mars kl. 20**
2. sýn. sun. 25 mars kl. 20- 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**
*Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik*
**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
GLITNIR
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


**Stóra sviðið kl. 20:00**
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 18/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus** og kl. 17:00 **nokkur sæti laus**, sun. 25/3 kl. 14:00 **örfá sæti laus, aukasýning kl. 17.00**, sun. 1/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus.** sun. 15/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/4 kl. 14:00 **örfá sæti laus. Sýningum lýkur í apríl!**
**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
4. sýn. mið. 14/3 **uppselt**, 5. sýn. fim. 15/3 **uppselt**, 6. sýn. fös. 16/3 **örfá sæti laus,** 7. sýn. lau. 17/3 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 24/3 **nokkur sæti laus, mið. 28/3, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3, lau. 31/3.**
**Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.**
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker
Í kvöld þri. 13/3 örfá sæti laus. **ALLRA SÍÐASTA SÝNING!**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvísun skólaskírteinis.**
**ÍMYNDUNARVEIKIN** eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
**Franskur gestaleikur með íslenskum texta.**
Fim. 22/3 **örfá sæti laus,** fös. 23/3.
**Kúlan**
**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs.**
Lau. 17/3 kl. 13:30 **örfá sæti laus** og kl. 15:00 **nokkur sæti laus**, sun. 18/3 kl. 13:30 **nokkur sæti laus** og 15:00 **örfá sæti laus.**
**Síðustu sýningar!**
**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**
**Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.**
**Upplýsingar í miðasölusíma.**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR
**SÍÐAN SKEIN SÓL**
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900
**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 17/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20
Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20
**MEIN KAMPF**
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Allra síðasta sýning
**HÖRÐUR TORFA**
Kertaljósatónleikar
Mán 2/4 kl. 20 Miðaverð 3.100
**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20
Sun 1/4 kl. 20 Sun 22/4 kl. 20
**LADDI 6-TUGUR**
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS.
Lau 31/3 kl. 14 UPPS. Þri 3/4 kl. 20
Mið 4/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30
Fim 5/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl. 21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14
Fim 19/4 kl. 17 Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20 150.sýning! UPPS.
Þri 20/3 kl kl. 20 Allra síðasta sýning
**SÖNGLEIKURINN ÁST**
Í samstarfi við Vesturport
Lau 17/3 kl. 20 UPPS. Fim 22/3 kl. 20 UPPS.
Fös 23/3 kl. 20 Fim 29/3 kl. 20
**DAGUR VONAR**
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20 UPPS.
Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Sun 25/3 kl. 20
Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
**SÖNGLEIKURINN GRETTIR**
Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Sun 1/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Lau 14/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14
Síðustu sýningar
**KILLER JOE**
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Mið 14/3 kl. 20 Fim 22/3 kl. 20
Fös 23/3 kl. 20 Lau 24/3 kl. 20
**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
**FEBRÚARSÝNING Íd**
Sun 18/3 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 25/3 kl. 20
Síðasta sýning
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

**Kl. 11.00**
*Goethe-stofnunin sýnir þýsku bíómyndina Halbe Treppe eftir Andreas Dresen í Þjóðarbókhlöðunni við Arngrímsgötu. Í myndinni segir frá tvennum hjónum sem þurfa að glíma við gráma hversdagsleikans. Myndin er sýnd með enskum texta en aðgangur er ókeypis.*

## > Ekki missa af ...

**Hrefnu Róbertsdóttur** sagnfræðingi, sem er með kynningu á grunnsýningu **Þjóðminjasafnsins** í dag kl. 12.10. Einkum gripum frá 17. og 18. öld; kistlum, skápum og rúmfjölum, og einnig má nefna skart og silfur heldra fólks.



# menning

menning@frettabladid.is

## Kanna möguleika miðilsins

Á sýningunni „Augliti til auglitis“ eru ljósmyndir eftir franska myndlistarmenn en sýningu þeirri er ætlað að varpa ljósi á samtímaljósmyndun og möguleika hennar. Sýningin er liður í frönsku menningarkynningunni Pourquoi pas? og var opnuð í Listasafni Akureyrar um helgina.

Sýningarstjórinn Isabelle de Montfumat hefur unnið náið með listamönnunum sem hún valdi til þátttöku í þessu verkefni. Sýningin hófst í París og ferðast nú um heiminn. „Markmiðið með sýningunni er að sjá hvernig myndlistarmenn geta nýtt sér nýja möguleika í samtímaljósmyndun og hvernig skynjun getur breyst með ólíkum miðlum.“ Hún vísar þar ekki aðeins til framfara í ljósmyndatækni heldur einnig til breyttrar heimsmyndar og þróunar listarinnar. „Mér er ekki svo hugað um „ljósmyndarann“ sjálfan heldur hvað myndlistarfólk getur gert við þennan miðil og hvernig það nýtir sér hann.“ Isabelle útskýrir að nú sé komin fram ný kynslóð af mikilvægum listamönnum í Frakklandi og marga þeirra hafi hún valið til þátttöku á sýninguna. Í hópnum eru auk þess tveir af virtari myndlistarmönnum Frakka; gjörningalistakonan Orlan, sem þekkt er fyrir líkamsgjörninga sína, en hún var til dæmis þátttakandi á sýningunni Flögð og fögur skinn á Listahátíð árið 1998 þar sem listrænar „lýtaaðgerðir“ hennar vöktu mikið umtal, og myndlistarmaðurinn Roman Opalka, sem hefur unnið að sjálfsmyndarverki sínu „Momento Mori“ frá árinu 1965.



**ÞVERSAGNAKENNDAR SJÁLFSMYNDIR** Kimiko Yoshida „líkir eftir sjálfri sér“ og ummyndar sjálfa sig með vísan til ólíkra helgisiða.

Isabelle segir að andlitsmyndir og sjálfsmyndir hafi frá upphafi verið lykilþáttur í ljósmyndum en hún lítur á verkin á sýningunni sem „sjálfsmyndir sem teknar eru inn á við“. Myndirnar eru afar fjölbreyttar og listamennirnir nota mjög ólíka tækni og nálganir á miðilinn, ljósmyndin er þannig ekki tæki til skráningar minninga heldur listrænt tæki í heimi sem verður sífellt sjónrænni. Verkin spanna allt frá hreinklassískum verkum til „hreinna myndskratta“ eins og segir í sýningarskrá; „draummyndir, myndir af sjálfsmyndum þjóða, heimspekilegar myndir og félagsfræðilegar, skyndimyndir og uppstilltar. Þar má líka leita nýrra kennda – einkum í því hvernig listamaðurinn fangar lit, fegurð og viðkvæmni andlitsins; birtu, útlínur, hvarfmörk; spennu og tómarúm; það sem er viljandi, það sem er óviðráðanlegt og loks hið alveg uppstillta.“ Samtímaljósmyndun hefur þannig frelsað sig undan forhugmyndum okkar um ljósmyndina, því eins og Isabelle bendir á hafa myndlistarmenn tekið hana í sína þjónustu og gefið henni nýja vídd.

Sýningin stendur til 12. maí.

**kristrun@frettabladid.is**

## Spænsk lög sungin og leikin

Spænsk einsöngslög og dúettar frá ýmsum tímabilum hljóma á Háskólatónleikum í hádeginu á morgun, 14. mars. Valgerður Guðrún Guðnadóttir sópran, Hrólfur Sæmundsson barítón og Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari flytja verk spænsku tónskáldanna Albeniz, De Falla og Granado og argentíska tónskáldsins Morillo. Lögin eru allt frá barokktímanum fram á 20. öldina og heyra má bregða fyrir þjóðlögum, serenöðum og flamenco-tónlist með tilheyrandi látum.

Valgerður Guðrún Guðnadóttir lauk 8. stigi frá Söngskólanum í Reykjavík og útskrifaðist frá Guildhall School of Music árið 2000. Hún á að baki fjölda hlutverka í söngleikjum og óperum. Hrólfur Sæmundsson lauk meistaragráðu í einsöng við New England Conservatory of Music í Boston vorið 2001 en áður hafði hann lokið burtfararprófi frá Söngskólanum. Hrólfur hefur komið fram á yfir 100 tónleikum hérlendis, austan hafs og vestan og á næsta ári á Norðurlöndunum, auk Englands og Serbíu. Á næstunni syngur hann m.a. hlutverk Polypheme í Acis og Galateu, og kemur fram á tónleikum í Frakklandi og Ítalíu.



**STEINUNN BIRNA**

Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan píanókennaraprófi árið 1979 og einleikaraprófi tveimur árum síðar. Hún lauk meistaragráðu frá New England Conservatory of Music í Boston árið 1987. Hún hefur víða komið fram og hlotið margvíslegar viðurkenningar. Meðal þeirra einleiksverka sem hún hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands eru píanókonsert Griegs og Slátta eftir Jórunni Viðar, en hvort tveggja hefur verið gefið út á geisladiski. Hún er stofnandi og stjórnandi Reykholtshátíðar sem haldin er árlega í júlílok. Næsta haust leikur hún einleik með hljómsveitinni Virtuosi di Praga í Rudolfini-salnum í Prag og með Hljómsveit Sankti Kristófers í Vilníus.

**- pbb**

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
MIÐASALA | SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUS.IS
10. MARS KL. 20.00 – FRUMSÝNING
11. MARS KL. 20.00
17. MARS KL. 20.00
22. MARS KL. 20.00
23. MARS KL. 20.00
29. MARS KL. 20.00
Vesturport

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Heimsækja Hreindýraland

Alþjóðlega kvikmynda- og vídeólistahátíðin 700.is Hreindýraland verður haldin í annað sinn á Austurlandi í lok mánaðarins. Hátíðin er vettvangur fyrir tilraunakvikmyndir og vídeólist en myndirnar koma hvaðanæva að. Um 500 myndir bárust aðstandendum hátíðarinnar sem höfðu því úr nægu að moða þegar kom að því að móta dagskrána. Myndirnar verða sýndar víða um Austurland.

Hátíðin stendur í eina viku og hefst með uppákomu og glæsilegri dagskrá í Sláturhúsinu á Egilsstöðum 23. mars næstkomandi en daginn eftir verður efnt til heimildarmyndasýninga á Skriðuklaustri í samvinnu við Gunnarsstofnun. Þar verður einnig listamannaspjall þar sem myndlistarmennirnir Steina Vasulka, Rúrí og Finnbogi Pétursson munu taka þátt.

Auk myndasýninganna verða haldin námskeið og fyrirlestrar fyrir lærða sem leikna - til dæmis geta áhugasamir byrjendur lært undirstöðuatriði vídeólistar. Hátíðin er opin öllum og ókeypis á alla viðburði.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.700.is



**STEINA VASULKA MYNDLISTARMAÐUR** Verður í pallborði ásamt Rúrí og Finnboga Péturssyni.

# Bara skápur

Fræðsludeild Þjóðleikhússins og leiklistardeild Listaháskóla Íslands standa í fjórða sinn fyrir örleikritunarsamkeppni meðal framhaldsskólanema.

Hámarkslengd verkanna er tíu mínútur en lágmarkslengd fimm mínútur. Leikarar mega ekki vera fleiri en þrír og leikmyndin má aðeins vera einn skápur.

Verkin mega ekki hafa birst eða verið sýnd áður.

Handrit skilist rafrænt á netfangið fraedsla@leikhusid.is en upplýsingar um höfunda verka verða að vera aðskildar í sendingunni. Einnig má skila verkunum undir dulnefni á skrifstofu leiklistardeildar LHÍ að Sölvhólsgötu 13 merktum „Örleikritasamkeppnin Skápur“. Nafn höfundar, símanúmer og netfang skulu þá fylgja í lokuðu umslagi merktu dulnefninu.



Þátttakendum er velkomið að senda fleiri en eitt verk í keppnina. Úrslit keppninnar verða tilkynnt 3. apríl næstkomandi og munu leiklistarnemendur þá flytja bestu verkin.

Spron leggur til verðlaunafé til handa þremur hlutskörpustu leikskáldunum og rennur skilafresturinn út 19. mars.



**HJÖRLEIFUR VALSSON** Mundar fiðluna í Salnum í kvöld.

# *Svítur og sónötur*

Hjörleifur Valsson fiðluleikari heldur tónleika ásamt Ástríði Öldu Sigurðardóttur píanóleikara, Kristni H. Árnasyni gítarleikara og Tatu Kantomaa harmonikuleikara í Salnum í Kópavogi í kvöld.

Á efnisskránni er Svíta í gömlum stíl fyrir fiðlu og píanó eftir Alfred Schnittke, Sonata Concertata fyrir fiðlu og gítar eftir Niccolo Paganini, Svítan „Næturgali keisarans“ fyrir fiðlu, gítar og harmoniku eftir Václav Trojan, Sónata fyrir fiðlu og píanó eftir Leos Janácek og Z domoviny eftir Bedrich Smetana.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

10 11 12 **13** 14 15 16

**Þriðjudagur**

**SÝNINGAR**

☐ 11.00 Yfirlitssýning á verkum myndlistakonunnar **Rúrí** stendur yfir í **Gerðubergi**. Sýningin **Tími-Afstæði-Gildi** er opin virka daga frá 11-17 og milli 13-16 um helgar. Sýningin stendur til 15. apríl.

☐ 12.00 Árleg ljósmyndasýning **Blaðaljósmyndarafélags Íslands** stendur yfir í **Gerðarsafni** í **Kópavogi**. Á sama stað má sjá sérstaka sýningu á ljósmyndum sex ljósmyndara sem ber yfirskriftina Kárahnjúkar.

☐ 13.00 **Guðrún Kristjánsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Yfirskrift sýningarinnar er **Veðurfar** en hana er að finna í **Ásmundarsal** og **Gryfju**. Guðrún vinnur jöfnum höndum í þrykk, myndbönd og flytur verkið beint á vegg eða rúðu, með málningu eða útskorinni fólíu. Sýningin stendur til 25. mars.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Draumalandið
*eftir Andra Snæ Magnason*

***Frumsýning***
**16.mars föstudagur kl. 20:00**

**22.mars fimmtud. 2.sýn kl. 20:00**

**23.mars föstud. 3.sýn kl. 20:00**

**24.mars laugard. 4.sýn kl. 20:00**

**HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ**
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is





# Leonardo á fleygiferð um heiminn

Hún varð heldur stutt ferðin hjá bandaríska stórleikaranum Leonardo DiCaprio og kærustu hans, fyrirsætunni Bar Refaeli, hingað til Íslands í síðustu viku. Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardaginn lenti leikarinn í skjóli nætur aðfaranótt föstudags á Reykjavíkurflugvelli, svaf ferðaþreytuna úr sér og hélt strax um morguninn út á Jökulsárlón þar sem Annie Leibovitz tók myndir fyrir glanstímaritið Vanity Fair.

„Upphaflega ætlaði hann að vera yfir helgina en vegna fjölskylduaðstæðna dreif hann sig af landi brott strax á föstudagskvöldinu,“ segir Finnur Jóhannsson, framleiðandi hjá True North, sem aðstoðaði tökuliðið frá Bandaríkjunum og sá um að allt væri eins og best yrði á kosið fyrir stórstjörnuna. „En tökurnar gengu alveg rosalega vel og alveg að óskum. Ef allt fer samkvæmt áætlun ættu myndirnar að birtast annað hvort í apríl- eða maíheftinu,“ bætir Finnur við og segir DiCaprio hafa verið dreng góðan og lausan við alla stjörnustæla.

DiCaprio flaug ásamt Refaeli til Frankfurt, þar sem skötuhjúin höfðu stutta viðkomu, en þau voru síðan komin til Tel Aviv í Ísrael strax á mánudagsmorgun. Er þetta í fyrsta sinn sem DiCaprio hittir foreldra fyrirsætunnar en hann hafði áður verið í sambandi við brasilíska ofurmódelið Gisele Bündchen. Vafalítið hefur parinu verið hugsað til kyrrðarinnar við lónið fyrir austan því mikið fjölmiðlafár greip Ísraela þegar kvisaðist út að Titanic-stjarnan væri mætt til landsins. Fjöldi ljósmyndara beið þeirra á flugvellinum og þyrlur sveimuðu fyrir ofan hús foreldra fyrirsætunnar í von um að geta smellt heimkomuna á mynd. Refaeli er heimsfræg í heimalandi sínu og varð fyrsta ísraelska konan til að birtast á síðum baðfatablaðs Sports Illustrated. **- fgg**



**LEONARDO** Kom til Ísrael í gær en ísralska þjóðin ræður sér vart fyrir kæti vegna hins nýja tengdasonar þjóðarinnar.



**FINNUR** Sáttur við hvernig gekk á Jökulsárlóni þótt vissulega hefði hann viljað að DiCaprio dveldi lengur hér á landi.



**EIRÍKUR HAUKSSON** Eiríkur verður fimmti á svið þegar hann syngur lagið Ég les í lófa þínum.

# Fimmti í Helsinki

Eiríkur Hauksson verður fimmti á svið í Helsinki þegar hann syngur lagið Ég les í lófa þínum í undankeppni Eurovision í maí. Aðstandendur lagsins höfðu vonast til að verða fimmtu til áttundu á svið og urðu því himinifandi þegar þeir fengu tíðindin.

Upptökum á myndbandi við lagið lauk í síðustu viku. Fóru þær fram í Hvalfirði í miklum frosthörkum og vindi. Leikstjóri var Gunnar Björn Guðmundsson, sem nýlega lauk við Astrópíu, sem er væntanleg í kvikmyndahús. „Það var kalt en ofboðslega fallegt veður. Við vorum heppin með birtu og allt kom mjög vel út,“ segir lagahöfundurinn Sveinn Rúnar Sigurðsson.

Upptökum á enskri útgáfu lagsins er einnig lokið og er það nokkuð frábrugðið íslensku útgáfunni. Upphaflega stóð til að taka upp nýja útgáfu af íslenska laginu en ekki gafst tími til þess. „Ég er alveg himinlifandi með útkomuna,“ segir Sveinn Rúnar. **- fb**

# Mills og McCartney ná loks sáttum

**Það hillir undir endalok skilnaðardeilu Paul McCartney og Heather Mills en breska sunnudagsblaðið News of the World greinir frá því að þau hafi náð samkomulagi.**

Samkvæmt frétt News of the World hefur Paul McCartney lagt fram tilboð sem hljóðar upp á 29 milljónir punda; tæpa fjóra milljarða íslenskra króna. Mills verða boðnir rúmir þrír milljarðar í eingreiðslu auk þess sem hún fær glæsivillu þeirra í St. John's Wood í London. News of the World hefur áður greint frá sáttaumleitunum McCartney því í janúar var hann sagður hafa boðið Mills 32 milljónir punda, eða rúma fjóra milljarða, auk tveggja húseigna.

Má fastlega gera ráð fyrir að lögfræðingar McCartney meti dæmið þannig að vel hafi gengið í dómsölum undanfarnar vikur og að Mills hafi gert sér grein fyrir því að ef málið drægist á langinn gæti hún misst alla möguleika á að fá einhverja aura úr búi McCartney. Þá er jafnframt talið að Heather hafi látið undan í forræðisdeilunni yfir Beatrice, fjögurra dóttur þeirra. Vinum og vandamönnum Mills og McCartney ber ekki saman um hvort standi uppi sem sigurvegari. Úr herbúðum Mills heyrist sá orðrómur að McCartney vilji þagga niður í Mills í eitt skipti fyrir öll og koma í veg fyrir að hún leggi fram sannanir um heimilisofbeldið sem fyrirsætan hafi mátt þola. Starfsmenn McCartney láta hins vegar hafa eftir sér að Mills hafi gert sér grein fyrir fégræðgi sinni, hún hafi lítið sem ekkert til síns máls og að þess vegna vilji hún loksins ganga að samningaborðinu. „Lögfræðingar þeirra beggja hittast reglulega utan réttarsalsins og reyna til hins ítrasta að komast að samkomulagi,“ er haft eftir heimildarmanni News of the World.

Blaðið hefur eftir nánum vini bítilsins fyrrverandi að hlutirnir hafi tekið óvænta stefnu síðustu daga. Fyrst hafi Mills viljað fá svimandi háar upphæðir og fullt forræði yfir Beatrice. „Núna reiknum við hins vegar með því að semja við hana,“ lét þessi ónafngreindi maður hafa eftir sér. Innanbúðarmaður úr herbúðum Mills sagði hins vegar að Mills liti ekki á samkomulagið sem einhverja þöggun fyrir sig. Hún ætli sér að greina frá ofbeldishneigð og áfengisdrykkju Pauls. „Ég vil að breska þjóðin heyri sannleikann um Paul og hegðun hans,“ er haft eftir Mills.

Þrátt fyrir að hjónakornin fyrrverandi hafi getað haldið ró sinni frammi fyrir dómara hefur blaðið eftir heimildarmönnum sínum að fúkyrðin gangi enn á milli. „Ég get ekki beðið eftir því að þurfa aldrei aftur að sjá smettið á þér,“ er Paul sagður hafa öskrað í síma en Mills ku hafa svarað að bragði: „Þú losnar aldrei við mig.“ Paul hefur jafnframt sagt við vini sína að hann búist við því að Mills eigi eftir að daga uppi sem einskisnýt raunveruleikaþáttarstjarna og líkti henni við Önnu Nicole Smith.



**HEATHER MILLS** Er sátt við samkomulagið en lofar því að hún muni ekki þegja yfir því ofbeldi sem Paul hafi beitt.



**PAUL MCCARTNEY** Borgar Heather Mills 29 milljónir punda í uppgjöri vegna skilnaðarins.


## Gleðilegar ræstingar – og farsælan vinnudag!

TASKI Swingo 1250 B
Hentar meðalstórum fyrirtækjum og stofnunum.
Raunhæf afköst 1250m²/klst



TASKI Swingo 450
Einstaklega lipur vél sem hentar vel þar sem er þröngt.
Raunhæf afköst 450m²/klst

Nánari upplýsingar veita sölumenn og ráðgjafar hjá RV

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Rekstrarvörur – vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6226


# Gettu betur um ambögur

Ágæti lesandi. Innblað Fréttablaðsins býður í tilefni dagsins upp á stuttan samkvæmisleik málfræðilegs eðlis. Lestu eftirfarandi setningu og stoppaðu ef þú sérð málfarsvillu:

***„Þarna var spurt um Louisu Matthíasdóttir.“***

Já, það var rétt! „Matthíasdóttir“ er rangt. Rétt íslenska er að segja: „Matthíasdóttur.“

Meira:

***„... hann var rekinn úr tékkóslóvneska kommúnistaflokkinum...“***

Bíng. Rétt svar! Rangt er að segja „tékkóslóvneska“. Á sínum tíma hefði staðist að segja „tékkóslóvakíska“ en á þessum degi, þessari öld, fer betur á að segja „tékkneska“ (þó að strangt til tekið sé ekki um nákvæmlega sama fyrirbærið að ræða). Aukastig fæst svo fyrir að sjá að hæpið telst að segja „kommúnistaflokkinum“ en samkvæmt Orðabók Háskólans, þar sem fjallað er um beygingu íslensks nútímamáls, væri rétt beyging í þágufalli með greini: Hér er flokkurinn, um flokkinn, frá flokknum til flokksins. Rétt hefði því verið að segja: Rekinn úr tékkneska kommúnistaflokknum.

Eftirfarandi ambögur eru fengnar að láni frá þeim félögum í Gettu betur – spurningakeppni framhaldsskólanna, Sigmari Guðmundssyni sem fjallaði um Louisu Matthíasdóttur og Davíð Þór Jónssyni sem kom fram með sína útgáfu á „tékkóslóvneska kommúnistaflokkinum“. Kann Fréttablaðið þeim bestu þakkir fyrir skemmtilegan efnivið. **- jbg**



**GETTU BETUR-FÉLAGAR** Davíð og Sigmari kann blaðið bestu þakkir fyrir skemmtileg dæmi í leikinn.



**SIGMAR GUÐMUNDSSON**


VENUS
SÝND Í REGNBOGANUM
PETER O'TOOLE
VENUS
ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNING
Besti Leikari í Aðalhlutverki
★★★★
„...FRÁBÆR SKEMMTUN
þar sem bíógestir fá tækifæri til að berja augum galdur stórleikarans Peter O'Toole, sem býr enn yfir ólýsanlegum seið. Ekki síst sannar hún, ef einhver er í vafa, að myndir um „gamlingja" geti verið hin besta skemmtun hjá öllum aldurshópum."
- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið 12. mars
★★★★
„Að fá að njóta augnablikanna með þessum ennþá geislandi táknum um reisn og mikilfengleik breskra afburðaleikara frá því á síðara hluta aldarinnar sem var að líða er tignarlegri upplifun en orð fá lýst. UM SINN FYLLIST SALURINN GAMALLA BLÓMA ANGAN."
- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið 12. mars
FRÁ LEIKSTJÓRA NOTTING HILL
KLIPPIÐ HÉR!
Gullnu reglur Græna ljóssins
1 Ekkert hlé
Myndin sýnd í einum rykk
2 Minna af auglýsingum
Sýning myndarinnar byrjar fyrr
3 Engin truflun
Miðasölu lýkur þegar sýning myndar hefst
FRÉTTABLAÐIÐ
Lesendur Fréttablaðsins fá 2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar.
Framvísaðu þessari úrklippu í miðasölunni til að fá tilboðið. Tilboðið gildir föstudag, laugardag og sunnudag á allar sýningar.
græna ljósið
- Ekkert hlé á góðum myndum
www.graenaljosid.is – Skráðu þig á póstlistann og þér verður boðið á forsýningar allra mynda Græna ljóssins







Frönsk- Kvikmyndahátíð 3.Mars Til 1. Apríl — Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50-8:10-10:30 | B.i.12 | TELL NO ONE | kl 17:40 - 22:20 | |
| BREAKING AND EN... | kl. 10:40 | B.i.12 | PARIS, JE T'AIME | kl 20:00 | |
| LETTERS FROM IW... | kl. 8 | B.i.16 | LE PERE NOEL | kl.17:45 | |
| PERFUME | kl. 8 | B.i.12 | LA PETITE JERUSALEM | kl.20:00 | |
| DREAMGIRLS | kl. 5:30 | B.i.7 | LA VIE PROMISE | kl.22:15 | |
| BABEL | kl. 10:40 | B.i.16 | FORELDRAR | kl. 6 | |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD & CHOCOLATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | B.i.12 | ALPHA DOG | kl. 5:50 - 8 | B.i.16 |
| MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | Leyfð | THE BRIDGE TO TER... | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð |
| MUSIC & LYRICS VIP | kl. 3:40 - 5:50 - 8 -10:20 | | VEFURINN HEN... M/- Ísl tal | kl. 3:40 | Leyfð |
| SMOKIN ACES | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| BREAKING AND ENTERING | kl. 10:20 | B.i.12 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| HANNIBAL RISING | kl. 8 - 10:20 | B.i.16 | | | |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| NORBIT | kl. 5:50 - 8 -10:20 | Leyfð | |
| MUSIC & LYRICS | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL |
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:40 | B.i.16 | |
| BRIDGE TO TERABITHIA | kl. 5:50 | Leyfð | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| NUMBER 23 | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| MUSIC AND LYRICS | kl. 8 | Leyfð |
| GHOST RIDER | kl. 10:10 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MUSIC & LYRICS | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð |
| THE BRIDGE TO TERE... | kl. 6 | Leyfð |
| BLOOD & CHOCOLATE | kl 8 - 10 | B.i.12 |

300 Forsala hafin, tryggðu þér miða í tíma uppselt hefur verið á allar forsýningar

Kynntu þér sýningartíma á SAMbio.is


# Á leið til Memphis

Tónlistarmaðurinn Mugison ætlar að ferðast til Memphis í Tennessee, heimaborgar Elvis Presley, í næsta mánuði til að taka upp lög á næstu plötu sína. Þar mun hann njóta aðstoðar nokkurra blúshunda í borginni sem munu leggja sitt af mörkum við upptökurnar.



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison ætlar að gefa út nýja plötu síðar á árinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Platan er væntanleg síðar á þessu ári og segist Mugison strax vera orðinn spenntur fyrir útkomunni, enda sé töluvert efni þegar tilbúið. „Síðasta plata var ástarplata en kannski þessi sé meira svona „midlife crisis"-fílingur þar sem ég er búinn að kaupa mér leðurjakka og fitna aðeins," segir Mugison í léttu gríni. „Hún er mjög blönduð. Þarna verður slatti af góðum rokklögum, „power-ballaða" og elektróník. Þetta verður miklu stærri plata en áður með fleiri heilum lögum."

Upptökur á plötunni hafa staðið yfir í hljóðveri Mugison á Ísafirði að undanförnu og á meðal þeirra sem hafa aðstoðað hann er píanóleikarinn færi Davíð Þór Jónsson úr Flís.

Síðasta plata Mugison, Mugimama is this monkeymusic?, naut mikilla vinsælda þegar hún kom út árið 2004. Fékk hún m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin.

**- fb**

# Nóg komið af Hugh Grant

Mér er gjörsamlega fyrirmunað að skilja af hverju Hugh Grant nennir að gera bíómyndir. Hann leikur jú ávallt sömu persónuna, taugaveiklaðan, vandræðalegan en hnyttinn Breta sem lendir í ástarævintýri með konu sem er fjórtánhundruð sinnum fallegri en hann sjálfur. Hugh Grant er ekki góður leikari og þetta virkaði síðast hjá honum fyrir áratug síðan en hann gefst ekki upp.

Meðleikkona hans í Music and Lyrics, Drew Barrymore, er líka sjóuð í rómantískum gamanmyndum og ágætlega fyndin ennþá. Í kringum þetta óvænta par, útbrunna poppstjörnu og unga konu með munnræpu og rithöfundadrauma, er líka slatti af kunnuglegum andlitum frá Hollywood. Þar er líka eitt nýstirnið til, leikkonan Haley Bennet sem stendur sig vel í rullu ljóshærðu poppgyðjunnar og dillibossans Coru Corman.

Söguþráðurinn er álíka fyrirsjáanlegur og síðustu forsetakosningar en umhverfi myndarinnar er harður og yfirborðslegur tónlistar- og afþreyingarbransi sem mátulega mikið grín er gert að. Svo eru eðlilega tónlistaratriði í myndinni þar sem upprunalegt markmið skötuhjúanna er að semja frábært popplag um ástina.

Til að gera langa sögu stutta þá er þetta ósköp sæt og metnaðarlítil mynd með afar klassískan boðskap um að maður eigi bara að vera maður sjálfur og fylgja hjartanu því þá verði maður hamingjusamur og frægur. Leikararnir gera hvað þeir geta úr rislitlu handriti, hr. Grant meira að segja syngur og dansar – sem kannski var helsta ögrunin þetta árið? Senurnar eru ekkert augnayndi né eftirminnilegar, þetta er til dæmis ekki týpísk New York-mynd þótt hún eigi að gerast þar.

Það má alveg flissa yfir þessu en þá myndi ég frekar gera það eitthvert þynnkulegt og drýldið síðdegi í sófanum heima.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



**KVIKMYNDIR**

**Music and Lyrics**

**Leikstjóri:** Marc Lawrence

**Aðalhlutverk:** Hugh Grant, Drew Barrymore, Brad Garrett, Kristen Johnston.

★★

Fyrirsjáanleg sunnudagsvídeómynd.





*Það er engin ástæða til að láta sér líða illa.*
*Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.*

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

**Vectavir** krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Otrivin** nefúðinn og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Strepsils** töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Hverri pakkningu fylgja viðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.
**Voltaren Dolo®** (díklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tannpínu og tíðaþrautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbúprófen eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.




TILBOÐ 2 FYRIR 1

Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.

Gildir til og með 16. mars

Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð

GLITNIR

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

## > Stjarnan greiddi dómarareikninginn

Fréttablaðið greindi frá því fyrir um viku síðan að Þorsteinn Rafn Johnsen, formaður handknattleiksdeildar Stjörnunnar, hefði rifið reikninginn frá dómurum í leik Stjörnunnar og Fram í DHL-deildinni og sagt að ekki kæmi til greina að greiða hann. Þetta átti sér stað skömmu eftir leik en Þorsteini rann reiðin áður en helgin var öll og greiddi að sjálfsögðu dómurunum á mánudeginum. Engu að síður gæti hann átt yfir höfði sér sekt frá HSÍ sem ku ekki hafa orðið hrifið af uppákomunni og framkvæmdastjórinn fór fram á það við aganefnd að hún skoði mál hans á fundi sínum í dag.



# sport

sport@frettabladid.is

BERGUR INGI PÉTURSSON: BÆTTI ÍSLANDSMETIÐ Í SLEGGJUKASTI UM 50 SENTIMETRA

# *Vonandi er von á meiru í sumar*

Bergur Ingi Pétursson, 22 ára sleggjukastari úr FH, hóf utanhússtímabilið á besta mögulegan hátt um helgina þegar hann bætti 13 ára gamalt Íslandsmet Guðmundar Karlssonar um 50 sentimetra. Bergur kastaði 66,78 metra og átti alls fimm köst yfir 61 metra. „Ég vona að það sé von á einhverju meiru í sumar," segir Bergur sem hafði kastað lengst 65,98 metra árið 2005. Bergur kastaði lengst 64,96 metra í fyrra en þá keppti hann lítið vegna meiðsla.

„Ég var slæmur í bakinu í fyrra og náði þá ekki að gera eins vel og ég vildi. Ég átti þetta því inni," segir Bergur sem hlakkar til að keppa við betri aðstæður.

„Það var ógeðslegt veður en það virtist þó ekki hafa slæm áhrif. Það er spurning hvort ég eigi ekki eitthvað inni þegar það fer að hitna í veðri," segir Bergur sem ætlaði sér alltaf að taka metið.

„Mig hefur langað að taka metið síðan 2005. Það er frábært að ná að taka metið á fyrsta mótinu í ár," segir Bergur sem fær mest út úr því að bæta sig.

„Það skemmtilegast við þetta er þegar maður bætir sig.



Það gefur mér ánægjuna og orkuna til þess að halda áfram að æfa. Það er rosalega erfitt að æfa þessa íþrótt og þá sérstaklega hér á landi þar sem maður er bara einn að kasta. Maður fer að tala við sjálfan sig sem er ekki það besta sem íþróttamaðurinn gerir," segir Bergur sem er kominn inn á Evrópumeistaramót unglinga 22 ára og yngri en framtíðarmarkmiðið er ekki alveg á hreinu.

„Ég ætla að æfa nógu mikið og sjá til hvað gerist næst. Miðað við þetta þá veit ég ekki hvað ég get gert næst. Það opnuðust þarna dyr sem ég vissi ekki að myndu opnast svona fljótt," segir Bergur en Guðmundur Karlsson, sá sem átti metið og hefur æft með stráknum hefur skoðun á hvert hann eigi að stefna. „Ég er með markmið fyrir hann og hef sagt honum frá því. Það er að ná Ólympíulágmarkinu fyrir Peking sem er 74 metrar," segir Guðmundur Karlsson. „Það er alveg hægt. Ef honum tekst að einbeita sér að sportinu með réttum stuðningi þá er ýmislegt hægt í þessu," sagði Guðmundur.

Kvennalið HK:

## Erlingur tekur við af Díönu

**HANDBOLTI Erlingur Richardson verður næsti þjálfari kvennaliðs HK samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hann tekur við starfinu af Díönu Guðjónsdóttur sem hefur unnið gott starf með liðið sem vakið hefur verðskuldaða athygli.**

**Erlingur þjálfaði karlalið ÍBV síðast en hann hefur einnig þjálfað kvennalið félagsins. HK teflir fram ungu og efnilegu liði og hefur á skömmum tíma eignast A-landsliðsmenn.** - hbg

Enska bikarkeppnin:

## Stórliðin geta mæst í úrslitum

**FÓTBOLTI** Chelsea og Manchester United geta mæst í úrslitaleik ensku bikarkeppninnar 19. maí. Þetta varð ljóst þegar dregið var í undanúrslitin í gær.

Bæði liðin gerðu jafntefli í 8 liða úrslitunum um helgina og þurfa að spila að nýju; Chelsea við Tottenham og Manchester United á móti Middlesbrough. Sigurvegari úr Chelsea-leiknum mætir Blackburn Rovers en sigurvegarinn úr leik Man. Utd og Boro mætir Watford.

Þessi stóru ensku lið gætu einnig mæst í úrslitum Meistaradeildarinnar. - óój

# Þjálfari toppliðs kvennaboltans gagnrýnir landsliðsþjálfarann

**Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, er ósáttur við fyrirætlanir Júlíusar Jónassonar landsliðsþjálfara og óttast að þær muni koma niður á liðinu. Júlíus segir nauðsynlegt fyrir liðið að æfa meira og betur.**

**HANDBOLTI** Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar sem á flesta fulltrúa í landsliðinu, gagnrýnir Júlíus Jónasson landsliðsþjálfara fyrir ætlanir sínar með kvennalandsliðið í sumar. Aðalsteinn segir rangt að fara með stelpurnar í sex vikna æfingabúðir skömmu eftir tímabil og það muni aðeins koma niður á leikmönnunum. Júlíus blæs á gagnrýni Aðalsteins og segir nauðsynlegt að æfa vel ætli landsliðið sér að ná lengra á alþjóðavettvangi. Þess utan séu stelpurnar ánægðar með fyrirætlanirnar.

„Það var haldinn fundur með þjálfurum í október og síðan hefur ekkert verið meira rætt við okkur um framhaldið og því kunna menn illa enda um okkar leikmenn að ræða. Mér finnst furðulegt að það sé hægt að taka leikmenn í sex vikur án þess að ráðfæra sig við félagsliðin eða þjálfarana. Svo er næsta verkefnið ekki fyrr en í nóvember," sagði Aðalsteinn en umræddar æfingar verða frá 7. maí til 15. júní. Á þessum tíma verða leiknir níu landsleikir að sögn Aðalsteins sem þýðir að þéttar er spilað en í úrvalsdeild kvenna hér á landi.





**Á ÖNDVERÐUM MEIÐI** Þeir Júlíus Jónasson og Aðalsteinn Eyjólfsson eru ekki á sama máli um hvernig þjálfa skuli handboltastelpur.

HSÍ tjáði Fréttablaðinu aftur á móti í gær að þessir leikir yrðu ekki fleiri en sex. Aðalsteinn skilur engu að síður ekki hvað Júlíusi gengur til með þessar löngu æfingabúðir á þessum tíma.

„Liðin eru að undirbúa sig um sumarið til að vera í toppformi í september þegar deildin byrjar og það er landsliðinu fyrir bestu að þessir leikmenn séu í sína besta líkamlega formi þegar alvaran fer fram hjá landsliðinu. Miðað við prógrammið sem verið er að setja upp, þá er ég að tala út frá þjálffræðilegum sjónarmiðum, þá vinnur þessi áætlun gegn þeim markmiðum," sagði Aðalsteinn og hann bendir á fjölda meiðsla hjá leikmönnum deildarinnar sem hafi komið til út af æfingaálagi. „Þegar leikmenn eiga að vera að auka hlaupagetu og vöðvastyrk þá eru þessir leikmenn á fullri keyrslu með landsliðum. Ástæðan fyrir þessum meiðslum er sú að þær fá ekki að byggja sig upp á réttum og eðlilegum forsendum. Það er alltaf stanslaus leikjakeyrsla og þær eru þar af leiðandi í vöðvaniðurbrjótandi æfingum."

Júlíus segir að samskipti sín við þjálfara í DHL-deild kvenna séu eðlileg. Hann tali við þá fyrir og eftir verkefni en þó misjafnlega mikið. Hann segist vilja vinna með þjálfurunum og fá þeirra álit á leikmönnum til að mynda.

„Ég er að starfa eins og ég hef upplifað landsliðsþjálfara starfa á þeim tíma sem ég var leikmaður og þjálfari. Ég sat samt aldrei fund sem þjálfari með landsliðsþjálfara eins og ég gerði þegar ég tók við þessu starfi," sagði Júlíus en telur hann ekki að það sé of mikið fyrir stelpurnar að fara beint í sex vikna æfingabúðir með landsliðinu eftir að tímabili lýkur?

„Ef að það á að nást árangur þá þurfum við að æfa meira saman. Tímabilið hjá konunum lýkur fyrr en hjá körlunum og því skapast ákveðið svigrúm sem hægt er að nýta til æfinga. Við viljum lyfta landsliðinu á hærra plan og það hefst ekkert öðruvísi," sagði Júlíus en óttast hann ekki álagsmeiðsli hjá leikmönnum? „Í raun og veru ekki. Ég verð að passa mig á að fara ekki yfir línuna og mun gera það. Annars er löngu búið að kynna þetta fyrir öllum og líka leikmönnunum og það er ekkert launungarmál að það er mikil ánægja með þetta hjá þeim." henry@frettabladid.is

Deilur á milli þjálfara og landsliðsþjálfara:

## Saumaklúbbur þjálfara

**HANDBOLTI** Það gekk mikið á þegar Júlíus Jónasson, landsliðsþjálfari kvennalandsliðsins, hélt fund með þjálfurum liðanna í DHL-deild kvenna í október síðastliðnum.

„Júlíus og Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sögðu að við værum sauma- og kjaftaklúbbur sem væri ekki treystandi því við töluðum svo mikið saman," sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari kvennaliðs Stjörnunnar.

Að hans sögn gekk það sem eftir lifði fundar út á að rakka hann niður og það megi rekja til þess að Aðalsteinn hafi hringt í Júlíus eftir hans fyrsta landsliðsval og sagt sínar skoðanir á því.

Landsliðsþjálfarinn neitaði því ekki að hafa kallað þjálfarana sauma- og kjaftaklúbb en sagðist engu að síður hafa átt eðlileg samskipti við þjálfarana síðan.

„Þetta mál er annars afgreitt og ég er ekkert að velta mér lengur upp úr því," sagði Júlíus. - hbg

Stórsigur Íslands á Algarve Cup:

## Þrenna Hólmfríðar

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir skoraði þrennu í 5-1 sigri íslenska kvennalandsliðsins á Portúgal í þriðja leik liðsins á Algarve Cup í gær.

Fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir opnaði markareikninginn á 7. mínútu, Hólmfríður skoraði síðan þrjú mörk á 32 mínútna kafla í seinni hálfleik áður en Margrét Lára Viðarsdóttir kórónaði sigurinn.

Margrét Lára bætti jafnframt markamet kvennalandsliðiðsins með því að skora sitt 23. mark fyrir A-landsliðið.

Íslensku stelpurnar hafa bætt árangur sinn í hverjum leik á mótinu, töpuðu 1-2 fyrir Ítalíu í fyrsta leik, gerði 1-1 jafntefli við Íra í öðrum leiknum og unnu svo Portúgali í gær. - óój

Góð tíðindi fyrir Chelsea:

## Essien semur til ársins 2012

**FÓTBOLTI** Miðjumaðurinn Michael Essien er búinn að skrifa undir nýjan samning við Chelsea sem gildir til ársins 2012.



MICHAEL ESSIEN

Essien, sem kom til liðsins frá Lyon í ágúst 2005 fyrir 24 milljónir punda, segist vera ánægður með nýja samninginn enda sé hann ánægður hjá Chelsea. - hbg

Romario nálgast 1000 mörk:

## Þrenna á þrettán mínútum

**FÓTBOLTI Hinn 41 árs gamli Brasilíumaður Romario skoraði þrennu á 13 mínútum í 4-1 sigri Vasco da Gama á Madureira í Carioca-keppninni um helgina og hefur því skorað 995 mörk á ferlinum.**

**Romario ætlar sér að skora 1000 mörk áður en hann leggur skóna á hilluna.** - óój


RainMate frá Rainbow



Enginn filter - Frí heimsending

**VERÐ: 12.900**

**Sjálfstætt lofthreinsi og rakatæki**

*Hreinsar loftið í gegnum vatn og gefur frá sér raka. Margar teg. ilmefna. Einnig lyktareyðir sem fjarlægir t.d. tóbakslykt og matarlykt.*

**Hrein þjónusta ehf**

Dalbraut 3, 105 Rvk

567 7773 - Kvöld og helgar s. 897 2800




**RANGE ROVER SPORT** Á eigin vegum.

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200 • www.landrover.is

LAND-ROVER

GO BEYOND

## > KIEFER SUTHERLAND

Kiefer William Frederick Dempsey George Rufus Sutherland er fæddur á Englandi en er kanadískur og ólst upp í föðurlandi sínu. Foreldrar hans eru kvikmyndaleikarinn Donald Sutherland og sviðsleikkonan Shirley Douglas. Árið 1984 lék Kiefer í fyrstu kvikmyndinni og fékk verðlaun fyrir frammistöðu sína. Hann giftist leikkonunni Cameliu Kath árið 1988 og eignaðist með henni eina dóttur en skildi við hana tveimur árum síðar. Kiefer trúlofaðist Juliu Roberts árið 1990 og ætlaði að giftast henni sumarið 1991 en hætti við brúðkaupið þremur dögum áður. Í dag er Kiefer þekktastur fyrir að leika persónuna Jack Bauer í sjónvarpsþáttunum 24 sem sýndir verða á Stöð 2 kl. 23.05.



# dags

## VIÐ TÆKIÐ INDÍANA ÁSA HREINSDÓTTIR HLUSTAR EKKI Á LEIKI

# *Ekki fyrir viðkvæma*

Mér finnast leikir óskaplega leiðinlegt útvarpsefni. Hlustendur keppast um að hringja inn og giska á hljóð eða stafi og yfirleitt byrjar leikurinn á því að reynt er að lenda númer eitthvað ákveðið. Við hin sem hringjum ekki inn hlustum því á óskemmtileg samtöl milli þáttarstjórnandans og hlustenda. „Þú ert númer 1. Þú ert númer 2," og svo framvegis. Bylgjan og FM 957 eru meistarar í svona löguðu og þegar leikirnir byrja er ég oftast fljót að skipta yfir á eitthvað annað.



**HOSTEL** Auglýsingar úr myndinni Hostel voru ekki fyrir viðkvæma.

Hryllingsmyndaæðið virðist engan enda ætla að taka og myndirnar verða ógeðslegri og ógeðslegri til að stuða aðdáendurna sem dofnir eru fyrir viðbjóðnum. Auglýsingarnar sem auglýsa þessar myndir eru hreinlega of hryllilegar fyrir minn smekk og mættu birtast með viðvörun. Ef ég er ekki nógu snögg að skipta yfir þýðir það myrkfælni í þrjá daga. Þótt lítið sjáist þá er margt gefið í skyn svo ímyndunaraflið fer á fullt og útkoman verður kannski enn ógeðfelldari en sjálf kvikmyndin.

Ég horfði á kvikmyndina Pan's Labyrinth um daginn. Góð mynd fyrir utan nokkur ógeðsleg og óþörf atriði. Að mínu mati hefði hún orðið miklu betri ef um ekta fjölskyldu- og barnamynd væri að ræða eins og söguþráðurinn bauð upp á. Eitt atriðanna er því miður greypt í minnið líkt og gangstéttaratriðið fræga í American History X.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.00** Close to Home SKJÁREINN



▶ **20.50** Prison Break STÖÐ 2



▶ **20.00** The Last Shot STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Entertainment Tonight SIRKUS



▶ **20.55** Tilboð sem drepa RÚV

## SJÓNVARPIÐ

**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Magga og furðudýrið** (26:26)
**18.30 Kappflugið í himingeimnum**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Everwood** (4:22)
Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado. Aðalhlutverk leika Treat Williams, Gregory Smith og Vivien Cardone.
▶**20.55 Tilboð sem drepa**
(Når tilbud dræber) Danskur þáttur um verksmiðjur á Indlandi þar sem barnaþrælkun tíðkast og spilliefnum er veitt út í umhverfið. En framleiðsluvaran fæst á tilboðsverði í verslunum á Vesturlöndum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Draugasveitin** (7:8)
(The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð um sveit sem rannsakar spillingu innan lögreglunnar.
**23.15 Njósnadeildin** (6:10)
(Spooks) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn. Meðal leikenda eru Peter Firth, Rupert Penry-Jones, Anna Chancellor, Nicola Walker og Raza Jaffrey. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 The Last Shot**
**08.00 Hair**
**10.05 Hildegarde**
**12.00 50 First Dates**
**14.00 Hair**
**16.05 Hildegarde**
**18.00 50 First Dates** Rómantísk gamanmynd með Adam Sandler og Drew Barrymore.
▶**20.00 The Last Shot**
**22.00 Malibu's Most Wanted**
**Glæpamynd á laufléttum nótum.**
**00.00 Normal**
**02.00 Cause of Death**
**04.00 Malibu's Most Wanted**

## 2 (STÖÐ 2)

**07.20 Grallararnir**
**07.40 Tasmania**
**08.00 Oprah**
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Amazing Race**
**10.50 Whose Line Is it Anyway?**
**11.15 Sisters** (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Homefront**
**13.55 Las Vegas**
**14.35 What Not To Wear**
**15.35 Whose Line Is it Anyway?**
**15.55 Horance og Tína**
**16.18 Shin Chan**
**16.38 Nornafélagið**
**17.03 Taz-Mania 1**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons**
**20.05 The Apprentice**
▶**20.50 Prison Break**
**21.35 Shark**
Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs. Með aðalhlutverk fer hinn margverðlaunaði skapgerðarleikari James Woods sem þykir klæðskerasniðinn í hlutverk hins orðheppna og harðskeytta Starks.
**22.20 The Unit**
Nýr, bandarískur spennumyndaflokkur um störf leynilegrar úrvalssveitar innan bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu sendiferðirnar.
**23.05 Twenty Four**
**23.50 Nip/Tuck**
**00.40 Cold Case**
**01.25 Ticker**
**02.55 Murder Investigation Team (e)**
**03.45 Shark**
**04.30 Prison Break**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld (e)**
▶**20.00 Entertainment Tonight**
Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.30 Da Ali G Show**
Hinn eiturharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kazakhstan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn. Fá viðmælendur kappana óþæginlegar og vandræðalegar spurningar sem yfirleitt býður upp á álíka vandræðanleg svör.
**21.00 American Dad**
**21.30 Gene Simmons. Family Jewels**
**22.00 The Nine**
**22.50 Twenty Four - 2**
Jack reynir enn að sleppa frá sérsveitarmönnunum sem halda honum föngnum og Kate reynir að kaupa aftur upplýsingarnar sem þeir náðu af Jack. Palmer fer að gruna varaforsetann um græsku.
**23.40 Insider**
Í þessum þáttum fara stjórnendur með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood.
**00.05 Dirty Dancing**
**00.50 Janice Dickinson Modeling Age (e)**
**01.20 Seinfeld (e)**
**01.45 Entertainment Tonight (e)**
**02.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210** (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place** (e)
**14.55 Vörutorg**
**15.55 High School Reunion - NÝTT** (e)
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray**
Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna
**19.30 Snocross**
**20.00 Skólahreysti** (7:10)
Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Nú erum við komin í íþróttahöllina á Akureyri þar sem skólar af Norðurlandi eigast við í æsispennandi keppni.
**21.00 Innlit / útlit**
Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess.
▶**22.00 Close to Home** (16:22)
Lögfræðidrama af bestu gerð.
**22.50 Everybody Loves Raymond**
**23.15 Jay Leno**
**00.05 Heroes** (e)
**01.05 Jericho** (e)
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Beverly Hills 90210** (e)
**03.40 Melrose Place** (e)

## SKJÁR SPORT

**08.00 Ítölsku mörkin** (e)
**18.00 Ítölsku mörkin** (e)
**19.00 Wigan - Newcastle (frá 25. feb.)**
**21.00 Sir Bobby Robson Golf Classic** (e) Upptaka frá golfmóti sem fram fór í Portúgal sl. sumar. Mótið er kennt við Sir Bobby Robson, fyrrum þjálfara enska landsliðsins, og til leiks mættu margir kunnir kappar úr enska boltanum.
**23.00 Inter - AC MIlan (frá 11. mars)**
**01.00 Dagskrárlok**




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21:35**

### Shark



Bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs. Þættirnir fjalla um stjörnulögfræðinginn harðsvíraða Sebastian Stark sem söðlað hefur um og gerst opinber saksóknari eftir að hafa getið sér gott orð sem verjandi frægra fólksins. Í kvöld sækir Stark til saka gifta konu sem skaut fyrrverandi elskhuga sinn. Hún heldur því fram að um sjálfsvörn hafi verið að ræða en Stark er ekki sannfærður.

### ▶Við mælum með SKÓLAHREYSTI SkjárEinn kl. 20.00

Skólahreysti er grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Nú erum við komin í íþróttahöllina á Akureyri þar sem skólar af Norðurlandi eigast við í æsispennandi keppni.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Útvarpssagan: Snorrabraut 7
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Hafa skáldin áhrif?
**20.50** Í heyranda hljóði
**22.15** Lestur Passíusálma
**22.21** Lóðrétt eða lárétt
**23.10** Fimm fjórðu
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**17.15 Gillette World Sport 2007**

**17.40 Ensku bikarmörkin 2007**

**18.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**

**18.40 Líf David Beckhams**

**19.30 Man. Utd. Xl - UEFA Xl** (Man Utd - Evrópuúrval) Bein útsending frá vináttuleik á Old Trafford í Manchester þar sem heimamenn í United mæta liði með úrvali leikmanna úr Evrópu.

**21.45 PGA Tour 2007 - Highlights**

**22.40 World Supercross GP 2006-2007** Súperkross er æsispennandi keppni á mótorkrosshjólum sem fram fer á brautum með stórum stökkpöllum.

**23.35 Coca Cola mörkin** Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

**00.05 Man. Utd. Xl - UEFA Xl** (Man Utd - Evrópuúrval)

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

**23.00 Nýjar eignir** e.

**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

## DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** Peter Pedal **6.30** Bella, Boris og Berta **7.00** Postmand Per **7.15** Rubbadubbers **7.30** Rabatten **8.00** Italienske fristelser **8.30** Deadline 2. Sektion **9.00** Jersild & Spin **9.30** Attention småbørn **10.00** DR-Derude i Kina **10.30** Vagn hos kiwierne **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Ud i det blå **12.25** Aftenshowet **13.20** Arbejdsliv - find et job! **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan 1**5.35** Ninja Turtles: Tidsrejsen **16.00** SportsNørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** Hammerslag **19.30** Dig og mig **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Fodbold: Manchester United - Europa **22.45** Columbo **5.30** Karlsson på taget **6.00** Den lille prinsesse

## NRK 1

**8.30** Viten om **9.00** Siste nytt 9.05 **Puls 9.30** Faktor: Bare Marte **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Åstfold **14.00** Siste nytt **14.05** Lyoko **14.30** Duck Dodgers **15.00** Siste nytt **15.03** Dracula junior **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Jan i naturen **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Konrad katt **17.10** Vennene på Solflekken **17.25** Gubben og Katten **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: spesial **19.25** Kroppen **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Utsyn: Møte med Taliban **23.10** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.40** Marcus Miller fra jazzfestivalen i Juan les Pins

## SVT 1

**8.30** När gräsrötterna tar över **9.00** Skolfront **9.30** VeteranTV **10.00** Vetenskap - människan 2.0 **10.30** Livet & hälsan **11.00** Rapport **11.05** Människan v2.0 **13.15** Moln över Hellesta **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Extra **16.25** Born Wild **16.30** Krokomax **17.00** Myror i brallan **17.30** Allt och lite till **18.00** Lilla Aktuellt - kortnyheter **18.05** Grand Prix **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Höök **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Kobra **23.05** Melodifestivalen 2007 - Dagen efter **23.35** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það er Hamborgarabúllan uppi á Höfða, þar er Tommi sjálfur að steikja. Þetta er langsamlega besti skyndibitinn, og þar er frábært að vera með krakka.“*

Oddný Sturludóttir, rithöfundur og píanókennari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** **2** könnun **6** fen **8** síðan **9** strá **11** rykkorn **12** raust **14** hirsla **16** bardagi **17** andi **18** niður **20** óreiða **21** nabbi.

**LÓÐRÉTT** **1** kostar lítið **3** í röð **4** ógætinn **5** drulla **7** dröfnóttur **10** angra **13** suss **15** vingjarnleiki **16** flýti **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** próf, **6** dý, **8** svo, **9** ýra, **11** ar, **12** rómur, **14** taska, **16** at, **17** sál, **18** suð, **20** rú, **21** arða.

**LÓÐRÉTT: 1** ódýr, **3** rs, **4** óvarkár, **5** for, **7** ýróttur, **10** ama, **13** uss, **15** alúð, **16** asa, **19** ðð.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. 79. grein
2. Jacques Chirac
3. Ártúnsskóla


Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



"Frumbyggjar Kópavogs"

Við erum fædd um miðbik síðustu aldar, óðum drulluna fyrir daga malbiksins og héngum í sjoppunni á Hálsinum. Presley, Bítlarnir og Stones voru á toppnum og Ríó aðal skólabandið.

**Við ætlum að hittast í Félagsheimili Kópavogs föstudaginn 23.mars n.k.**

Húsið opnar kl. 21 --- Inngangur kr. 1.000,-

Allur ágóði rennur til UMHYGGJU styrktarfélags langveikra barna.


# Björk spilar á styrktartónleikum

Tónlistarkonan Björk Guðmundsdóttir mun koma fram á styrktartónleikum á Nasa hinn 1. apríl ásamt tíu stúlkna blásturshljómsveit. Munu þau frumflytja lög af nýjustu plötu Bjarkar, Volta, sem kemur út 7. maí.

Á tónleikunum spila einnig Mugison, Lay Low, Pétur Ben, KK, Wulfgang, Magga Stína og Esja. Tónleikarnir eru haldnir af Forma, sem eru samtök átröskunarsjúklinga á Íslandi. Að sögn Ölmu Geirdal hjá Forma var Björk afar áhugasöm um að koma fram á tónleikunum. „Þegar við loksins komumst í samband við hana var hún mjög til í þetta. Þetta var auðveldara en maður bjóst við,“ segir Alma. „Það er yndislegt að fólk vilji taka þátt og vekja athygli með okkur á viðkvæmu málefni.“

Tónleikarnir verða þeir fyrstu sem Björk heldur á þessu ári. Hún hefur þegar bókað sig á þó nokkrar tónleikahátíðir víðs vegar um heiminn, þar á meðal á Hróarskeldu, Glastonbury og Coachella.

Ekki er langt síðan Björk lagði lokahönd sína á Volta. Á meðal þeirra sem aðstoða hana á plötunni eru upptökustjórinn Timbaland, Antony úr hljómsveitinni Antony and the Johnsons, trommarinn Chris Corsano og Konono nr. 1. Auk þess semur Sjón einn texta á plötunni og er það fimmti textinn sem hann semur fyrir Björk.

Miðasala á styrktartónleikana á Nasa hefst í lok vikunnar á midi.is og í verslunum Skífunnar. - fb



**LAY LOW** Söngkonan Lay Low aðstoðar við að vekja athygli á viðkvæmu málefni.

**BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR** Björk spilar á styrktartónleikum á Nasa 1. apríl.

**HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR:** SAMBANDIÐ VIÐ JUDE ENN TIL UMFJÖLLUNAR

# Slúðurblað í Suður-Ameríku hefur áhuga á Höllu

Argentíska blaðið Gente, sem þýðir á hinu ylhýra Fólk, birtir frétt um félagana Gael Garcia Bernal og Jude Law. Báðir áttu þeir það sameiginlegt að hafa verið viðstaddir afhendingu frönsku kvikmyndaverðlaunanna Cesar þar sem Bernal fór tómhentur heim en Law var heiðraður fyrir framlag sitt til kvikmyndagerðar.

En blaðamaðurinn argentínski upplýsir lesendur sína jafnframt um annan leyndardóm úr lífi Law sem áður hefur komið fram í heimspressunni og skrifar: „Al parecer, tiene nueva novia, Halla Vilhjalmsdottir, conductora de la tevé islandesa,“ sem útleggst á íslensku: „Virðist sem hann eigi nýja kærustu, Höllu Vilhjálmsdóttur, þáttastjórnanda í íslensku sjónvarpi.“ Fréttablaðið hafði samband við Höllu vegna málsins en hún tjáði blaðamanni að ef umræðuefnið snerist ekki um vinnuna myndi hún ekki tjá sig og gaf lítið fyrir þær hugmyndir að fara til Suður-Ameríku og herja á hinn ört vaxandi sápuóperumarkað í kjölfar þessa. „Ég ræði ekki um mitt einkalíf,“ sagði Halla og þar við sat.



**GENTE** Er eitt útbreiddasta glanstímarit Suður-Ameríku og er blanda af hinum íslensku tímaritum Nýtt líf og Séð og heyrt.

Gente er ógnarstórt blað í Argentínu og er upplag þess margfalt á við það sem blöð á borð við Hello eru gefin út í. Það er blanda af íslensku tímaritunum Nýju lífi og Séð og heyrt enda á forsíðu umræðds blaðs er Susana Gimenez, ein vinsælasta sjónvarpstjarna landsins, en hún er að byrja með nýja þáttaröð í argentínska sjónvarpinu. Fréttablaðið greindi frá kvöldverði Höllu og Judes Law á Dómó um miðjan febrúar og fór fréttin víða, rataði meðal annars inn á síður breska götublaðsins The Sun. Law var staddur hér í stuttu fríi ásamt börnunum sínum þremur og barnapíu og skellti sér meðal annars í sund og á skauta eins og frægt er orðið. Af Law er það síðan að frétta að hann er um þessar mundir orðaður við bandarísku glamúrgelluna Lindsay Lohan og sannast þar hið fornkveðna, að Law er ekki við eina fjölina felldur.

freyrgigja@frettabladid.is



**HALLA** Fréttir af meintu samband hennar og Judes Law hafa flogið víða og rötuðu meðal annars á síðu argentínska slúðurblaðsins Gente.



**JUDE LAW** Er um þessar mundir orðaður við bandarísku glamúrgelluna Lindsay Lohan.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Einar Bárðarson**, hinn góðkunni dómari úr X-Factor, varð fyrir heldur óskemmtilegri lífsreynslu eftir að útsendingu frá Vetrargarðinum lauk á föstudaginn. Móðir Guðbjargar, sem er í yngri hóp **Ellýar**, hafði þá komið sér inn á lokað svæði þátttakenda og þegar hún sá Einar taldi hún sig eiga sitthvað vantalað við dómarann. Sakaði hún umboðsmann Íslands um að vera ósanngjarn í dómum sínum um dóttur sína og vildi að hann gætti sanngirni í máli sínu. **Einari** var nokkuð brugðið við þessi ummæli og svaraði fyrir sig á kurteisan hátt, benti móðurinni á að hann hefði margoft komið með mjög gagnlegar athugasemdir um það sem betur mætti fara hjá söngkonunni ungu.





Og meira af **X-Factor**. Samkvæmt mjög áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins stóð upphaflega til að önnur kona væri í sæti Ellýar. Framleiðendur þáttarins voru búnir að ganga frá samningi við **Selmu Björnsdóttur**, skömmu áður en herlegheitin hófust. Í ljós kom hins vegar að Selma var ólétt og eignaðist hún barn í lok janúar þegar allt var að fara á fullt í þættinum. Því var brugðið á það ráð að fá Ellý til liðs við hópinn.

Mjög hljótt hefur verið um doktor **Guðbjörgu Hildi Kolbeins** eftir að mikil reiðialda reis í þjóðfélaginu vegna orða hennar um meint fermingarklám á forsíðu nýlegs Smáralindarbæklings. **Eva Dögg Sigurgeirsdóttir** markaðsstjóri er þó milli vonar og ótta því hið unga módel, sem sat fyrir á forsíðu bæklingsins, er einnig í aðalhlutverki á forsíðu Gjafahandbókar Smáralindar sem dreift er í dag. Þar er reyndar um aðra mynd að ræða, tyggjókúlumynd, en Eva Dögg vonar að enginn verði til að sjá eitthvað óeðli í henni. -fgg/jbg



# Eiríkur flytur til Finnlands

Ljóðskáldið og Nýhil-liðinn Eiríkur Örn Norðdahl er á leið í víking til Finnlands. Eiríkur, sem hefur verið afar áberandi í bókmenntaheiminum á síðustu misserum, flyst búferlum til Helsinki að páskafríi loknu, en þar býr sænsk unnusta hans. „Ég man nú ekki nákvæmlega hvenær ég ákvað að flytja til Helsinki, en ég lofaði mér því síðasta sumar að ég skyldi fara eitthvert og vera í að minnsta kosti ár. Ég er búinn að vera í þrjú ár á Ísafirði núna og það var kominn tími til að hreyfa sig,“ sagði Eiríkur, sem er þar fyrir utan trúlofaður maður. Unnustuna, sem heitir Nadja, hefur Eiríkur þekkt frá fimmtán ára aldri. „Við höfum verið formlega saman síðan um jólin og ætlum að gifta okkur í ágúst,“ sagði hann.

Eiríkur býst þó ekki við að hann yfirgefi fósturjörðina fyrir fullt og allt. „Ég geri ráð fyrir því að ég eigi eftir að búa aftur á Ísafirði, og fara aftur burtu,“ sagði Eiríkur, sem mun ekki sitja aðgerðarlaus í Finnlandi. „Ég er að fara að þýða og skrifa, og verð væntanlega með smá útvarpsþátt um ljóðlist í haust,“ sagði hann. Hann er þá ekki horfinn af sjónarsviðinu? „Nei, nei. Í Finnlandi er ég heldur ekkert mikið lengra frá Íslandi en á Ísafirði.“ - sun



**ALFARINN Í BILI** Eiríkur Örn flytur til Helsinki eftir páska, og gengur í það heilaga í ágúst.


Nú hefur myndast nýr meðbyr í persónulegri fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki
BYR
SPARISJÓÐUR
BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is
DYNAMO REYKJAVIK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**
ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Öfgar sem eyðileggja alla umræðu*

Vegna þess að tungumálið okkar er svo lifandi breytist merking sumra orða jafnvel á skömmum tíma. Margir þora að viðurkenna að orð sem lýsa kvenkyni eru frekar notuð sem skammaryrði – eins og píka og kelling – á meðan enginn myndi lýsa karlkyns hálfvita honum til háðungar sem tippi og kalli. Röskir karlar eru fylgnir sér og ákveðnir á meðan röskar konur eru frekjur og vargar. Samt hafa stöku orð bæði sterka neikvæða og jákvæða merkingu, eftir því hver er spurður. „Femínisti“ er eitt þessara dæma.

**MÍN** mynd af femínista er að minnsta kosti ekki lúpuleg rola hlekkjuð á bak við eldavélina haldur manneskja sem vill sjá jafnrétti kynjanna á öllum sviðum og lætur ekki sussa á sig. Finnst grátlegt hversu lítil völd konur hafa í landinu. Til dæmis hefur kona aldrei verið hér bankastjóri eða forsætisráðherra. Sumir alhæfingarsinnar, með og á móti, virðast þó leggja sig fram við að sneiða allar hugsjónir af femínistaheitinu og sjá bara heittrúaðan boðbera ströngustu kredda sem krefst lagasetningar á allt tvírætt. Öfgastefnur í báðar áttir kristölluðust einmitt í klámumræðunni á dögunum.

**ÞJÓÐSAGAN** um hamingjusömu klámmyndaleikkonuna var auðvitað vakin til lífsins úpsadeisí! Upp til hópa reyndust þær vera gullfallegar, sjálfstæðar, lífsglaðar og með afburðagreind og völdu með ánægju þennan starfsferil umfram alla aðra. Hafa aldrei verið þvingaðar til neins en nota ágóðann til að styrkja fátæk börn í þróunarlöndunum.

**HINS** vegar þótti öðrum afar mikilvægt að allt klám yrði skilgreint sem ofbeldi án þess þó að skilgreina klám. Hið loðna og teygjanlega hugtak gæti því lagst á hvaðeina sem hreyfðist. Netlögreglan gæti þá fjarlægt ósómann og hneppt hina ósæmilegu í varðhald. Fermingarstúlka á auglýsingabæklingi einum þótti sýna af sér argasta klám með því að beygja sig áfram með opinn munninn. Í því framhaldi verð ég að viðurkenna að samsvarandi viðbjóður fer iðulega fram á heimili mínu. Sjálf tíni ég reyndar oft á dag upp barnadótið í þekktum klámmyndastellingum og um þessar mundir einmitt gjarnan með opinn munninn. Bara svona til að ná andanum, það gerir kvefið sjáið til.





Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

